
Efnisyfirlit

Um nemendabókina og kennsluleiðbeiningarnar	2
Yfirlit	7
Málverk segir sögu	14
Var Ísland eitthvað einkennilegt?	27
Friður í landinu	42
Úti í löndum eldur og stríð	51
Ríki og veldi sem gáfu tóninn	59
Kaupmaður kannar heiminn	83
Grannkonur skiljast að	88
Borgirnar brenna	99
Grannþjóðir í blíðu og stríðu	109
Eyjan og umheimurinn	117

Um nemendabókina og kennsluleiðbeiningarnar

Meginhugmyndir

Nám og kennsla í sögu getur gegnt þrem meginhlutverkum:

- Félagsmótunar; nemendur læra efnisatriði og tileinka sér viðhorf sem eru gjaldgeng, samþykkt og hefðbundin í samfélagi þeirra.
- Gagnrýni: nemendur læra aðferðir, glíma við álitaefni og spyrja spurninga um hinn félagsmótandi arf.
- Lífsfyllingar: nemendur lesa lærdómsríkar frásagnir og skoða áhrifa ríkar myndir sem gefa þeim tækifæri til samhygðar og samanburðar.

Þessari kennslubók er ætlað að gegna þessum þrem hlutverkum og þau birtast m.a. þannig:

- Efnisatriðin eru mörg hver gamalkunnug, svo sem siðaskipti, einokunarverslun, einveldi og upplýsing. Umfjöllunin ætti að stuðla að hóflegu þjóðarstolti.
- Merkja má nokkuð breytt viðhorf miðað við fyrri kennslubækur, svo sem varðandi hlut Dana í Íslandssögunni. Á nokkrum stöðum er rætt um heimildir, fjallað er um efnisvalið sjálft og álitamálum og tilgátum er varpað fram.
- Víða er staldrað við einstakar persónur, atburði og fyrirbæri svo að tækifæri gefist til nánari kynna og innlifunar.

Ein grjóthrúga í hafinu ber merki um vissar stefnur og strauma í sagnfræði og kennslufræði. Í henni má vafalaust greina áhrif hugsmíðahyggu (konstruktív-isma), einsögu (míkrósögu) og nýrrar menningarsögu, m.a. í því að höfðað er til vitneskju og reynslu nemendanna sjálfra og að einstök atvik og persónur eru látin lýsa upp stærra svið.

Það sem réð ferðinni um efnisval bókarinnar er meðal annars þetta:

- Hefðin réð miklu eins og þegar er getið. Þetta sést af samanburði við fyrri kennslubækur en þó er hér talsvert af óvenjulegu efni.
- Reynt var að hafa efnið fjölbreytt, þ.e. að einskorða það ekki við stjórn-mál heldur að fjalla um marga aðra þætti eins og mælst er til í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999. Þess vegna er hér lesið úr altaristöflu, fjallað um bólusótt, skoðað líkingamálverk um blessun friðarins, sagt frá eldsvoðum í borgum o.s.frv. auk þess sem greint er frá einveldi, einokunarverslun o.fl.
- Fjallað er um persónur sem sýna tengingar milli landa, þó að þar séu ekki víðkunnar persónur að öðru leyti, svo sem Hans Nansen og Önnu Jasparsdóttur.

- Þegar staldrað er við og tekin „þversnið“ í sögunni eru eðlilega valdir þættir sem miklar og fjölbreyttar heimildir eru til um, t.d. minningartaflan í Kirkjubæ eða herskipið Vasa, og/eða gefa tilefni til samhygðar (kaflinn Grannkonur skiljast að).
- Efnisatriði eru valin af því að þau eru álitin skipta miklu máli í fortíð og/eða nútíð, svo sem trú, verslun, stríð og friður, sjúkdómar o.fl. Gera má athugasemdir við að landbúnaður og sveitastörf fái fulllitið rými en það má hugga sig við að þeim eru gerð talsverð skil í námsefninu *Ísland áður fyrr og í fullorðinna tölu*.
- Það sjónarmið var haft í huga að efnið vekti áhuga ungra nemenda. Þess vegna er sagt frá stórbrunum, hroðalegum sjúkdómum, árásum og hernaði, skipi sem kollsiglir sig og sýndar eru myndir af glæstum höllum, kórónu og brúðkaupi. Þetta eru ekki hversdagsfyrirbrigði en hversdagurinn birtist oft sem andstæða hins sjaldgæfa.

Ein grjóthrúga í hafinu er bæði Íslands- og mannkynssaga í hefðbundnum skilningi. Ísland er þó oftast í brennidepli og sjónarhornið íslenskt eins og nafnið bendir til. Helstu undantekningar eru í kaflanum „Ríki og veldi sem gáfu tóninn“. Bókin er samin með hliðsjón af samfélagsgreinahluta Aðalnámskrár grunnskóla frá 1999 enda átti bókarrhöfundur drjúgan þátt í gerð hans svo að hæg eru heimatökin.

Skipulag

Í nemendabókinni er sagan ekki rakin í öllum efnisatriðum í tímaröð, öld eftir öld, eins og algengast er í kennslubókum í sögu heldur er bókin efnis- og þemaskipt. Innan hvers þema er tímaröð að jafnaði látin ráða. Þessi aðferð er þó þekkt í íslenskum kennslubókum, var til dæmis beitt í bók Lýðs Björnssonar, *Frá siðaskiptum til sjálfstæðisbaráttu*, og hún er að sjálfsögðu algeng í ýmiss konar umfjöllun um söguleg efni. Reynt er að hafa kaflana sem sjálfstæðasta þannig að hægt sé að nota þá óháða hver öðrum og í þeirri röð sem hentar hverju sinni. Samtímis ættu þeir að styðja hver annan enda skarast efnisatriðin og stundum eru hafðar vísitandi endurtekningar til að auðvelda tengingar og upprifjun.

Kaflarnir gegna mismunandi hlutverki. Í sumum þeirra eru mannanöfn og atburðir sem venja er að ætlast til að nemendur þekki, aðrir kaflar eiga fyrst og fremst að veita innsýn í aðstæður og gefa möguleika á tilfinningalegri þátttöku. Þar geta mannanöfn verið þess eðlis að þau eru nauðsynleg í frásögninni en ekki brýn þörf á að nemendur kunni nöfnin. Í kennsluleiðbeiningum við kaflann „Miðbæjarbruninn í Reykjavík“ er þetta atriði m.a.s. gert að verkefni fyrir nemendur.

Kennsluleiðbeiningarnar

Ekki er mælt til þess að kennarinn fylgi ákveðnum kennsluaðferðum þegar kennslubókin er notuð heldur eru gefnar vísbendingar og hugmyndir í þessum leiðbeiningum, bæði í inngangi, og spurningum og verkefnum. Undantekning frá þessu er kaflinn „Málverk segir sögu“, sem gengur út frá ákveðinni byrjun, og einkum þó „Ríki og veldi sem gáfu tóninn“ þar sem búið er í haginn fyrir könnunaraðferð (próséktvinnu).

Kennsluleiðbeiningarnar fylgja kaflaskiptingu nemendabókarinnar og þar sem undirkaflar fjalla um mjög ólíkt efni er leiðbeiningunum skipt samkvæmt þeim. Formið á kennsluleiðbeiningunum er að jafnaði þannig:

- Inngangur um meginhugmyndir og merkingu kaflans og kennsluaðferðir reifaðar. Stundum eru markmið sundurliðuð, annars staðar er ætlast til að kennarinn setji sér þau eftir eigin áherslum.
- Ítarefni. Hér eru misjafnlega langir listar yfir rit og myndefni fyrir kennara sem vilja kynna sér málin nánar eða fyrir verkefnavinnu nemenda.
- Spurningar og verkefni sem gegna mismunandi hlutverkum. Sumt eru einfaldar upprifjunarspurningar, sumt til umræðu og íhugunar, annað eru stærri verkefni og enn annað er kennaranum til leiðbeiningar um kennsluaðferðir. Þetta er safn, jafnvel má kalla hlaðborð, og það er kennarans að velja úr, breyta og bæta við.
- Lausnir spurninga og verkefna. Stundum eru gefin bein svör en oftast er þó veitt leiðbeining og gefnar vísbendingar til að taka ekki ráðin af kennurum og nemendum.

Ein grjóthrúga í hafinu

Yfirlit yfir kennsluleiðbeiningarnar

Kaflar	Megininntak
Um nemendabókina og kennsluleiðbeiningarnar	Hér eru meginhugmyndir verksins kynntar fyrir kennurum.
Yfirlit	Þetta á við um efnisyfirlit, atriðisorðaskrá o.fl. en einnig tengingar kaflanna í bókinni. Nokkrar spurningar og verkefni fylgja til aðstoðar við þetta.
Málverk segir sögu	Nemendabókin gerir þegar ráð fyrir ákveðnu vinnulagi í byrjun kaflans með því að spurt er spurninga um málverkið. Í spurningum og verkefnum er boðið upp á að farið sé yfir sömu spurningar að loknum lestri kaflans en þar eru einnig gefin tækifæri til að fást við fleiri viðfangsefni. Langur ítarefnislisti fylgir.
Var Ísland eitthvað einkennilegt?	Fjögur ólík málefni eru tekin fyrir í undirköflum og inngangur og ítarefni eru tekin saman fyrir hvern undirkafla. Spurningar og verkefni eru samin fyrir hvern þátt en einnig eru nokkrar spurningar samdar til að tengja þættina saman.
Friður í landinu	Spurningar, verkefni og ítarefnislistar gefa möguleika á að fara hratt yfir sögu eða að staldra við og skoða einstaka þætti.
Úti í löndum eldur og stríð	Málefni sem (því miður) er alltaf jafnbrýnt. Hér eru spurningar sem eiga að hjálpa til við skipulega umræðu um þessi mál.
Ríki og veldi sem gáfu tóninn	Hér er beinlínis mælt með könnunaraðferð (próséktvinnu) og hjálpað til með markmiðum, lýsingu á kennsluáðferðinni og löngum ítarefnisskrám við hvern undirkafla.
Kaupmaður kannar heiminn	Galdurinn er að tengja saman frásögn af einstaklingi og almenna sögu þannig að báðar fái að njóta sín. Spurningar og verkefni eiga að þjóna þessu en ekki er bent á neitt ítarefni.
Grannkonur skiljast að	Efnið er látið snúast um tvennt: a) siðferðilegt öngstræti sem tveir einstaklingar á 17. öld lentu í og b) heimildir fyrir frásögninni. Leiðbeiningarnar eiga að hjálpa til við að leysa þetta.
Borgirnar brenna	Frásögn af voveiflegum atburðum tengir saman þrjár borgir, spurt er hvernig sagt er frá slíkum atburðum og tengt er við nútímann því eldurinn heillar og hrellir.
Grannþjóðir í blíðu og stríðu	Byrjað er í nútímanum og vakið máls á samskiptum í heiminum. Spurt er um einstakar þjóðir og boðið til umræðu um vandamál og lausnir þeirra.
Eyjan og umheimurinn	Kennaranum er hjálpað til að efla umræðu um samskipti af ólíku tagi áður en tekið er til við þá þrjá þætti sem fjallað er um í nemendabókinni. Ítarefni og spurningar fylgja hverjum þætti.

Þakkir

Höfundur kann þakkir þeim sem lögðu honum lið við samningu kennsluleiðbeininganna með yfirlistri, hugmyndum og góðum ráðum. Þar er helst að nefna Jóhönnu Karlsdóttur lektor í Kennaraháskóla Íslands, sem las nær allt handritið, og nemendur höfundar í námskeiðunum „Ritun og rannsókn“ í sagnfræði og „Námsefnisgerð og námsefnisgreining“ í sama skólaveturinn 2003–2004.

Yfirlit

Með yfirliti er annars vegar átt við sérstaka kafla, skrár og fleira sem beinlínis eiga við alla bókina. Hins vegar er átt við efnislegar tengingar milli kaflanna í bókinni.

Nokkrum síðum í nemendabókinni er beinlínis ætlað að tengja og gefa yfirlit yfir hana. Hér er átt við bókarkápu, baksíðu bókarkápu, titilsíðu og baksíðu hennar, efnisyfirlit, efnislýsingu, kaflann „Um hvað fjallar þessi bók?“, atriðisorðaskrá, myndaskrá og tímaás. Góður siður er að kynna kennslubók fyrir nemendum, kynna þá m.a. þessa þætti og nýta þá. Einnig er gott að grípa til og vísa til þessara atriða við önnur tækifæri meðan á lestri og vinnu með bókina stendur og að lestri loknum. Hér er lítillega fjallað um einstaka þætti hins „gleymda“ inntaks kennslubókar sem ættu að nýtast nemendum við lestur annarra bóka líka.

Útlit og hönnun

Ræða má brotið á bókinni, hversu hentugt það er, hvers þurfi að gæta við góða meðferð á henni, hvort letrið sé læsilegt, hve mikið sé af myndum í henni og hvort þær eru útskýrðar.

Kápan (framan og aftan).

Fjalla má um óvenjulegt heiti bókarinnar (það er útskýrt á bls. 5 og um það er einnig sérstök spurning), kápumyndina (sjá einnig bls. 83), hvað hún gefi í skyn og hvernig hún tengist heiti bókarinnar. Rétt er að láta nemendur lesa lýsingu bókarinnar aftan á bókarkápu og kanna hvort þeir eru einhverju nær.

Bak bókarkápu og titilsíða

Á kápubakinu eru að hluta til upplýsingar sem algengara er að setja aftan við titilsíðu en hér er hver reitur nýttur. Þarna er gefið upp hver er höfundur, ritstjóri og yfirlesarar. Gott er að gera grein fyrir því að kennslubækur skrifa sig ekki sjálfar heldur eru höfundarverk og bera því smekk, kunnáttu og vali hans vitni þó að hann sé ekki áberandi (mynd af höfundi er á bls. 29). Höfundurinn er þó bundinn af ýmsum fyrirmælum og venjum. Námsgagnastofnun ber ábyrgð á útgáfunni og hefur ritstjóra til að vanda verkið sem best. Athuga útgáfuár; í litlu landi höfum við yfirleitt ekki efni á að hafa nema eina kennslubók í umferð í einu og þær eru oft notaðar í mörg ár.

Efnisyfirlit

Þar kemur fram að bókinni er skipt í aðalkafla og undirkafla. Þar sést líka að kaflarnir eru mislangir. Gott er að grípa til efnisyfirlitsins við ýmis tækifæri.

Efnislýsing

Petta er frekar óvenjulegt í kennslubók en kennarar geta notað lýsinguna markvisst til að leyfa nemendum að átta sig á því sem í vændum er.

Um hvað fjallar þessi bók?

Efni í þessum dúr er oft haft í formála en hér er það sérstakur kafli sem ætlaður er nemendum til lestrar. Það er kennarans að ákveða hvort og hvenær hentar að nota hann.

Atriðisorðaskrá

Misjafnt er hvort skrá af þessu tagi er með í kennslubók eða hvert umfang hennar er. Venja er að telja flest eða öll sérnöfn en önnur efnisatriði eru misjafnlega ítarleg og eru valin með ýmsum hætti. Rétt er að gera nemendum grein fyrir því að slík skrá er aldrei tæmandi en getur verið mjög gagnleg.

Myndaskrá

Við hverja mynd í bókinni eru sögð deili á henni og hér er sagt hvaðan myndirnar voru fengnar en það er skylda að geta þess. Myndir eru yfirleitt ekki ókeypis og söfn taka gjald fyrir myndir þó að höfundarnir séu löngu dánir.

Tímaás

Hann er tvískiptur, neðan til eru einstakir atburðir en fyrir ofan sjálfan ásinn eru langvarandi aðstæður, persónur o.fl. Þarna er ekki endilega það merkilegasta í sögunni, sem allir þurfa að vita og muna, heldur eru þetta atriði sem fjallað er um í bókinni og eiga að hjálpa lesendum hennar.

Til er góð almenn leiðbeining um notkun kennslubóka, *Making Textbooks Work For You* eftir Carol K. Ingall, og hún er aðgengileg á Neti:

<http://learn.jtsa.edu/topics/reading/bookexc/maktext/cover.html> og einnig á <http://behrmanhouse.com/cat/free/maktext/> Bæklingur þessi er að vísu saminn sérstaklega fyrir trúarfræðslu gyðinga í Bandaríkjunum en hefur að mestu almenna skírskotun.

Spurningar og verkefni

1. *Ein grjóthrúga í hafinu ...* Af hverju þetta skrýtna nafn á kennslubókinni, hvernig skiljið þið það?
2. Í bókinni eru teiknaðar myndir af leðurblökum hér og þar, hvernig á að skilja það?
3. Finnið þrjú mannanöfn í bókinni sem ykkur finnst rétt að allir þekki og önnur þrjú sem ekki er nauðsynlegt að kunna. Rökstyðjið málið.
4. Hvaða kaflaheiti sýna best um hvað kaflarnir fjalla?
5. Hvaða kaflaheiti eru þannig að erfitt er að ímynda sér um hvað þeir séu?
6. Látbragðsleikur. Leikið kaflaheiti og látið hina geta sér til um hvaða heiti er átt við.
7. Hvaða einstakar persónur er mest fjallað um í bókinni?
8. Hvaða borg kemur oftast til tals í bókinni?
9. Hvers konar myndir eru í bókinni?
10. Hvaða mynd er augljóslega nýjust í bókinni?
11. Bókin á aðallega að vera um tímabilið frá siðaskiptum til 1800. Finnið dæmi þar sem farið er aftur og fram fyrir þennan tíma.
12. Semjið sögulega skáldsögu um efni bókarinnar, í einum kafla eða fleiri.
13. Viðhorf til kennslubókarinnar. Þegar nemendabókin var í handriti svöruðu nemendur í einum skólabekk spurningum hvert um sinn kafla í bókinni. Könnunin er hér á bls. 10 og 11.

Nafn:

Kaflinn sem ég las heitir

1. Hvernig fannst þér að lesa kaflann?

- létt
- mátulegt
- erfitt

2. Vissirðu áður eitthvað af því sem sagt var frá?

- margt
- fátt
- ekkert

3. Strikaðu undir 3 orð sem þér finnst eiga við kaflann sem þú last.

skrýttinn	langdreginn	fróðlegur	áhugaverður
skemmtilegur	spennandi	merkilegur	ruglingslegur
erfiður	venjulegur	óvenjulegur	einfaldur

4. Voru orð í kaflanum sem þú skildir ekki?

- Nei
- Já. Hvaða orð?

5. Hvað fannst þér skemmtilegast í kaflanum sem þú last?

Lausnir

1. *Ein grjóthrúga í hafinu ... Af hverju þetta skrýtna nafn á kennslubókinni, hvernig skiljið þið það?*

Hér er um að gera að hlusta á skýringar og skilning nemendanna en þessi atriði, og vafalaust fleiri, koma til greina:

- Pað er útskýrt á bls. 5 að nafnið sé tilbrigði við skilgreiningu Jóns Ólafssonar á því hvað Ísland er og sú skýring er frá 18. öld.
- Orðalagið er svolítið gamaldags af því að bókin fjallar um gamla tíma (svolítið dönskuskotinn greinir: Ein grjóthrúga ...).
- Nafnið leggur áherslu á að Ísland er eyja úti í hafi og það er eitt það mikilvægasta við landið sem hefur mótað lífið hér, segir á bls. 83.
- Pað er svolítið spaug í nafninu sem sýnir að við getum gert grín að landinu þó að okkur þyki vænt um það.

2. *Í bókinni eru teiknaðar myndir af leðurblökum hér og þar, hvernig á að skilja það?*

Þetta er útskýrt á bls. 5. Þær eru aðallega til skrauts og skemmtunar en þær eru frá því „í gamla daga“, eftir bónda í sveit um miðja 19. öld og segja kannski að menn gátu verið að þæla í fjarlægum hlutum þó að þeir byggju í sveit á Íslandi.

3. *Finnið þrjú mannanöfn í bókinni sem ykkur finnst rétt að allir þekki og önnur þrjú sem ekki er nauðsynlegt að kunna. Rökstyðjið málið.*

Einfaldast er að leita nafnanna í atriðisorðaskránni. Svipað verkefni er við kaflann Miðbæjarbruninn í Reykjavík. Ætlunin er að vekja umræðu um álitamál og stuðla að gagnrýnum lestri bókarinnar.

4. *Hvaða kaflaheiti eru mest lýsandi um efni hans?*

5. *Hvaða kaflaheiti eru þannig að erfitt er að ímynda sér um hvað þeir séu?*

Þetta er í höndum nemendanna en þeir þurfa að útskýra málið.

6. *Látbragðsleikur. Leikið kaflaheiti og látið hina geta sér til um hvaða heiti er átt við.*

Hér reynir á ímyndunaraflíð en í leiðinni fara nemendur að velta fyrir sér um hvað bókin fjallar.

7. *Hvaða einstakar persónur er mest fjallað um í bókinni?*

8. Hvaða borg kemur oftast til tals í bókinni?

Spurningar 7 og 8 eru einkum æfingar í notkun atriðisorðaskrárinnar. Hægt er að krefjast meiri nákvæmni með því að meta hve mikið er fjallað um hvert atriði (línufjöldi, myndir).

9. Hvers konar myndir eru í bókinni?

Hvað er átt við með spurningunni? Nemendur geta fyrst ákveðið hvað átt er við, ákveðið hvernig eigi að flokka, t.d. hve mörg málverk, hve margar ljósmyndir eða myndir af byggingum, hve margar myndir frá Danmörku, Íslandi eða öðrum löndum, hve margar litmyndir o.s.frv.

10. Hvaða mynd er augljóslega nýjust í bókinni?

Konunglegt brúðkaup í Danmörku í maí 2004, bls. 71.

11. Bókin á aðallega að vera um tímabilið frá siðaskiptum til 1800.

Finnið dæmi þar sem farið er aftur og fram fyrir þennan tíma. Þetta er víða gert en rétt er að biðja nemendur að finna nokkuð langa umfjöllun af þessu tagi.

12. Semjið sögulega skáldsögu um efni bókarinnar.

Ef kennaranum sýnist svo getur hann lesið sýnishorn af léttri sögulegri skáldsögu fyrir nemendur til að koma þeim á bragðið. Kennarinn getur einnig tilgreint verkefnið nánar, t.d.:

- Efnið má vera úr einum kafla eða fleiri.
- Leyfilegt er að skálda en ekkert má vera þannig að það standist sannanlega ekki.
- Nemandinn ræður hvort hann hefur frásögnina í fyrstu persónu eða með öðrum hætti, hvort hann býr til aðalsöguhetju og hvort söguhetjurnar eru þekktar eða tilbúnar.
- Leyfilegt er að skrifa sendibréf.

13. Viðhorf til kennslubókarinnar. Þegar nemendabókin var í handriti svöruðu nemendur í einum skólabekk spurningum um hvert sinn kafla í bókinni. Hér er könnunin.

Kennaranum getur hentað að nota þessar spurningar eða hluta þeirra, t.d. jafnóðum og nemendur lesa einstaka kafla.

Málverk segir sögu

Nemandinn opnar nýja bók sem á að opna glugga inn í liðnar aldir. Fyrsti kaflinn á að vera þessi gluggi en hann á jafnframt að vera ráðgáta sem skýrist stig af stigi uns nemandinn er staddur mitt á meðal fólks á sautjándu öld, kominn inn í fjölmenna fjölskyldu og deilir gleðiefnum hennar og áhyggjum. Þessi vegferð á sér stað í nokkrum áföngum:

1. Nemendur skoða málverk sem þeim eru ekki sögð nánari deili á.
2. Nemendum er fyrst leiðbeint við ráðningu málverksins með spurningum sem reyna á athyglisgáfu, ályktunarhæfni og fyrri kunnáttu. Margt verður samt ágiskun sem svör fást við síðar. Vonandi eykst forvitnin við þetta.
3. Nemendur lesa kaflann sem skýrir margt sem varðar myndina og gefur einnig upplýsingar sem ná út fyrir hana.

Markmið kaflans er að nemendur

1. Kynnist nokkrum frumheimildum (mynd og texta) og lesi úr þeim með leiðsögn.
2. Öðlist færni í að greina (gamalt) myndefni, m.a. táknmál þess og vísanir.
3. Geri sér grein fyrir að mannanna verk, ekki síst listmunir, geta opnað hugarheim fyrri tíma.
4. Fá innsýn í hugmyndaheim 17. aldar með völdum dæmum.
5. Greini drætti í mannlegum samskiptum og tilfinningum á liðnum tímamarki, t.d. um dauðann, ræði efnið með hliðsjón af aðstæðum og beri saman við eigin reynslu.
6. Þekki augljóst dæmi um tengsl Íslands og Danmerkur á sviði persónutengsla, menntunar, lista og trúar.
7. Þekki nokkrar áberandi persónur á Íslandi, í Danmörku og Frakklandi á 17. öld.

Ítarefni

Ítarefni sem hentar þessum kafla fer eftir því hvaða þætti er ætlunin að leggja áherslu á. Hér er kosið að velja eftirfarandi:

1. Minningartöflur.
2. Stefán Ólafsson og ættmenn hans.
3. Munir á söfnum.
4. Önnur mál.

1. Minningartöflur

Minningartöflur (epitaf) létu sumir efnaðir menn gera um ættmenn sína eða sjálfa sig, þeim til minningar og guði til dýrðar. Þær voru yfirleitt hafðar í kirkjum þó að margar þeirra séu nú komnar á söfn eins og sú sem hér um ræðir og er varðveitt á Þjóðminjasafninu.

Nokkrar minningartöflur eru til á Íslandi og getur verið gaman að bera þær saman við töfluna sem hér er fjallað um. Á vef Þjóðminjasafnsins er stefnt að því að þetta efni verði aðgengilegt: <http://www.natmus.is> Í vinsælli bók Kristjáns Eldjárns er greint frá minningartöflu:

Kristján Eldjárn. 1994. *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Mál og menning, Reykjavík. Þetta er 5. útgáfa bókarinnar sem kom fyrst út 1962.

Minningartöflur tíðkuðust á Norðurlöndum og á Netinu getur verið gaman að skoða hliðstæðar myndir. Hægt er að fara á leitarvél og slá inn orðunum epitaf, epitafium, epitafier, mindetavle, gravmæle. Þegar þetta var gert í október 2003 komu upp nokkrir vefir í dönskum og norskum kirkjum. Myndirnar eru heldur óskýrar þó þær séu áhugaverðar:

- http://www.sct.nicolai-kolding.dk/inventar/epitafier_og_andre_gravminder.htm
 - <http://www.ronneby.se/bergslagen/kyrkani.asp>
 - <http://www.nose.dk/Norge/images/melhus-epi.jpg> og <http://home.online.no/~leskjerv/epitafi.htm>
 - <http://www.folkekirken.dk/stifter/aalborg/Bronderslev/Borglum/k022.html>
- Fyrir þá sem vilja nota tækifærið og skoða fatnað eins og sýndur er á myndinni eru til tvö rit sem að gagni mega koma:

Fríður Ólafsdóttir. 1999. *Íslensk karlmannaföt 1740–1850*. Óðinn, Reykjavík.

Æsa Sigurjónsdóttir. 1985. *Klæðaburður íslenskra karla á 16., 17. og 18. öld*. (Ritsafn Sagnfræðistofnunar, 13.) Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

2. Stefán Ólafsson og ættmenn hans

Á minningartöflunni sjást meðal annars feðgarnir Ólafur Einarsson og Stefán Ólafsson. Þeir eru oft nefndir „austfirsku skáldin“ ásamt afa Stefáns, Einari Sigurðssyni í Eydölum, og Bjarna Gissurarsyni í Þingmúla sem var dóttursonur Einars. Kvæði þessara skálda er víða að finna í kvæðasöfnum og þeirra er getið í bókmenntasögum og sagnfræðiritum. Stefán er þeirra þekktastur og sönglög eru til við ýmis kvæði hans en þekktust eru líklega Grýlukvæðin, Björt mey og hrein og Eg veit / eina baugalínu. Stærsta kvæðasafn Stefáns á prenti kom út fyrir meira en hundrað árum en lítið kver með úrvali af ljóðum hans birtist 1948. Úrval af ljóðum Bjarna í Þingmúla kom út 1960 og í sálmabókum má finna sálma eftir alla þessa menn.

Bjarni Gissurarson í Þingmúla. 1960. *Sólarsýn. Kvæði*. Jón Samsonarson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Margrét Eggertsdóttir. 1996. Eddulist og barokk í íslenskum kveðskap á 17. öld. *Guðamjöður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist*. Háskólaútgáfan, Reykjavík. Grein um áhrif eddukvæða og nýjungar í kveðskap Stefáns Ólafssonar og Hallgríms Péturssonar.

Stefán Ólafsson. 1885–86. *Kvæði eptir Stefán Ólafsson*. [Jón Þorkelsson gaf út]. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafjelag. 413+460 bls.

Stefán Ólafsson. 1948. *Ljóðmæli*. Íslensk úrvalsrit. Andrés Björnsson gaf út. Reykjavík, Menningarsjóður. 133 bls.

Vísnaþók Guðbrands. 2000 (3. útgáfa). Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. Drjúgur hluti bókarinnar eru kvæði Einars í Eydölum.

Æfisöguflokkur síra Einars Sigurðssonar í Eydölum, ortur 1616. 1918–1920. Hannes Þorsteinsson bjó til prentunar. *Blanda*, bls. 60–96.

3. Munir á söfnum

Bók Kristjáns Eldjárns er brunnur fróðleiks. Önnur bók var gefin út með svipaðri útfærslu þrjátíu árum seinna.

Gersemar og þarfaping. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands. 1994. Ritstjóri Árni Björnsson. Þjóðminjasafn Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Kristján Eldjárns. 1994. *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Mál og menning, Reykjavík. Þetta er 5. útgáfa bókarinnar sem kom fyrst út 1962.

Þjóðminjasafnið og flest byggðasöfn hafa gefið út ýmis rit og eru jafnramt með vefi sem hægt er að leita í. <http://www.natmus.is>

4. Önnur mál

Myndin gefur tilefni til að fjalla um ýmis önnur mál, svo sem ungbarnadauða, fjölskyldur og gildi þeirra, fósturland og gildi þess, guðstrú, menntun eða Kaupmannahöfn. Um þetta má finna margs konar efni en hér skal aðeins nefnt fátt eitt.

Aðalgeir Kristjánsson. 1999. Nú heilsar þér á Hafnarslóð. *Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800–1850*. Nýja bókafélagið, Reykjavík.

Björn Th. Björnsson. 1991 (3. útg.) *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Einar H. Guðmundsson. 1998. Gísli Einarsson skólameistari og vísindaáhugi á Íslandi á 17. öld. *Saga. Tímarit Sögufélags*, 36, bls. 185–231.

Helgi Þorláksson. 1986. „Óvelkomin börn?“ *Saga. Tímarit Sögufélags*, 24, bls. 79 – 120. Hér er fjallað um viðhorf foreldra til barna á Íslandi frá miðöldum til 19. aldar, sérstaklega í ljósi brjóstgjafa mæðra.

Jónas Kristjánsson. 1989 (2. útg.) *Kóngsins Kaupmannahöfn. Leiðsögurit fyrir íslenska ferðamenn*. Fjölvi, Reykjavík.

Kristinn Ármannsson. 1951. Danmörk. *Lönd og lýðir, IV. bindi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Loftur Guttormsson, Ólöf Garðarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson. 2001. Ungbarna- og barnadauði á Íslandi 1771–1950: nokkrar rannsóknarniðurstöður. *Saga. Tímarit Sögufélags*, 39, bls. 51–107.

Margrét Jónasdóttir. 1996. Í Babýlon við Eyrarsund. *Í félagsskap íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 1893–1970*. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

Tryggvi Gíslason. 1998. Kaupmannahafnarbókin. *Borgin við Sundið*. Mál og menning, Reykjavík.

Spurningar og verkefni

1. Svarið aftur spurningunum sem standa á undan kaflanum og berið svörin saman.
2. Skoðið aftur hvernig fólkinu er raðað á málverkinu. Getið þið fundið önnur málverk eða jafnvel ljósmyndir sem minna á þessa uppröðun?
3. Prófið að stilla ykkur upp eins og fólkið á málverkinu.
4. Teiknið ættartré yfir fjölskylduna á myndinni og bætið einni kynslóð ofan við.
5. Athugið hvort þið eruð afkomendur fólksins á myndinni.
6. Veljið þrjár persónur sem koma fyrir í kaflanum og segðu frá þeim:
 - a) Eina persónu sem er í fjölskyldunni á myndinni.
 - b) Einn Íslending sem ekki er á myndinni.
 - c) Einn útlending.
7. Hvaða staðir (lönd, borgir, bæir) eru nefndir í kaflanum? Finndu þá á landakorti.
8. Á hvern hátt má segja að Kaupmannahöfn hafi verið höfuðborg Íslands á tíma Stefáns Ólafssonar?
9. Útskýrðu nokkur sjaldgæf orð í kaflanum. Þú getur athugað hvort þau eru skýrð í kaflanum, þú getur flett upp í orðabók og spurt fólk sem er líklegt til að vita þetta. En að lokum skaltu skrifa skýringu með eigin orðalagi og hafa það í huga að öruggt sé að allir í bekknum skilji skýringuna.

minningartafla	parruk	edda
boðungur	angursstundir	hempa
lukkusamur	reifabarn	latína
reifar	pípuhattur	sólkönungur
10. Hvers konar maður heldurðu að Stefán Ólafsson hafi verið?
11. Finnst þér að Stefán hafi valið rétt að fara frekar heim til Íslands en að vera við frönsku hirðina?
12. Settu þig í spor Stefáns og skrifaðu bréf til Íslands, til föður hans, móður eða einhvers systkinanna, og segðu fréttir af þér og umhverfinu.
13. Þið sáuð að margt var hægt að lesa út úr minningartöflunni. Farið á safn og skoðið mynd eða hlut og komist að leyndarmálum hans.
14. Komið með mynd eða hlut heiman frá ykkur og segið leyndardóma þess.

15. Í kaflanum eru teknar tvær vísur úr ævisögukvæði Einars í Eydölum þar sem hann lýsir hvernig hann sjálfur og konan hans tóku því að missa börnin sín. Vísurnar eru talsvert erfiðar og þess vegna skulum við líta betur á þær:

Hraustur faðir
sig hugga vildi
við lukkusamt þeirra
líf í dauða,
sagðist gleðjast
af seinni fundum,
endalaust þar
í guðs hendi.

Angursstundir oft
Ólöf reyndi
börn hennar
þá langt burt fóru
en allra sárast
ef þau deyðu
því innri hrellingar
yfir að runnu.

- a) Hvað er átt við með „líf í dauða“?
- b) Af hverju var faðirinn svona „hraustur“ og sagðist „gleðjast“ þó að börn hans dæju frá honum?
- c) Hvað haldið þið að átt sé við með „innri hrellingum“ í seinni vísunni?
- d) Segið með eigin orðum hvernig viðbrögðin eru hjá hvoru foreldranna fyrir sig.
- e) Hvort finnst ykkur vera „eðlilegri“ viðbrögð, hjá mömmunni eða pabbanum?
- f) Finnst ykkur annað vera dæmigerð „kvennaviðbrögð“ og hitt lýsa sannri karlmennsku?

Lausnir

1. Svarið nú spurningunum aftur, sem standa á undan kaflanum og berið saman svörin.

Ekki er ráðlegt að gefa svör eða leiðbeina mikið um þau í fyrri umferð. Nemendur glíma við þetta einir sér, í litlum hópum eða allur nemendahópurinn í einu undir verkstjórn kennarans, allt eftir því sem verkast vill.

Spurning í nemendabók	Fyrsta svar	Svar eftir lestur kaflans
1. Hvernig er fólkinu raðað á myndinni?	Ýmis svör koma til greina, t.d.: <ul style="list-style-type: none"> • Karlar eru vinstra megin, konur hægra megin. • Allir snúa inn að miðju. • Fólkið er sitt hvorum megin við krossinn. 	Staðfesting á því sem áður sagði. Innleitt hugtakið samhverf uppröðun.
2. Hvernig haldið þið að fólkið sé tengt? Er þetta fjölskylda?	Hér má búast við ýmsum svörum og ástæðulaust að leiðrétta þau á þessu stigi.	Hjónin Ólafur Einarsson og Kristín Stefánsdóttir ásamt 15 börnum sínum, lífs og liðnum.
3. Hvaða persóna eða persónur koma skýrastar fram, eins og maður fái að kynnast þeim best?	Líklegt er að Stefán eða Ólafur fái flest atkvæði.	Í ljós hefur komið að Stefán hafði bestar forsendur til að vera líflegur á mynd þar sem hann sat (líklega) fyrir. Um hin vitum við ekki. Kannski var til teikning af Ólafi til að styðjast við.
4. Hvað er maðurinn, sem stendur næstlengst til vinstri, að gera með höndunum?	Ólíklegt er að þetta sjáist svo vel að nemendur séu vissir í sinni sök. Þau geta giskað.	Í kaflanum stendur: „...heldur á pípuhatti í hægri hendinni (sem sést ekki allt of vel) en ber vinstri höndina upp að boðunum á hempunni“.
5. Hvað er sérstakt við svipinn á konunum?	Flestir munu líklega segja að þær séu eiginlega allar eins.	Af hverju er svipurinn svona líkur? Skýringartilraunir: <ul style="list-style-type: none"> • Konurnar sátu ekki fyrir. • Engin teikning var til af þeim. • Hafði Stefán ekki tíma til að lýsa þeim fyrir málurunum? • Var ódýrast að láta mála svipinn eins á öllum?
6. Af hverju liggja litlu börnin vafin í stranga á jörðinni og með lokuð augu?	Ekki er ólíklegt að nemendur lesi úr þessu að þau séu dái – sem og rétt er.	Rétt er að geta þess að þetta var ekki eina aðferðin til að sýna að börn voru látin. Gegnsæ slæða eða krossmark var önnur leið. Og látnu börnin voru ekki alltaf með á myndunum.
7. Er einhver hluti af fötum fólksins kunnuglegur og notaður enn í dag?	Einhverjir reka líklega augun í prestakragana. Kannski finnst sumum hattar og hempur minna á nútímann.	Prestakragarnir eru ótvíræðir en annað er til umræðu. Athuga má bók Fríðar Ólafsdóttur (sjá itarefni).
8. Af hverju er Kristus sýndur á krossinum á miðri mynd og líka á vængjunum til hliðanna?	Af því að þetta er trúarleg mynd, af því að myndin var í kirkju ...	Hér nægir í sjálfu sér að tala um að myndin sé trúarlegs eðlis enda er flest fólk í bænarstillingu.

Spurning í nemendabók	Fyrsta svar	Svar eftir lestur kaflans
9. Hvers vegna er hauskúpa á myndinni?	Forvitnilegt er að vita hvaða merkingu nemendurnir leggja í hauskúpu. Hún kemur m.a. fyrir í tölvuleikjum ...	Um aldraðir táknaði hauskúpan fallvaltleika lífsins, hún var áminning um að jarðlífið væri skammvinnnt en eilífðin löng. Leita má að þessu efni á fleiri málverkum frá 17. öld. Minna má einnig á hauskúpuna sem Hamlet heldur á og fjallað er um í leikriti Shakespeares.
10. Hvernig mynduð þið lýsa himninum?	Ýmiss konar lýsingar á óveðri og undarlegri birtu eru líklegar.	Hér er eins konar sólmyrkvalýsing enda stendur í Biblíunni: „Á hádegi varð myrkur um allt land til nóns (= um kl. 15).“
11. Hvað er á bakgrunnum aftan við krossinn?	Flestir munu sjá borgarmynd með turnum og hvelfdum þökum.	Þetta á að vera hin helga borg Jerúsalem þó að fyrirmyndin sé að miklu leyti Róm.
12. Á hvaða tungumáli er áletrunin undir myndinni?	Giska einhverjir á latínu?	... sem og rétt er.
13. Sjáið þið einhver orð í textanum sem eru íslensk að uppruna?	OLAI EINERI KIRKEBÆENSINS... Erfiðara er líklega: MVLANAR (= Múlasýslu) ...	Sjá til vinstri. Ath. að V stóð yfirleitt fyrir það sem við skrifum nú U eða Ú.
14. Á hvaða efni er myndin máluð (striga, tré, pappír, járn)?	Flestir nemendur sjá líklega æðar í tré sem glampinn á málningunni gefur til kynna.	Myndin er máluð á tré.
15. Hvað er haft rautt á myndinni?	Glöggir nemendur sjá að rautt fylgir fötum kvennanna og ungbarnanna.	Sjá til vinstri. Getur vakið umræðu um kyn- og aldursbundna líti.
16. Það er hægt að „loka“ myndinni. Hvernig fer það fram?	Er ekki líklegt að flestir útskýri þetta með látbragði og hljóðum?	Vængjunum (hurðunum) er lokað yfir miðmyndina.
17. Hvar er líklegt að myndin sé máluð?	Ísland eða Danmörk eru líklegustu kostirnir ef nemendur vita svolítið um fyrri aldir.	Í Danmörku eins og fram kemur í kaflanum.
18. Hvað ætli myndin sé gömul?	Hér verður sjálfsagt um hreinar ágiskanir að ræða.	Fatnaðurinn ber 17. öld vitni. Myndin er merkt 1648.
19. Hvar ætli hún hafi hangið uppi?	Líklegt að margir giski á kirkju vegna Kristsmyndanna o.fl.	Í Kirkjubæjarkirkju í Hróarstungu á Austurlandi (nú í Þjóðminjasafninu).
20. Hvað finnst ykkur eftirtektar verðast á þessari mynd?	Frjálst.	Frjálst.

2. Skoðið aftur hvernig fólkinu er raðað á málverkinu. Getið þið fundið önnur málverk eða jafnvel ljósmyndir sem minna á þessa uppröðun?

Skoða má kennslubókina og gá hvort ekki finnist þar mynd sem líkist þessu, er a.m.k. samhverf (Delacroix, Rubens). Svo má huga að ljósmyndum, t.d. af íþróttaliði sem raðar sér upp. Boltinn er kannski í miðju en liðsmennirnir horfa sjálfsgagt beint fram! Á minningartöflunni horfa allir nema Stefán Ólafsson inn að miðju, að krossinum. Stefán var líka sá eini sem sat fyrir.

3. Prófið að stilla ykkur upp eins og fólkið á málverkinu.

Ekki eru allir svo heppnir að vera sautján í hóp en þann vanda má leysa með hugmyndaflugi. Tilvalið er að taka ljósmynd af hópnum. Það er margt sem getur lærst á þessu verkefni og sumt óvænt. Ljóst er til dæmis að fyrirmyndina þarf að skoða oft og vel til að rétt sé raðað upp.

4. Teiknið ættartré yfir fjölskylduna á myndinni og bætið einni kynslóð ofan við.

Þetta má gera með ýmsu móti og ætti að hvetja til myndrænnar og fallegrar framsetningar á þessu. Í tengslum við þetta geta nemendur líka búið til ættartré yfir sína eigin fjölskyldu.

5. Athugið hvort þið eruð afkomendur fólksins á myndinni.

Svör við þessu má fá í ættfræðigrunninum *Íslendingabók* sem Íslensk erfðagreining heldur úti: <http://www.islendingabok.is/IServlets/index.jsp> Það þarf að vísu að skrifa fyrst og fá aðgangsorð. Börn undir 18 ára aldri geta skrifað sjálf og beðið um þetta en svarið er sent í bréfpósti til forráðamanna þeirra.

6. Veljið þrjá einstaklinga sem koma fyrir í kaflanum og segðu frá þeim:

- a) Einn einstakling sem er í fjölskyldunni á myndinni.
- b) Einn Íslending utan fjölskyldunnar.
- c) Einn útlending.

Hafa má mismunandi lag á því hvernig sagt er frá þessum einstaklingum (og þeim má auðvitað fjölga). Einfaldast er að nemendur sækja allar upplýsingar í kaflann í kennslubókinni, taki saman og umorði frásagnirnar (ekki má bara „klippa og líma“). Sumir geta leitað víðar að efni og komið með upplýsingar sem ekki eru í kennslubókinni. Einnig má hugsa sér annað form á skilum, til dæmis svolítinn leikþátt, ef til vill þar sem Stefán situr fyrir hjá málurunum og er að velta því fyrir sér hvort hann eigi að þiggja boðið frá franska kónginum. Eins má gera þetta að getraun þar sem einn eða fleiri gefa lýsingu, í orðum eða látbragði, á ákveðinni persónu og hinir giska á. Byrja má með vísbendingum sem verða æ nákvæmari.

7. Hvaða staðir (lönd, borgir, bæir) eru nefndir í kaflanum?**Finndu þá á kortabókinni.**

Staðina má finna á venjulegu landakorti (landabréfabók) en síðan er skemmtilegt að merkja staðina inn á ómerkt útlínukort. Slík kort er hægt að fá á vefnum <http://www.worldatlas.com/>. – Þetta kort má síðan geyma og halda áfram að merkja inn á það þegar næstu kaflar eru lesnir, jafnvel með mismunandi lit við hvern kafla, og „safna“ þannig stöðum. Líka er hægt að stækka kort og hafa það uppi í skólastofunni og bæta inn á það þar.

8. Á hvern hátt má segja að Kaupmannahöfn hafi verið höfuðborg Íslands á tíma Stefáns Ólafssonar?

Ýmislegt má tína til svo sem að í Kaupmannahöfn var:

- yfirstjórn landsins (konungsvaldið)
- miðstöð verslunar fyrir Ísland
- háskóli fyrir Íslendinga
- samastaður margra Íslendinga sem voru þar við störf eða nám

Algengasta skilgreining á höfuðborg nú á dögum er að hún sé stjórnarsetur lands. Ef við notum þessa skilgreiningu má segja að Kaupmannahöfn hafi verið höfuðborg Íslands til 1904 þegar landið fékk heimastjórn með íslenskum ráðherra (ríkisstjórn, framkvæmdavaldi).

9. Útskýrðu nokkur sjaldgæf orð í kaflanum. Þú getur athugað hvort þau eru skýrð í kaflanum, þú getur flett upp í orðabók og spurt fólk sem er líklegt til að vita þetta. En að lokum skaltu skrifa skýringu með eigin orðalagi og hafa það í huga að öruggt sé að allir í bekknum skilji skýringuna.

minningartafla	parruk	edda
boðungur	angursstundir	hempa
lukkusamur	reifabarn	latína
reifar	pípuhattur	sólkonungur

Orðin koma öll fyrir í kaflanum og eru skýrð þar beint eða óbeint. Einnig má slá þeim upp í orðabók en best er að kennarinn segi nemendum að orða skýringarnar með sínum hætti og þannig að allir skilji. Til dæmis er ekki víst að orðabókarskýringin á pípuhatti, „hattur með háum, strokklaga kolli, flötum ofan“, sé skiljanleg fyrir nemendur.

10. Hvers konar maður heldurðu að Stefán Ólafsson hafi verið?

Hægt er að tíunda sumt með nokkurri vissu, svo sem:

- Stefán var prestur og skáld.
- Hann var lærður maður miðað við sinn tíma.
- Hann lifði við tiltölulega góð efni, fékk tækifæri til að mennta sig og fékk svo góða stöðu sem prestur í góðu brauði (= prestakalli).

Meira álitamál er að segja hvers konar maður hann hafi verið. Hann virðist þó hafa verið glaðlyndur ef marka má mörg kvæða hans en hafa orðið alvarlegri þegar lengra leið. Að öðru leyti getum við spáð í eftirfarandi atriði:

- d) Stefán naut þess að vera af vel stæðri fjölskyldu. Velgengni fjölskyldunnar (ættarinnar) jókst verulega þegar föðurbróðir hans, Oddur Einarsson, varð biskup í Skálholti því hann hyglaði ættmennum sínum og veitti þeim góð brauð. Eigum við þá að segja að Stefán hafi verið „í klíkunni“? Eða eigum við að gera ráð fyrir að velgengni hans hafi verið verðskulduð þar sem hann stóð sig vel við nám, störf og í einkalífi?
- e) Prestar á þessum tíma tóku óhikað þátt í bústörfum eins og aðrir bændur og varðandi Stefán kemur þetta vel fram, t.d. í mörgum hestakvæða hans.
- f) Hvað lesum við út úr myndinni af Stefáni á minningartöflunni?
Er þetta glaðlegur, sposkur, montinn eða virðulegur maður sem við mætum þar? Getum við dregið einhverjar slíkar ályktanir eða eigum við að vera ofurvarkár og segja að það sé ekki hægt, í fyrsta lagi af því að þetta sé málverk en ekki maðurinn sjálfur, í öðru lagi af því að við þekkjum ekki siði og venjur um svipbrigði og látbragð á þessum tíma og í þriðja lagi af því að við túlkum látbragð og svip fólks oft rangt jafnvel þó við mætum því lifandi í nútímanum?

11. Finnst þér að Stefán hafi valið rétt að fara frekar heim til Íslands en að vera við frönsku hirðina?

Þetta er umræðuspurning og margt er sígilt í henni og því í gildi enn í dag. Ákveðna þætti er hægt að draga fram, jákvæða og neikvæða. Dæmi:

- a) Hann átti stóra fjölskyldu heima á Íslandi.
- b) Hver er almenni kosturinn við að búa í landinu sem maður er alinn upp í?
- c) Í Frakklandi var háþróuð borgarmenning.
- d) Í Frakklandi fengi Stefán að sinna fræðastörfum.
- e) Stefán hafði gaman af að yrkja. Þá er tungumálið lykilatriði.
- f) Ófriðlegt var í Frakklandi um þessar mundir.

12. Settu þig í spor Stefáns og skrifaðu bréf til Íslands, til föður hans, móður eða einhvers systkinanna, og segðu fréttir af þér og umhverfinu.

Hér er af nógu að taka og hægt að tíunda margt af því sem stendur í kaflanum. Duglegir nemendur geta aflað sér upplýsinga út fyrir kaflann, t.d. um ástand í Danmörku og Evrópu á þessum tíma. Tímasetning er góð árið 1648 þegar Stefán er að gera það upp við sig hvort hann eigi að fara til Frakklands eða heim og lætur mála myndina.

13. Þið sáuð að margt var hægt að lesa út úr minningartöflunni. Farið á safn og skoðið mynd eða hlut og komist að leyndarmálum hans.

Umfjöllunin um minningartöfluna getur verið góður undirbúningur undir safnaheimsókn. Þegar þangað er komið má t.d. láta 2–3 velja saman einhvern mun, kynna sér hann eftir bestu getu og kynna fyrir hinum í hópnum.

14. Komið með mynd eða hlut heiman frá ykkur og segið leyndardóma þess.

Kosturinn við þetta verkefni er að í ljós kemur að leyndarmálin þurfa ekki að vera langt í burtu og að „ómerkilegir“ hlutir geta verið merkilegir. „Leyndardómurinn“ getur falist í því hvernig hluturinn er gerður, hvernig hann kom til, til hvers hann hefur verið hafður, hverjir hafa átt hann og hvaða minningar eru bundnar við hann að öðru leyti.

15. Í kaflanum eru teknar tvær vísur úr ævisögukvæði Einars í Eyðölum þar sem hann lýsir hvernig hann sjálfur og konan hans tóku því að missa börnin sín. Vísurnar eru talsvert erfiðar og þess vegna skulum við líta betur á þær:

Hraustur faðir
sig hugga vildi
við lukkusamt þeirra
líf í dauða,
sagðist gleðjast
af seinni fundum,
endalaust þar
í guðs hendi.

Angursstundir oft
Ólöf reyndi
börn hennar
þá langt burt fóru
en allra sárast
ef þau deyðu
því innri hrellingar
yfir að runnu.

a) Hvað er átt við með „líf í dauða“?

Hér er vafalaust átt við eilífa lífið, þ.e. trú á að líf sé eftir jarðlífið.

b) Af hverju var faðirinn svona „hraustur“ og sagðist „gleðjast“ þó að börn hans dæju frá honum?

Af því að hann var þess fullviss að hann myndi hitta þau aftur og að eilífu.

c) Hvað haldið þið að átt sé við með „innri hrellingum“ í seinni vísunni?

Margs konar orðalag er hægt að hafa yfir þetta, t.d. sálarkvalir, andleg vanlíðan, jafnvel þunglyndi.

d) Segið með eigin orðum hvernig viðbrögðin eru hjá hvoru foreldranna fyrir sig.

Fyrst þarf að ganga úr skugga um að nemendurnir hafi skilið vísurnar en hvetja þá síðan til að orða þetta eins og þeim er eðlilegt.

e) Hvort finnst ykkur vera „eðlilegri“ viðbrögð, hjá mömmunni eða pabbanum?

Hér má velta fyrir sér hvort pabbinn reyni að byrgja sorgina inni eða hvort hann sé svo fullur trúartrausts að honum finnist þetta raunverulega.

f) Finnst ykkur annað vera dæmigerð „kvennaviðbrögð“ og hitt lýsa sannri karlmennsku?

Hér er vísað til þess að konur sýni og viðurkenni tilfinningar í meira mæli en karlmenn. Þetta er auðvitað alhæfing sem ekki má taka sem algildan sannleik. Gleymum svo ekki að það er faðirinn sem yrkir ljóðið og lýsir öllu saman!

Var Ísland eitthvað einkennilegt?

Þessi kafli fjallar um álit útlendinga á Íslandi og Íslendinga á sjálfum sér á liðnum öldum. Kaflinn á að höfða til þess að sjálfsmynd okkar er að hluta til mótuð af álitum annarra. Við berum okkur gjarna saman við aðra, bæði sem einstaklingar og þjóð. Við lýsum einstaklingum, drögum fram einkenni þeirra og ýkjum stundum til að lýsingarnar verði skemmtilegri.

Það er gömul íprótt að lýsa þjóðareinkennum og sérkennum heilla landa. Að baki þessu eru auðvitað miklar alhæfingar sem rétt er að vara við vegna þess að þær byggjast á staðalmyndum og breiða yfir einstaklingsmun og fjölbreytileika sem alls staðar er fyrir hendi. Íslendingar byrjuðu snemma (a.m.k. á 16. öld) að verja sig og reyna að kveða niður ranghugmyndir um land og lýð. Hins vegar getur það verið saklaus íprótt og áhugaverð að reyna að sjá t.d. sameiginleg einkenni þjóðar sem hefur búið saman í skipulegu þjóðfélagi við ákveðnar aðstæður um langan tíma.

Kennarinn ræður því auðvitað hve mjög hann lætur þetta sjónarhorn ráða ferðinni eða byggir á einstökum efnispáttum sem eru áhugaverðir í sjálfu sér.

Í kaflanum eru aðeins tekin fyrir fjögur dæmi af ólíku tagi um „einkennileg“ fyrirbæri á Íslandi:

- Eldfjallið Hekla, einstakt dæmi úr náttúru landsins.
- Strjálbýlið, sem er margbrotnara dæmi en virðist í fljótu bragði.
- Torfbæirnir, dæmi sem varðar samspil milli landshátta og menningar frá upphafi Íslandsbyggðar til 20. aldar.
- Handritunin, sérstakur háttur í menningunni sem á rætur á miðöldum en sker sig einkum úr á 17.–19. öld þegar prentlistin er einnig fyrir hendi.

Efnið er tilvalið til almennrar umræðu af því að það snertir viðhorf sem eru sígild:

- Hvernig aðrir líta á mig.
- Hvernig ég tek álitum annarra.
- Hvernig hægt er að afla sér upplýsinga um málefnið.
- Hvernig á að meta hvað er satt og logið, gamaldags og nútímalegt, hentugt og óhentugt.

Helsta ritið um viðhorf útlendinga til Íslands ætti að vera auðvelt að nálgast:

- Sumarliði Ísleifsson. 1996. *Ísland, framandi land*. Mál og menning, Reykjavík.

Ítarefni

Var Hekla opin niður til vítis?

Tenging við jarðfræði (náttúrufræði) og landafræði liggur beint við í þessu efni. Hér má kanna og ræða hvar eldvirkni er fyrir hendi í heiminum, skoða landakort og finna nokkur þekkt eldfjöll, svo sem Etnu og Vesúvíus á Ítalíu og Fútsí í Japan. Um Heklu er allmikið til á prenti, bæði jarðfræðilegt og sögulegt efni, svo sem:

Árni Hjartarson. 1995. Á Hekluslóðum. *Árbók Ferðafélags Íslands*.
Oddastefna. 1997. Goðasteinn, héraðsrit Rangæinga.
(6 stuttar greinar um Heklu.)

Haukur Jóhannesson. 1992. Hekla, fjall með fortíð.
Náttúrufræðingurinn, nr. 61, bls. 177–191.

Nemendur í Menntaskólanum við Sund og Ásta Porleifsdóttir (ritstj.).
1996. Náttúruhamfarir og mannlíf.
<http://www.islandia.is/hamfarir/index.html>

Sigurður Þórarinsson. 1968. *Heklueldar*. Sögufélag, Reykjavík.
Um Heklu er fjallað sérstaklega á
<http://www.islandia.is/hamfarir/jardfraedilegt/eldgos/hekla.html>

Um Hekluferð Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar og fleira um þá féлага og landshætti er til auðlesin grein:

Tómas Guðmundsson. 1970. Eldar af ungum degi. *Með vorskipum*.
Íslenzkir örlagaþættir. Forni, Reykjavík. (Bls. 223–256.)

Um eldgos á Íslandi er til mikið efni en hér er nýlegt rit:

Ari Trausti Guðmundsson. 2001. *Íslenskar eldstöðvar*.
Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Þeir kennarar sem vilja eyða sérstöku púðri í gömul landakort hafa gott hjálparrit og vefsíður á vegum Landsbókasafns:

Forn Íslandskort. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.
<http://kort.bok.hi.is/kort/index.html> Um Ortélius og Íslandskort hans er fjallað á <http://kort.bok.hi.is/kort/kortasafn.php?ptitle=3&lang=1&id=2,3,4,37,42,136,186>

Haraldur Sigurðsson. 1978. *Kortasaga Íslands frá lokum 16. aldar til 1848*. Reykjavík, Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Fyrsti kafli á bls. 9–87 heitir “Guðbrandur biskup Þorláksson og Íslandskort hans”. Um Ortélius og Íslandskort hans er fjallað á bls. 9–14.

Engir bæir, bara sveitir?

Mikill meirihluti íbúa á Íslandi býr nú í þéttbýli og tveir þriðju hlutar þeirra eru á suðvestanverðu landinu. Þetta var með allt öðrum hætti á fyrri öldum og er þess vegna framandi tilvera fyrir flestum nemendum. Hér reynir því á að setja sig í spor fyrri tíðar fólks og að lesa rétt í þessar aðstæður. Okkur er tamt að tengja borgar- og bæjarlíf við það sem er nútímalegt og við þykjumst vita hver munurinn er á þéttbýli og strjálbýli. Í kaflanum er hins vegar bent á blæbrigði þessa máls, í fyrsta lagi að til hafi verið byggðabyrpingar á sumum stöðum, í öðru lagi að Kaupmannahöfn hafi að mörgu leyti þjónað hlutverki höfuðborgar fyrir Íslendinga og í þriðja lagi að flestum hafi þótt strjálbýlið sjálfsagt og eðlilegt þangað til farið var að vinna skipulagi að þéttbýlismyndun á 18. og þó einkum á 19. öld.

Fyrir kennarann eru til nokkrar fræðigreinar þar sem spurningin um þéttbýlismyndun á Íslandi er tekin fyrir. Grein Helga Þorlákssonar er einkum aðgengileg. Þar bendir hann á að strjálbýlið hafi verið besta landvörnin og meðal annars þess vegna hafi konungsvaldið haft lengst af takmarkaðan áhuga á þéttbýlismyndun á Íslandi.

Axel Hall. 2003. Hverjum klukkan glymur. Hvernig má skýra þéttbýlisþróun á Íslandi á tuttugustu öld? *Hagmál*, 42, bls. 28–32.

Björn Þorsteinsson. 1985. Hvers vegna var ekkert atvinnuskipt þéttbýli á Íslandi á miðöldum? *Landnám Ingólfs*. Nýtt safn til sögu þess, bls. 131–133.

Borgarbrot. Sextán sjónarhorn á borgarsamfélagið. 2003. Ritstj. Páll Björnsson. Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Gísli Gunnarsson. 1985. Frá úthöfnum til borgar. Þáttur um íslenska þéttbýlismyndun. *Landnám Ingólfs*. Nýtt safn til sögu þess, bls. 134–140.

Gísli Gunnarsson. 2003. Söguleg hagfræði. Þankar um hagfræðikenningar og íslenska þéttbýlisþróun. *Saga. Tímarit Sögufélags*, 41:2, bls. 177–195.

Helgi Þorláksson. 2003. Upphaf og ekkert meira. Þéttbýlisvísar á Íslandi fram á 19. öld. *Borgarbrot. Sextán sjónarhorn á borgarsamfélagið*. Háskólaútgáfan, Borgarfræðasetur, Reykjavík, bls. 33–44.

Trausti Valsson. 2002. *Skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til líðandi stundar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Bjuggu Íslendingar í hólum?

Byggingarefnið í bæjum hér á landi var torf, grjót, mold og timbur frá upphafi byggðar fram á tuttugustu öld. Síðan hafa torfbæirnir orðið táknmynd fyrir gamlan tíma og fengu stundum skammaryrðið „moldarkofar“. Hér er bent á nokkra þætti sem vert er að hafa í huga:

- Torfbæirnir voru misjafnlega gott húsnæði eftir því hvernig þeir voru byggðir og hvernig þeim var haldið við.
- Aðalgallarnir voru hið mikla viðhald og lítil birta en meginkostir voru einangrunin og að byggingarefnið var víðast heimaefnið.
- Ekki var raunhæft að timbur- eða steinhús tækju við fyrr en hægt var að leysa kyndingarvandann og efniviðurinn var orðinn nógu ódýr.
- Sumir hafa kallað torfbæina helsta framlag Íslendinga til byggingarlistar heimsins.
- Vegna þess hve efniviðurinn í torfbæjunum er forgengilegur stendur lítið áþreifanlegt eftir af byggingarsögu Íslendinga.

Torfbæjanna er víða getið og þeim lýst í ritum, einkum á 19. öld, t.d. ævisögum og minningum. Nokkuð hefur líka verið fjallað um þá fræðilega, aðallega byggingarsögulega. Hörður Ágústsson hefur verið mikilvirkastur í því efni og grein hans í *Íslenskri þjóðmenningu* er líklega aðgengilegasta efni um torfbæina. Um fleiri húsagerðir er einnig að hafa upplýsingar hér.

Byggðasafn Skagfirðinga <http://www.krokur.is/glaumb/>
(hnappurinn Margt annað – torfverk)

Finsen, Helge og Hiort, Esbjörn. 1978. *Steinhúsin gömlu á Íslandi*.
Kristján Eldjárn þýddi. Iðunn, Reykjavík.

Frank Ponzi. 1986. *Ísland á níttjándu öld. Leiðangrar og listamenn*.
Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Frank Ponzi. 1987. *Ísland á átjándu öld. Myndir úr leiðöngurum Banks og Stanleys*.
Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands <http://www.natmus.is/thjodminjar/hus>
Á þessum vef er texti um torfbæi og gerð þeirra en á öðrum vef er fjallað um einstök hús sem eru í varðveislu Þjóðminjasafns:
<http://www.natmus.is/thjodminjar/hus/einstokhus/>

Hörður Ágústsson. 1987. Íslenski torfbærinn. *Íslensk þjóðmenning*,
1. Uppruni og umhverfi, bls. 227–344.

Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingararfleifð*.
1. Ágrip af húsagerðarsögu 1750–1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Orri Vésteinsson. 2002. Hnignun, aðlögun eða framför? Torfbærinn sem mælikvarði á gang Íslandssögunnar. 2. *Íslenska sögubingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag, Reykjavík. Bls. 144–160.

Torfbæir í Netheimum. Kennaraháskóli Íslands, nemendaverkefni, 2000–3. <http://saga.khi.is/torf/> Flestöll verkefni byggjast á viðtölum sem nemendur í sagnfræði í KHÍ hafa tekið við fólk sem sjálf hafði búið í torfbæjum og það segir frá bæjunum og lífinu sem þar var lifað. Þessi bæjagerð var við lýði lengur en margan grunar.

Þorsteinn Gunnarsson. Ágrip af byggingarsögu hússins [Stjórnarráðshússins]. Forsætisráðuneytið. <http://www.utsamfelag.is/interpro/for/for.nsf/pages/raduneytid-stjornarrads-husid>

Hrein ást á bókum

Áberandi form fyrir fjölmiðlun nú á dögum er sjónvarp, dagblöð og Netið. Í þessum kafla er fjallað um fjölmiðlun á Íslandi á fyrri öldum. Hún var sérkennileg af þeim ástæðum að handritun gegndi að mörgu leyti svipuðu hlutverki og prentun gerði seinna – og samtímis prentuninni, allt fram á 20. öld. Um þetta fyrirbæri hefur nokkuð verið skrifað sem kennarinn getur lesið sér til gagns:

Eiríkur Pormóðsson. 1992. Skrá um handskrifuð blöð í Landsbókasafni Íslands. *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1991*, nýr flokkur, 17. ár, bls. 65–87.

Kristín Halldórsdóttir. Sveitarblaðið Snarfari. *Árbók Þingeyinga*, 28. árg., 1985, bls. 17.

Sigurður Óskar Pálsson. 1983. Unglingur, sveitarblað Borgfirðinga. Múlaþing. *Byggðarrit Austfirðinga*, nr. 13, bls. 56–59.

Þorsteinn Helgason. 2002. Samspil handrits og prents: Nokkrar tilgátur. *2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir. Reykjavík, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Sögufélag, bls. 170–185.

Álfar í hverjum hól?

Hjátrú er vinsælt efni en getur verið nokkuð vandmeðfarið í kennslu og kennarinn þarf að vera nærgættinn. Segja má að efnið hafi þrjár hliðar, í fyrsta lagi skemmtunina af frásögnum, í öðru lagi spurninguna um hvort menn trúu því sem sagt er frá og í þriðja lagi fræðilega greiningu. Mikið hefur verið skráð og fjallað um þessi efni og hér eru tilgreind nokkur hjálpargögn sem koma ýmist kennara eða nemendum að gagni nema hvort tveggja sé. Enn fremur skal bent á þjóðsagnasöfn sem mörg eru til.

Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. 1996. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi*. Rótarýklúbbur Kópavogs, Kópavogi.

Álfar og huldufólk. 1998. Vefur í umsjón Salvarar Gissurardóttur.
<http://www.ismennt.is/vefir/ari/alfar/>

Árni Björnsson. 1996. Hvað merkir þjóðtrú? *Skírnir*, 170, vor, bls. 79–104. Einnig í vef tímaritinu *Vefni* <http://www.bok.hi.is/vefnir/greinar/Skiptars.htm>

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Einar G. Pétursson. 1997. Þjóðtrú á Íslandi. *Frændafundur*, 2, bls. 59–71.

Hilmar Garðarsson. 1989. Upplýsing gegn hjátrú. Viðhorf og mat upplýsingar manna á hjátrú. *Sagnir. Tímarit um söguleg efni*, nr. 10, bls. 38–45.

Jón Hnefill Aðalsteinsson. 1988. *Þjóðtrú. Íslensk þjóðmenning, V. Trúarhættir*. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. Bls. 341–400.

Matthías Viðar Sæmundsson. 1997. Til varnar hjátrúnni. Um hellistálsýn í íslenskum fræðum. *Fjölnir*, 2. tbl. Einnig í vef tímaritinu *Vefni* <http://www.bok.hi.is/vefnir/greinar/thjodtru2.htm#tt35>

Símon Jón Jóhannsson. 1999. *Stóra hjátrúarbókin*. Aðgengilegt uppflettirit um margvíslega hjátrú Íslendinga í hinu daglega lífi fyrir og nú. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Valdimar Tr. Hafstein. 1998. Respekt fyrir steinum. Álfatrú og náttúrusýn. *Rannsóknir í félagsvísindum*, II, bls. 327–336.

Valdimar Tr. Hafstein. 2003. Hjólaskóflur og huldufólk. Íslensk sjálfmynd og álfahefð samtímans. *Þjóðerni í þúsund ár?* Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 197–213.

Þjóðsögur. Netútgáfan. <http://www.snerpa.is/net/thjod/thjod.htm>

Spurningar og verkefni

1. Hver gerði hvað?

EÓ Eggert Ólafsson
JB Joseph Banks
JV Jules Verne
OM Olaus Magnus

- ___ Skrifaði skáldsögu um leyndardóma Snæfellsjökuls.
- ___ Hafði kort með Heklumynd í nafnspjaldi sínu.
- ___ Var með fyrstu mönnum til að klífa Heklu.
- ___ Skrifaði bók um norrænar þjóðir sem kom út í Róm á 16. öld.
- ___ Var enskur aðalsmaður.

2. Af hverju ætli Hekla hafi orðið fræg í Evrópu?

3. Skoðið myndir af Heklu, nýjar og gamlar, t.d. á landakortum, og lesið sem mest um eldfjallið fræga. Búið svo til ykkar eigin mynd af Heklu.

4. Teljið öll eldgos sem hafa átt sér stað á Íslandi síðustu fimm tíu árin; byrjið á þeim síðustu og rekið ykkur aftur á bak í tíma.

5. Teljið helstu eldfjöll á Íslandi og segið stuttlega frá hverju fyrir sig.

6. Hvar var helst hægt að finna þéttbýli á Íslandi fyrir 1800?

7. Hér eru taldir fjórir staðir á landinu þar sem nokkurt þéttbýli var fyrir 1800.

R Reykjavík
S Skálholt
V Vestmannaeyjar
P Þingvellir

Á þessum stöðum dvöldu mismunandi hópar fólks. Setjið réttan bókstaf við hverja lýsingu.

- ___ Skólapiltar, biskupsþjónar, vinnufólk.
- ___ Nokkuð þétt byggð sjómanna.
- ___ Starfsfólk iðnfyrirtækis.
- ___ Aðkomið fólk í nokkra daga á sumrin.

8. Í aldaðir leist mörgum illa á að þéttbýli myndaðist á Íslandi. Hér eru talin nokkur rök sem menn höfðu gegn þéttbýlinu. Þau voru fyrir hendi á sínum tíma nema ein sem eru út í hött. Merkið við þau.

- ___ Í þéttbýli er treyst á sjávarútveg og hann er miklu ótraustari en sveitabúskapurinn.
- ___ Verbúðalífið við ströndina sýnir að þar eru ekki góð uppeldisskilyrði fyrir börn og ungmenni.
- ___ Í þéttbýli er svo mikil mengun af útblæstri frá iðnaði og því er best að búa áfram í sveit og anda að sér heilnæmu fjallalofti.
- ___ Best er að búa í sveitunum og láta útlenska kaupmenn um að taka áhættuna af því að sigla með varning yfir hafið stóra.

9. Hvernig stendur á því að í Reykjavík er ekki þétt byggð með risavöxnum háhýsum eins og í New York eða Hong Kong?

10. Þið eruð örugglega misjafnlega ánægð með ljósmyndir sem teknar eru af ykkur. Stundum er eins og sá sem tók myndina hafi reynt að gera ykkur hallærisleg, nú eða þá glæsileg. Það er líka hægt að mynda hús þannig að þau líti misjafnlega vel út. Þetta á auðvitað ekki síður við um teiknaðar og málaðar myndir. Í bókinni eru nokkrar myndir sem erlendir listamenn gerðu af íslenskum bæjum á 18. og 19. öld, bls. 19, 20, 21 og 76. Hvernig finnst ykkur að listamennirnir hafi litið á íslenska sveitabæi og hús? Veljið eitt eða fleiri af þessum lýsingarorðum sem lýsa hverri mynd best að ykkar mati og rökstyðjið það. Af myndinni að dæma eru bæirnir og umhverfi þeirra ...

furðuleg	hallærisleg	notaleg	frumstæð
vinaleg	glæsileg	rómantísk	venjuleg

11. Úr hvaða efni voru sveitabæirnir á Íslandi á fyrri öldum? Teljið sem flest sem kom til greina.

12. Af hverju voru bæirnir gerðir úr þessu efni?

13. Hvernig stóð á því að bæirnir líktust stundum hólum í landslaginu?

14. Af hverju bjuggu Íslendingar ekki í húsum úr steini eða timburhúsum á fyrri öldum?

15. Menirnir miðla boðskap milli sín á ýmsan hátt. Beinasta leiðin er að tala saman augliti til auglitis. En hvaða aðrar leiðir eru til? Teljið upp sem allra flest.

16. Búið til handskrifað sveitarblað.

17. Rifjið upp dæmi um hjátrú (yfirnáttúruleg fyrirbæri) í útlöndum, t.d. í bíómyndum sem þið hafið séð.

18. Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar sem eiga við þennan kafla. Um þær má segja ýmist:

S Satt.

Ó Ósatt.

Ý Ýkjukennt, of mikið fullyrt (alhæft).

E Erfitt að segja til um það, ekki vitað.

Setjið nú viðeigandi bókstaf við hverja fullyrðingu.

___ Torfbæirnir voru aumir mannabústaðir.

___ Aðalefnið í híbýlum á Íslandi frá upphafi til 1900 var torf, timbur, grjót og mold.

___ Þegar prentlistin barst til landsins hættu menn að afrita texta með höndunum og notuðu eingöngu prentaðar bækur.

___ Íslendingar voru dauðhræddir við Heklu á fyrri öldum.

___ Það sem var prentað á Íslandi á 16.–18. öld var aðallega guðsorð og lagatextar.

___ Börnin í sjávarplássunum á Íslandi voru verr upp alin en sveitakrakkarnir.

___ Íslendingar á fyrri öldum höfðu hreina ást á bókum og fræðum.

___ Íslendingar eru hjátrúarfyllri en aðrar þjóðir.

19. Á 19. öld færðist mikið fjör í útgáfu á ferðalýsingum frá Íslandi. Margar þessar lýsingar hafa verið þýddar á íslensku á seinni áratugum. Skiptið ferðalýsingum á milli ykkar og berið svo saman hvað höfundarnir segja um sömu atriðin, t.d. ákveðna staði á landinu, þrifnað og klæðaburð, mataræði, húsa-kynni, siði og venjur.

Lausnir

1. Hver gerði hvað?

EÓ	Eggert Ólafsson
JB	Joseph Banks
JV	Jules Verne
OM	Olaus Magnus

JV	Skrifaði skáldsögu um leyndardóma Snæfellsjökuls.
JB	Hafði kort með Heklumynd í nafnspjaldi sínu.
EÓ	Var með fyrstu mönnum til að klífa Heklu.
OM	Skrifaði bók um norrænar þjóðir sem kom út í Róm á 16. öld.
JB	Var enskur aðalsmaður.

Spurninguna má gera auðveldari með því að sleppa síðasta liðnum.

2. Af hverju ætli Hekla hafi orðið fræg í Evrópu?

Hér koma nokkur atriði til greina, sum skarast og ekki er alltaf ljóst hvað er orsök og hvað er afleiðing. Nefna má að minnsta kosti:

- Eldfjöll eru æsileg fyrirbæri en sjaldséð í Evrópu.
- Hekla er virkt eldfjall, gýs oft.
- Heklu var oft getið í bókum í ýmsum löndum.
- Magnaðar sögur voru sagðar af Heklu.

Hafa má þann fyrirvara á þessari spurningu að við vitum svo sem ekki hve fræg Hekla var, sjálfsagt var hún ekki á hvers manns vörum!

3. Skoðið nýjar og gamlar myndir af Heklu, t.d. á landakortum, og lesið sem mest um eldfjallið fræga. Búið svo til ykkar eigin mynd af Heklu.

Kennarinn hefur sitt lag á þessu og getur ákveðið hvort þetta er einstaklings- eða hópverkefni, í hvaða efni er unnið, hvort texti fylgir með, hvort raunsæi eða frjálst hugmyndaflug á að ráða ferðinni o.s.frv.

4. Teljið öll eldgos sem hafa átt sér stað á Íslandi síðustu fimmtíu árin; byrjið á þeim síðustu og rekið ykkur aftur á bak í tíma.

5. Teljið helstu eldfjöll á Íslandi og segið stuttlega frá hverju fyrir sig.

Þetta verkefni og það næsta á undan eru ekki síður jarðfræði en saga og ekki er verra ef hægt er að tengja þessar greinar saman.

6. Hvar var helst hægt að finna þéttbýli á Íslandi fyrir 1800?

- a) Í sjávarplássum (verstöðvum) eins og í Vestmannaeyjum og á Snæfellsnesi.
- b) Á biskupsstólunum í Skálholti og á Hólum.
- c) Í Reykjavík frá miðri 18. öld.
- d) Tímabundið þéttbýli á Þingvöllum við Þinghaldið, á verslunarstöðum þegar skipakomur voru.

Síðasti liðurinn er tæplega almennur skilningur á þéttbýli. Einnig má skilgreina þéttbýli þannig að þar sé verkskipt samfélag (iðnaðarmenn af ýmsu tagi, kaupmenn o.fl.) sem myndar afmarkaða heild og hefur jafnvel eigin reglur og embættismenn. Slíkt þéttbýli væri þá hægt að kalla bæ og þeir voru ekki til á Íslandi fyrr en Reykjavík myndaðist á seinni hluta 18. aldar.

7. Hér eru taldir fjórir staðir á landinu þar sem nokkurt þéttbýli var fyrir 1800.

- R Reykjavík
- S Skálholt
- V Vestmannaeyjar
- P Þingvellir

Á þessum stöðum bjuggu mismunandi hópar fólks. Setjið réttan bókstaf við hverja lýsingu.

- S Skólapiltar, biskupsþjónar, vinnufólk.
- V Nokkuð þétt byggð sjómanna.
- R Starfsfólk iðnfyrirtækis.
- P Aðkomið fólk í nokkra daga á sumrin.

8. Í aldaðir leist mörgum illa á að þéttbýli myndaðist á Íslandi. Hér eru talin nokkur rök sem menn höfðu gegn þéttbýlinu. Þau voru öll fyrir hendi á sínum tíma nema ein sem eru út í hött. Merkið við þau.

- Í þéttbýli er treyst á sjávarútveg og hann er miklu ótraustari en sveitabúskapurinn.
 - Verbúðalífið við ströndina sýnir að þar eru ekki góð uppeldisskilyrði fyrir börn og ungmenni.
 - Í þéttbýli er svo mikil mengun af útblæstri úr iðnaði og því er best að búa áfram í sveit og anda að sér heilnæmu fjallalofti.
 - Best er að búa í sveitunum og láta útlenska kaupmenn um að taka áhættuna af því að sigla með varning yfir hafið stóra.
- Í þessari spurningu reynir á nákvæmni, að lesa spurninguna vel og gera sér grein fyrir að svarið felst í að finna þau rök sem ekki hafa verið notuð á fyrri öldum, ekki þau rök sem fólki nú á dögum finnst vera rétt eða röng.

9. Hvernig stendur á því að í Reykjavík er ekki þétt byggð með risavöxnum háhýsum eins og í New York eða Hong Kong?

Hér má taka ýmis rök gild svo sem að landrymi sé nóg á Íslandi og að hefð sé fyrir því að hafa rúmt um sig. Jafnframt má nota tækifærið og ræða skipulagsmál, t.d. að togstreita sé milli þeirra sjónarmiða að vilja hafa rúmt um sig og að byggja á hagkvæman hátt. Ef borgarbyggð er dreifð verður kostnaður meiri við samgöngur, lagnir og þjónustu af ýmsu tagi.

10. Þið eruð örugglega misjafnlega ánægð með ljósmyndir sem teknar eru af ykkur. Stundum er eins og sá sem tók myndina hafi reynt að gera ykkur hallærisleg, nú eða þá glæsileg. Það er líka hægt að mynda hús þannig að þau líti misjafnlega vel út. Þetta á auðvitað ekki síður við um teiknaðar og málaðar myndir. Í bókinni eru nokkrar myndir sem erlendir listamenn gerðu af íslenskum bæjum á 18. og 19. öld, bls. 19, 20, 21 og 76. Hvernig finnst ykkur listamennirnir hafi litið á íslenska sveitabæi og hús? Veljið eitt eða fleiri af þessum lýsingarorðum sem lýsa hverri mynd best að ykkar mati og rökstyðjið það. Af myndinni að dæma eru bæirnir og umhverfi þeirra ...

furðuleg	glæsileg	frumstæð	sniðug
vinaleg	notaleg	venjuleg	fráhrindandi
hallærisleg	rómantísk	eðlileg	(nýtt orð)

Þetta er æfing í að túlka myndir og útskýra skoðanir sínar og smekk. Þó að verkefnið sé huglægt er hægt að færa rök fyrir svörum. Það sem gerir verkefnið sérstaklega erfitt er að þetta eru svo gamlar myndir og smekkur og viðhorf geta breyst svo að hætt er við að við misskiljum boðskapinn. Þennan fyrirvara þarf kennarinn að hafa í huga og kynna verkefnið sem leik þar sem svörin eru ekki alveg áreiðanleg. Þeir sem vilja kafa dýpra í efnið geta skoðað og lesið bækur Frank Ponzi um Íslandsmyndir frá 18. og 19. öld, *Ísland á átjándu öld* og *Ísland á níttjándu öld*.

11. Úr hvaða efni voru sveitabæirnir á Íslandi á fyrri öldum? Teljið sem flest sem kom til greina.

Torf, grjót, mold, timbur; í þökum gátu enn fremur verið steinhellur, trjágreinir o.fl.

12. Af hverju voru bæirnir gerðir úr þessu efni?

Af því að það var heimaefengið á Íslandi, var tiltölulega ódýrt og einangraði vel.

13. Hvernig stóð á því að bæirnir líktust stundum hólum í landslaginu?

Af því að ysta lagið á húsunum var torf sem rann oft saman við túnin í kring. Lítið var um sýnilega timburgafla á bæjunum fyrr en á 19.öld að farið var að snúa úr húsunum þannig að nokkur lágu samsíða og voru með reisulega gafla og burstir (burstabæir)

14. Af hverju bjuggu Íslendingar ekki í húsum úr steini eða timburhúsum á fyrri öldum?

Nokkrar ástæður má telja og sýnist sitt hverjum hvað réð mestu:

- a) Mikið af efni í timbur og steinhús hefði þurft að flytja inn frá útlöndum og síðan langan landveg á Íslandi. Það hefði orðið dýrt miðaða við heima-fengið efni.
- b) Iðnaðarmenn sem kunnu að höggva stein og byggja voru ekki til á Íslandi og hefði því þurft að fá þá erlendis frá eins og gert var um miðja 18. öld þegar Hóladómkirkja og fleiri hús voru reist.
- c) Steinhús stóðu illa af sér íslenskt veður og vildu leka.
- d) Bæði stein- og timburhús voru köld ef þau voru ekki einangruð og/eða kynt vel. Slíkt var miklum vandkvæðum bundið fyrr en á 20.öld.

15. Mennirnir miðla boðskap milli sín á ýmsan hátt. Beinasta leiðin er að tala saman augliti til auglitis. En hvaða aðrar leiðir eru til? Teljið upp sem allra flest.

Hér má lengi telja og tilvalið að skipta í hópa og efna til samkeppni um að búa til sem lengstan lista. Fyrir utan alkunnar leiðir eins og að senda handskrifuð bréf, tölvupóst, útvarpssendingar o.s.frv. má nefna það sem er fágætara eins og að senda bréfdúfur, gefa reykmerki, slá í trumbur eða senda reipi af stað með skilaboð á hnútalettri eins og Inkar gerðu í Perú.

16. Búið til handskrifað sveitarblað.

Hægt er að nota myndirnar og lýsingarnar í kennslubókinni sem fyrirmynd, fara á handritasafn/byggðasafn og fá að sjá sýnishorn og/eða búa til eigið afbrigði af þessu skemmtilega tiltæki. Ein hugmyndin væri sú að halda úti slíku sveitablaði allan tímann sem námsefnið er á dagskrá, velja ritstjórn og skipta t.d vikulega um hana.

17. Rifjið upp dæmi um hjátrú (yfirnáttúruleg fyrirbæri) í útlöndum, t.d. í bíómyndum sem þið hafið séð.

Hér ætti ekki að skorta dæmin þó að rétt sé að gæta þess að þetta verði ekki hvatning til að horfa á bannaðar myndir.

18. Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar sem eiga við þennan kafla. Um þær má ýmist segja:

S Satt.

Ó Ósatt.

Ý Ýkjukennt, of mikið fullyrt (alhæft).

E Erfitt að segja til um það, ekki vitað.

Setjið nú viðeigandi bókstaf við hverja fullyrðingu.

Ý Torfbæirnir voru aumir mannabústaðir.

- S Aðalefnið í híbýlum á Íslandi frá upphafi til 1900 var torf, timbur, grjót og mold.
- Ó Þegar prentlistin barst til landsins hættu menn að afrita texta með höndunum og notuðu eingöngu prentaðar bækur.
- E Íslendingar voru dauðhræddir við Heklu á fyrri öldum.
- S Það sem var prentað á Íslandi á 16.–18. öld var aðallega guðsorð og lagatextar.
- E Börnin í sjávarplássunum á Íslandi voru verr upp alin en sveitakrakkarnir.
- Ý/E Íslendingar á fyrri öldum höfðu hreina ást á bókum og fræðum.
- Ý/E Íslendingar eru hjátrúarfyllri en aðrar þjóðir.

19. Á 19. öld færðist mikið fjör í útgáfu á ferðalýsingum frá Íslandi. Margar þessar lýsingar hafa verið þýddar á íslensku á seinni áratugum. Skiptið ferðalýsingum á milli ykkar og berið svo saman hvað höfundarnir segja um sömu atriðin, t.d. ákveðna staði á landinu, þrifnað og klæðaburð, mataræði, húsa-kynni, siði og venjur.

Skrá yfir ferðalýsingar er m.a. að hafa í bók Sumarliða Ísleifssonar, *Ísland framandi land*. Einnig má nota leitarvélina Gegni (<http://www.gegnir.is>), sem vísar á flest sem samið hefur verið um íslensk málefni, og setja inn leitarorðin *ferðasögur Ísland*.

Fríður í landinu

Þessi kafli og næsti, „Úti í löndum eldur og stríð“, fjalla um brýn efni sem jafnan eru á dagskrá og vekja mikla umræðu: stríð og frið. Mörgum mun þykja eðlilegt að tengja þessa kafla í kennslunni en samt er hægt að taka þá fyrir sjálfstætt hvorn sig.

Í þessum kafla er teft saman friðnum sem Íslendingar hafa notið um aldir og ófriði sem flestar þjóðir hafa þurft að þola í mismiklum mæli. Þó að þetta sé sett upp sem andstæður eru dregin fram þau dæmi þar sem friðnum hefur verið ógnað á Íslandi. Enn fremur er skotið inn í textann sýnishornum af ljóðum og öðrum textum þar sem friðurinn á Íslandi er vegsamaður.

Kaflann (og raunar báða kaflana) má byrja á því að ræða ástandið í dag. Hvar er helst ófriðlegt um þessar mundir? Hvaða fréttir hafið þið af því? Jafnvel má hafa fyrirvara á efninu og biðja nemendur að fylgjast með ófriðarfréttum, klippa fréttir úr blöðum og taka upp úr sjónvarpi. Síðan er áhuginn og umræðan leidd yfir á Ísland. Af hverju er ófriðlegra á einum stað en öðrum? Af hverju hefur Ísland sloppið svona vel?

Ítarefni

Hér er einungis sýnishorn af efni sem til er um málefnið sem fjallað er um í kaflanum. Í Gegni (leitarvél bókasafna) má finna fleira, t.d. með því að skrifa *þorskastríð* sem leitarorð.

Anna Agnarsdóttir. 1999. Var gerð bylting á Íslandi sumarið 1809? *Saga, tímarit Sögufélags*, 37. tbl., bls. 117–139.

Arnaldur Indriðason. 1985. Ef úngir menn kæmu á fót skotvarnarliði ... Stefna Jóns Sigurðssonar í landvarnar- og hermálum. *Sagnir, tímarit um söguleg efni*, 6, bls. 68–74.

Björn Þorsteinsson. 1976. *Tíu þorskastríð 1415–1976*. Sögufélag, Reykjavík.

Björn Þórðarson. 1954. Herútboð á Íslandi og landvarnir Íslendinga. *Andvari*, 79, bls. 56–96.

Guðmundur J. Guðmundsson. 2000. Þorskar í köldu stríði. *Ný saga*, 12, bls. 67–81.

Guðni Th. Jóhannesson. 2002. Tíu spurningar. Hugleiðingar um þorskastríðin. 2. *íslenska sögubíngið 2002. Ráðstefnurit, II*, bls. 436–451. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Helgi Þorláksson. 1999. *Sjórán og siglingar. Ensk-íslensk samskipti 1580–1630*. Mál og menning, Reykjavík.

Jón Guðmundsson. 1950. *Spánverjavígin 1615*. Sönn frásaga eftir Jón Guðmundsson lærða, og víkingarímur. Jónas Kristjánsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Jónas Árnason (textar). 1992. *Eitt sumar á landinu bláa*. Þrjú á palli flytja söngva úr leikritinu *Þið munið hann Jörund*. Hljóðrit. Steinar, Kópavogi.

Jörgen Jörgensen (Jörundur hundadagakonungur). 1974. *Íslandskóngur, sjálfsævisaga Jörundar hundadagakonungs*. Hilmir, Reykjavík.

Kristinn Jóhannesson. 1968. Þættir úr landvarnarsögu Íslendinga. *Saga, tímarit Sögufélags*, 6, bls. 122–138.

Margrét Jónasdóttir. 2000. *Síðasti valsinn*. Sjónvarpsmynd í þrem þáttum um þorskastríðin 1952–1976. MaGus, Reykjavík.

Þorsteinn Helgason. 2002. *Tyrkjaránið*. Sjónvarpsmynd í þrem þáttum. Seylan/Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Þorsteinn Helgason. 2004. Varnir Íslands. Rauður þráður í 500 ár. *Saga, tímarit Sögufélags*, 42:2.

Pröstur Sverrisson. 1988. Vígbúnir íslenskir herflokkar: uppgangur og fall heimavarnarliða á seinni hluta 19. aldar. *Sagnir, tímarit um söguleg efni*, 17, bls. 32–37.

Spurningar og verkefni

1. Í kaflanum er sagt frá nokkrum atburðum og tímaskeiðum þegar ófriðlegt var á Íslandi. Um var að ræða ólík tilvik og ólíka atburðarás.
 - a) Hvenær má segja að jaðrað hafi við borgarastyrjöld í landinu?
 - b) Hvenær var fólki rænt í stórum stíl af landinu?
 - c) Hvenær tóku fáeinir menn völdin í landinu?
 - d) Hvenær hertók fjölmennt herlið landið án þess að mótspyrna væri veitt?
 - e) Hvenær áttu íslensk skip í átökum við erlend herskip?
2. Hvenær hættu höfðingjar að fara um landið með vopnað lið með sér?
3. Hvaðan voru sjóræningjarnir sem gerðu óskunda á Íslandi á 16. og 17. öld?
4. „Siðaskiptin á Íslandi voru blóðug átök.“ Er það rétt?
5. Hvað var Tyrkjaránið?
6. „Prátt fyrir Tyrkjaránið höfðu Íslendingar engan áhuga á að vígbúast.“ Er þetta rétt?
7. Hvað olli því að Jörgen Jörgensen gat tekið völdin á Íslandi árið 1809?
8. Búið til táknmynd fyrir hvern af neðantöldum atburðum og ófriðarskeiðum. Þið getið svo gert getraun úr verkefninu. Atburðirnir eru:
 - a) Sturlungaöld.
 - b) Aftaka Jóns Arasonar og sona hans.
 - c) Tyrkjaránið.
 - d) Valdataka Jörundar.
 - e) Hernám Breta í seinni heimsstyrjöld.
 - f) Porskastríðin.
9. Í ljóðabrotunum, sem höfð eru með í kaflanum, bera skáldin Ísland saman við önnur lönd. Hvaða þætti bera þau saman?
10. Í þessum kafla er sagt frá ófriði á Íslandi og er ekki frá miklu að segja (sem betur fer). Nefnið einhver lönd þar sem stríð og ófriður hljóta að vera fyrirferðarmeiri í kennslubók um sögu landanna.
11. Getið þið fundið fleiri atburði og tilvik þegar ófriðlegt og róstusamt var á Íslandi?
12. „Ekki þurfti mikið til að ná valdi á Íslandi á umliðnum öldum.“ Er þetta rétt?

13. Hvers vegna var Ísland aldrei hertekið til langframa?
14. Ætli það væri auðvelt að hertaka Ísland núna?
15. Hvað kosti hefur vopnleysið haft á Íslandi?
16. Hvaða hugsanlegir ókostir hafa fylgt vopnleysinu á Íslandi?
17. Hugsum okkur að þið væruð uppi fyrir þrjú eða fjögur hundruð árum og orðrómur væri uppi um að sjóræningjar ætluðu að herja á heimabyggð ykkar. Hvað væri til ráða? Hugsið út hvernig hægt væri að verjast eða flýja og hvernig væri hægt að undirbúa þetta.
18. Hugsum okkur að jafnaldri ykkar í stríðshrjáðu landi skrifi ykkur og segist hafa heyrt að friðsælt og gott sé að búa á Íslandi. Skrifid svarbréf.

Lausnir

1. **Í kaflanum er sagt frá nokkrum atburðum og tímасkeiðum þegar ófriðlegt var á Íslandi. Um var að ræða ólík tilvik og ólíka atburðarás.**
 - a) **Hvenær má segja að jaðrað hafi við borgarastyrjöld í landinu?**
Á Sturlungaöld (13. öld) og að einhverju leyti má segja það sama um siðskiptatímamann á 16. öld.
 - b) **Hvenær var fólki rænt í stórum stíl af landinu?**
Í Tyrkjarárinu 1627.
 - c) **Hvenær tóku fáeinir menn völdin í landinu?**
Í valdatöku Englendinga, sem kennd er við Jörund hundadagakonung, árið 1809.
 - d) **Hvenær hertók fjölmennt herlið landið án þess að mótspyrna væri veitt?**
Í seinni heimsstyrjöld þegar Bretar hernámu landið árið 1940.
 - e) **Hvenær áttu íslensk skip í átökum við erlend herskip?**
Í svokölluðum þorskastríðum árin 1958–61, 1972–73 og 1976.
2. **Hvenær hættu höfðingjar að fara um landið með vopnað lið með sér?**
Eftir siðaskiptin um miðja 16. öld.
3. **Hvaðan voru sjóræningjarnir sem gerðu óskunda á Íslandi á 16. og 17. öld?**
Flestir voru frá Englandi, sumir frá spænskum landsvæðum og einu sinni, 1627, komu ránsmenn frá Norður-Afríku.
4. **„Siðaskiptin á Íslandi voru blóðug átök.“ Er það rétt?**
Ofbeldi var beitt á báða bóga og lokasigur siðskiptamanna náðist með því að síðasta kaþólski biskupinn, Jón Arason, var hálshöggvinn ásamt sonum sínum án dóms og laga. Samanborið við trúarstríð í sumum öðrum löndum voru þetta þó ekki mikil átök.
5. **Hvað var Tyrkjaránið?**
Þessu má svara með ýmsu móti og í löngu eða stuttu máli. Það getur t.d. verið góð æfing í að leita aðalatriðanna með því að takmarka svarið:
„Segið í 10 (eða 20 eða 30) orðum hvað Tyrkjaránið var.“
6. **„Þrátt fyrir Tyrkjaránið höfðu Íslendingar engan áhuga á að vígbúast.“ Er þetta rétt?**
Um þetta voru nokkuð skiptar skoðanir en það viðhorf varð samt ofan á að of dýrt væri að koma upp innlendum vörnum, t.d. varnarskipum, miðað við hættuna á árás sem ekki væri mikil.

- 7. Hvað olli því að Jörger Jörgeren gat tekið völdin á Íslandi árið 1809?**
Aðalskýringin er sú að Englendingar herjuðu á Dani í svokölluðum Napóleonsstríðum svo að þeir gátu lítið sinnt Íslandi á meðan, hvorki með verslun né varnir.
- 8. Búið til tákmynd fyrir hvern af neðantöldum atburðum og ófriðarskeiðum. Þið getið svo gert getraun úr verkefninu.**
- Sturlungaöld.
 - Aftöku Jóns Arasonar og sona hans.
 - Tyrkjaránið.
 - Valdatöku Jörundar.
 - Hernám Breta í seinni heimsstyrjöld.
 - Porskastríðin.

Hér reynir bæði á þekkingu á atburðunum og hugmyndaflug. Hafa má í huga að „tákmyndir“ (logo) eru gerðar fyrir fyrirtæki og stofnanir og á bókarkápum eru oft einfaldar myndir sem eiga að gefa skjóta hugmynd um innihaldið. Kennarinn getur fyrst sýnt dæmi um slíkar myndir til að gefa hugmyndir.

- 9. Í ljóðabrotunum, sem höfð eru með í kaflanum, bera skáldin Ísland saman við önnur lönd. Hvaða þætti er fjallað um?**
Skáldin fjalla m.a. um
- fjarlægð Íslands (og þar með að önnur lönd séu nálæg hvert öðru)
 - auðlegð í öðrum löndum en fátæklegan gróður á Íslandi
 - fagra náttúru Íslands
 - ófrið og plágur í útlöndum en frið á Íslandi
 - forsjón Guðs
- 10. Í þessum kafla er sagt frá ófriði á Íslandi og er ekki frá miklu að segja (sem betur fer). Nefnið einhver lönd þar sem stríð og ófriður hljóta að vera fyrirferðarmeiri í kennslubók um sögu landanna.**
Hér má t.d. nefna Pýskaland, Pólland, Írland, Balkanlöndin, Rúanda og Búrúndí, Suður-Afríku, Palestínu/Ísrael, Írak, Kóreu og Kólumbíu.
Þessi spurning gefur gott tilefni til umræðu. Til dæmis má segja að hjá öllum þjóðum, sem lentu á einhvern hátt í seinni heimsstyrjöldinni, hljóti að vera fjallað talsvert um stríð í kennslubókum. Þetta gildir þá næstum því um öll lönd í heiminum, í mjög mismiklum mæli þó. Myndin verður önnur ef farið er lengra aftur í tímann.
- 11. Getið þið fundið fleiri atburði og tilvik þegar ófriðlegt og róstusamt var á Íslandi?**
Hægt er að fletta „Aldabókunum“ og leita að ófriði og ræða hvers eðlis atburðirnir voru. Nefna má Spánverjavígin 1614, Þjóðfundinn 1851, „hvíta stríðið“ 1921, Gúttóslaginn 1932, NATO-mótmæli á Austurvelli 1949.

12. „Ekki þurfti mikið til að ná valdi á Íslandi á umliðnum öldum.“**Er þetta rétt?**

Tvisvar hefur þetta gerst, með valdatöku Jörundar 1809 og hernámi Breta 1940. Í fyrra skiptið voru aðstæður sérstakar, Evrópustríð hindraði Dani í að verja landið og valdaránið stóð ekki nema í fáeina mánuði. Í seinna skiptið kom flotadeild frá einu mesta herveldi heims og hernam landið en tók ekki stjórn landsins í sínar hendur nema á ákveðnum sviðum. Meðan byggðin var öll dreifð um landið var erfitt að ná valdi á henni. Svárið við spurningunni er því ekki einhlítt. Segja má að fyrirstaðan hafi ekki verið mikil en erfitt hafi verið að ná tangarhaldi á öllu landinu. Og þar að auki var mjög takmarkaður áhugi meðal annarra þjóða á að leggja Ísland undir sig.

13. Hvers vegna var Ísland aldrei hertekið til langframa?

Svarið er að nokkru leyti komið hér á undan. Fyrirhöfnin, kostnaðurinn og andstaðan var alltaf meiri en hagnaðarvonin. Bretar hefðu helst getað gert þetta en þeim þótti vænlegra að eiga friðsamleg samskipti við Íslendinga og hafa gott af fiskimiðunum (jafnvel í óleyfi) án þess að vera með kostnaðarsaman yfirgang.

14. Ætli það væri auðvelt að hertaka Ísland núna?

Nei, aðrar þjóðir og samtök kæmu fljótt til hjálpar.

15. Hvað kosti hefur vopnleysið haft á Íslandi?

Fjárhagslegan sparnað og líklega friðsamlegri samskipti innan lands og utan.

16. Hvaða hugsanlegir ókostir hafa fylgt vopnleysinu á Íslandi?

Þetta er auðvitað erfitt að segja til um. Sumir hafa nefnt að herþjónusta hefði kennt landsmönnum meiri aga. Björn Jónsson á Skarðsá mælti með vopnaburði á 17. öld því að „...að herðir hug þess sem vopnin hefur“. Sumir álíta að Íslendingar hefðu betur getað varist t.d. erlendum sjóræningjum, einnig að þeir hefðu orðið sjálfstæðari og óháðari erlendum þjóðum. Allt er þetta umdeilanlegt.

17. Hugsum okkur að þið væruð uppi fyrir þrjú eða fjögur hundruð árum og orðrómur væri uppi um að sjóræningar ætluðu að herja á heimabyggð ykkar. Hvað væri til ráða? Hugsuð út hvernig hægt væri að verjast eða flýja og hvernig væri hægt að undirbúa þetta.

Hér má láta gamminn geisa en ræða síðan hvað væri raunhæft í hugmyndunum. Sýna má viðtal við konu á Austfjörðum sem segir frá flóttaleiðum sem hún skipulagði sem krakki með bróður sínum ef sjóræningar kæmu, sjá myndbandið Tyrkjaránið, 1. hluta (staðinn á myndbandinu má finna í leiðbeiningum á http://www.namsgagnastofnun.is/pdf/tyrkjarian_klb.pdf).

Einnig er góð hugmynd að nota kennsluáðferðina „hugarflug með leiðsögn“, sjá bókina *Litróf kennsluáðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson, bls. 101–102.

18. Hugsum okkur að jafnaldri ykkar í stríðshrjáðu landi skrifi ykkur og segist hafa heyrt að friðsælt og gott sé að búa á Íslandi. Skriði svarbréf.

Þetta getur verið hvort sem er einstaklings- eða hópverkefni. Gott getur verið að ákveða fyrst frá hvaða landi bréfitarinn komi. Síðan er beitt hugstormun og reynt að tína til sem flest atriði. Þar má segja í stuttu máli hvernig aðstæður hafa verið á Íslandi gegnum tíðina, friðsælt að jafnaði með örfáum undantekningum. Síðan má nefna aðra þætti, svo sem veðurlag, atvinnumöguleika, tungumálið, landvistarleyfi, siði og venjur. Að lokum er bréfið skrifað.

Úti í löndum eldur og stríð

Kaflinn skiptist í tvennt, annars vegar er sagt frá herskipinu Vasa og hins vegar er almennt efni um stríð og frið í Evrópu og á Norðurlöndum sérstaklega. Ástæðan til þess að fjallað er um Vasa er ekki að sjósetning þess sé kjarnaatriði í sögunni heldur er frásögnin höfð sem inngangur að efninu, svipmynd sem opnar sýn í ákveðnar aðstæður, og einnig að skipið er varðveitt og er lýsandi og merkar fornminjar. Almenni hlutinn um stríð á að vera umhugsunarefni um fyrirbæri sem hefur fylgt mannkyninu um langan aldur og nemendur komast ekki hjá að fréttu af og hugsa um. Áherslan er á að leita skýringa á stríðum á fyrri öldum en jafnframt er viðurkennt að slíkar skýringar eru alltaf takmörkunum háðar.

Fyrirsögn kaflans er sótt í kvæði frá 17. öld eftir Bjarna Gissurarson sem gefið er sýnishorn af í kaflanum „Friður í landinu“

Spurningar og verkefni

1. Segið sögu skipsins Vasa frá því að það lagði úr höfn og þar til það fékk stað á safni.
2. Herskipið Vasa þykir mikil gersemi þar sem það er varðveitt núna á safni. Af hverju finnst okkur það vera verðmætt?
3. Hvort voru Danir og Svíar vinir eða óvinir þegar Vasa sigldi af stað? Útskýrið.
4. Hvernig stóð á því að herskip var svo mikið skreytt höggmyndum?
5. Hefðuð þið getað hugsað ykkur að vera háseti eða hermaður á Vasa? Af hverju/af hverju ekki?
6. Sérverkefni. Kynnið ykkur skip frá fyrri öldum.
7. Hvað hefur lengi verið friður í Vestur-Evrópu?
8. Nefnið að minnsta kosti þrjú dæmi um stríð þar sem trúarsjónarmið áttu þátt í því að barist var.
9. Nefnið að minnsta kosti þrjú dæmi um stríð þar sem hagsmunir (völd, áhrif, auðlindir, peningar) skiptu máli.
10. Lengi hafa menn velt því fyrir sér hvers vegna barist er í heiminum í þeirri von að hægt verði að koma í veg fyrir stríð. Hér á eftir eru taldar nokkrar skýringar sem hafa verið settar fram um ástæður ófriðar í mannheimi. Athugið hverja skýringu fyrir sig og finnið dæmi sem benda til þess að hún sé rétt (bæði hér í kaflanum og annars staðar). Ef eitthvað er til í skýringunni, hvað er þá hægt að gera til að draga úr áhrifum hennar?
 - a) Alltaf hefur verið framleitt meira og meira af vopnum sem hafa orðið sífellt áhrifaríkari. Þegar svona mikið af vopnum er fyrir hendi er alltaf hætt við að þau verði notuð.
 - b) Meðan sumar þjóðir lifa við fátækt og óréttlæti er hætt við að þær vilji rétta hlut sinn með því að grípa til vopna.
 - c) Hver þjóð eða hópur lifir í sínum heimi með sín trúarbrögð, lífsviðhorf og hagsmuni og er tortryggin út í aðrar þjóðir og hópa. Þessi tortryggni getur endað í fullum fjandskap og ófriði.
 - d) Þegar eitt ríki verður völdugra en önnur er hætt við að það sýni yfirgang og önnur ríki vilji ná sér niðri á því.
 - e) Í alþjóðasamskiptum er lítið af lögum og reglum og engin alþjóðasamtök eru nógu öflug til að framfylgja þeim.

- f) Hermennska og hetjuleg framganga í stríði eru mikils metin.
Friðurinn þykir hins vegar tilbreytingarlaus og bragðlaus til lengdar.
 - g) Mennirnir eru þannig gerðir að þeir geta unnið grimmdarverk við sérstakar aðstæður þó að þeir séu dagfarsprúðir að öðru jöfnu.
 - h) Stundum komast vondir eða truflaðir menn til valda og hleypa öllu í bál og brand.
11. Skoðið málverkið eftir Rubens sem á að sýna blessun friðarins. Búið nú sjálf til mynd sem sýnir hugmyndir ykkar um blessun friðarins.
 12. Norðurlönd koma nú fram sem samstæður hópur en í árána rás hafa þau oft farið í hár saman eða farið sitt í hverja áttina. Nefnið dæmi um það.
 13. Hvaða mynd finnst ykkur að þið fáið af stríði, annars vegar úr sjónvarpsfréttum og hins vegar úr bíómyndum?

Lausnir

1. Segið sögu skipsins Vasa frá því að það lagði úr höfn og þar til það fékk stað á safni.

Þetta er upprifjunarspurning og kennarinn getur ákveðið nánar hvernig endursögnin á að vera, hve löng, með hvaða hætti (munnleg, skrifleg, myndræn) o.s.frv.

2. Herskipið Vasa þykir mikil gersemi þar sem það er varðveitt núna á safni. Af hverju finnst okkur það vera verðmætt?

Hér er tilefni til að vekja máls á gildi fornminja og gamalla hluta yfirleitt, líka þeirra sem eru ekki eins glæsilegir og Vasa. Til að svara spurningunni má hafa þankahríð (hugstormun) meðal nemendanna og tilvalið að skoða myndir í leiðinni, bæði í kennslubókinni og á vefnum <http://www.vasamuseet.se> Nemendunum dettur áreiðanlega ýmislegt í hug og sumt hefur kennarinn kannski ekki hugsað út í. Til hjálpar við svörin má hafa þessi atriði í huga: Þetta er heillegasta skip frá svo gömlum tíma sem til er og veitir innsýn í verklag, handverk, listir, hernað og mannlíf á sínum tíma. Ef munir af þessu tagi eyðileggjast er ekki hægt að fara „út í búð“ og kaupa annað eins þó að nægir peningar séu fyrir hendi.

3. Hvort voru Danir og Svíar vinir eða óvinir þegar Vasa sigldi af stað?

Í rauninni hvort tveggja. Keppni milli ríkjanna var mikil en þegar þetta gerðist, 1628, hafði Kristján Danakonungur tapað fyrir kaþólska keisarahernum og hann var sameiginlegur óvinur danska og sænska konungsins sem vörðu lútherska trú.

4. Hvernig stóð á því að herskip var svo mikið skreytt höggmyndum?

Þetta var forystuskip sem var kennt við konungsætt. Með höggmyndunum og skrautinu var verið að telja kjark í eigin liðsmenn og sýna óvinunum að hér væri glæstur konungur á ferð. Slíkt hefur áhrif vegna þess að gengi liðsins, bæði í her og á íþróttavelli, fer að miklu leyti eftir því hvernig liðsandinn er og útlit og ásýnd hefur áhrif á liðsandann.

5. Hefðuð þið getað hugsað ykkur að vera háseti eða hermaður á Vasa?

Af hverju/af hverju ekki?

Hér má fara þá leið að telja bæði kosti og galla. Dæmi um kosti:

- Viss ævintýraljómi hefur verið yfir því að komast á svona glæsilegt skip.
- Sumum hefur þótt gaman vera í stórum hópi manna.
- Fyrir marga var gott að fá eitthvað að gera.

Dæmi um galla:

- a) Starfið var lífshættulegt.
- b) Aðstæður voru erfiðar, þröngt á skipum og hætt var við næringarskort í sjóferðum.

6. Sérverkefni. Kynnið ykkur skip frá fyrri öldum.

Þetta getur verið verkefni handa nemendum með sérstakan áhuga. Verkefnið má einnig þrengja, t.d. í „herskip á 16. og 17. öld“. Þá má benda á síðu sem hefur verið útbúin handa ungum skólanemendum um herskipið Mary Rose sem sigldi á vegum Hinriks 8. Englandskonungs hundrað árum á undan Vasa: <http://www.maryrose.org>

Verkefninu má skila með ýmsu móti, t.d. með munnlegri frásögn og myndasýningu.

7. Hvað hefur lengi verið friður í Vestur-Evrópu?

Að mestu leyti frá 1945 þegar seinni heimsstyrjöld lauk. Átök hafa þó verið á Norður-Írlandi.

8. Nefnið að minnsta kosti þrjú dæmi um stríð þar sem trúarsjónarmið áttu þátt í því að barist var.

Hér er ekki átt við að trúmál hafi verið eina ástæða átaka en að þau hafi komið við sögu að meira eða minna leyti. Ýmist má biðja um svör sem takmarkast við kennslubókina eða fara út fyrir hana. Einnig er hægt að nota mismunandi skilgreiningar á stríði; hér er átt við vopnuð átök þar sem barist er fyrir hugmyndalegum markmiðum (t.d. ekki bankarín þó að byssum sé beitt).

Hér eru nokkur dæmi.

- a) Átök milli kaþólskra og mótmælenda á Norður-Írlandi.
- b) Átök milli múslíma, Serba (grísk-kaþólskra) og króata (rómversk-kaþólskra) á Balkanskaga í byrjun og lok 20. aldar.
- c) Átök milli Ísraela (gyðingatrúar) og Palestínumanna (múslíma).
- d) Skærur milli Indlands (hindúa) og Pakistans (múslíma).
- e) Þrjátíu ára stríðið 1618–1648 (einkum milli kaþólskra og mótmælenda).
- f) Áttatíu ára stríð milli Spánar og Hollands 1568–1648 (frelsisstríð Hollands, kaþólskir og mótmælendur).
- g) Uppgangur og fall Máraríkisins á Spáni (kristnir og múslímar).
- h) Krossferðirnar á miðöldum (kristnir og múslímar).

Rök/staðhæfing	Umræða	Mótaðgerðir
Alltaf hefur verið framleitt meira og meira af vopnum sem hafa orðið sífellt áhrifaríkari. Þegar svona mikið af vopnum er fyrir hendi er alltaf hætt við að þau verði notuð.	Erfitt er að segja hve mikil áhrif þetta hefur en bent hefur verið á að vopnaframleiðendur geti haft hagsmuni af því að vopnin verði notuð, einnig að stríð geti byrjað fyrir slysi.	Samið er um takmörkun á vopnakapphlaupi, reynt að banna ákveðnar tegundir vopna og höft sett á verslun með vopn.
Meðan sumar þjóðir lifa við fátækt og óréttlæti er hætt við að þær vilji rétta hlut sinn með því að grípa til vopna.	Misskipting og óréttlæti skapar spennu og hatur sem getur kynt undir harðar aðgerðir, jafnvel að gripið sé til vopna.	Með þróunaraðstoð (þróunarsamvinnu), alþjóðalögum, alþjóðadómstólum, Sameinuðu þjóðunum og fleiru slíku er reynt að jafna kjör og stilla til friðar.
Hver þjóð eða hópur lifir í sínum heimi með sín trúarbrögð, lífsviðhorf og hagsmuni og er tortryggin út í aðrar þjóðir og hópa. Þessi tortryggni getur endað í fullum fjandskap og ófriði.	Það er auðveldara að hata og ráðast á fólk sem maður þekkir lítið eða ekkert og sérstaklega ef sköpuð hefur verið ákveðin óvinamynd af því.	Samskipti af ýmsu tagi, upplýsing og kennsla um siði, sögu og trúarbrögð ólíkra þjóða.
Þegar eitt ríki verður voldugra en önnur er hætt við að það sýni yfirgang og önnur ríki vilji ná sér niðri á því.	Þetta hefur oft gerst eins og lýst er í kaflanum í kennslubókinni.	Bandalög milli ríkja, reglur og samningar geta haldið aftur af einstökum ríkjum.
Í alþjóðasamskiptum er lítið af lögum og reglum og engin alþjóðasamtök eru nógu öflug til að framfylgja þeim.	Talsvert hefur verið samþykkt af alþjóðlegum lögum og reglum en erfiðara er að framfylgja þeim því að hvert ríki ræður sér að mestu leyti sjálft.	Almenningur beitir sér í samtökum og með friðsamlegum aðgerðum til að knýja á um að mannréttindi séu virt.
Hermennska og hetjuleg framgang á stríði er mikils metin. Friðurinn þykir hins vegar tilbreytingarlaus og bragðlaus til lengdar.	Oft er gefin fölsk mynd af stríði og hermennsku og álitnið að háþrúð vopn leysi margan vanda.	Glansmynd hermennskunnar hefur mikið breyst og aðrar dyggðir eru meira metnar.
Mennirnir eru þannig gerðir að þeir geta unnið grimmdarverk við sérstakar aðstæður þó að þeir séu dagfarsprúðir að öðru jöfnu.	Þetta hefur sannast í öllum stríðum á öllum tímum.	Það þarf að koma í veg fyrir að menn lendi í þeim aðstæðum að grimmdin nái yfirhöndinni.
Stundum komast vaddir eða truflaðir menn til valda og hleypa öllu í bál og brand.	Dæmið um Hitler þykir sýna þetta þó að umdeilt sé hvort ástandið hefði orðið allt annað með annan mann við stjórnvölinn.	Lýðræðisskipulag, góð menntun og lífandi áhugi á þjóðmálum eiga að draga úr líkunum á að svona fari.

9. Nefnið að minnsta kosti þrjú dæmi um stríð þar sem aðrir hagsmunir (völd, áhrif, auðlindir, peningar) skiptu mestu máli.

- a) Íraksstríðin.
- b) Víetnamsstríðið.
- c) Báðar heimsstyrjaldirnar á 20. öld.
- d) Prælastríðið í Bandaríkjunum á 19. öld.
- e) Átök Frakka og Englendinga í Norður-Ameríku á 18. öld.
- f) Napóleonsstríðin um og eftir 1800.
- g) Stríð milli Danmerkur og Svíþjóðar á 16. og 17. öld.

10. Lengi hafa menn velt því fyrir sér hvers vegna barist er í heiminum í þeirri von að hægt verði að koma í veg fyrir stríð.

Hér á eftir eru taldar nokkrar skýringar sem hafa verið settar fram um ástæður ófriðar í mannheimi. Athugið hverja skýringu fyrir sig og ræðið hana. Ef eitthvað er til í skýringunni, hvað er þá hægt að gera til að draga úr áhrifum hennar?

Kennarinn er dómbærastur um hvort hann/hún getur notað þessa spurningu. Það má hugsa sér að skipta röksemdunum milli hópa nemenda og láta hópana síðan gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Gera má þetta að kappræðum þar sem hver hópur á að halda fram þeim rökum sem hann fékk úthlutað. Kennarinn getur líka haft þessi rök til hliðsjónar þegar hann/hún fjallar um málið.

11. Skoðið málverkið eftir Rubens sem á að sýna blessun friðarins. Búið nú sjálf til mynd sem sýnir hugmyndir ykkar um blessun friðarins.

Verkefnið getur líka verið „afleiðingar stríðs“. Til undirbúnings þessu má skoða annað mikið málverk eftir Rubens sem heitir Afleiðingar stríðs. Það er sýnt og rætt í byrjun 2. þáttar heimildamyndarinnar Tyrkjaránið sem til er á Námsgagnastofnun. Bæði þessi málverk eru víða til á Netinu og fást með því að setja á leitarvél orðin Rubens peace og Rubens war. Einnig má fá nýja vídd í verkefnið með því að skoða málverkið Guernica eftir Picasso sem er sennilega frægasta myndlistarverkið um málefni stríðs og friðar.

12. Norðurlönd koma nú fram sem samstæður hópur en gegnum tíðina hafa þau oft farið í hár saman eða farið sitt í hverja áttina.

Nefnið dæmi um það.

- a) Kalmarsambandið sprakk í byrjun 16. aldar. Sameinuð Norðurlönd urðu tvö ríki, Danmörk-Noregur (og þar með Ísland) og Svíþjóð-Finnland.
- b) Stríð var milli norrænu ríkjanna tveggja frá seinni hluta 16. aldar til upphafs 18. aldar.
- c) Noregur var slitinn frá Danmörku og Finnland frá Svíþjóð í upphafi 19. aldar.
- d) Noregur og Ísland urðu sjálfstæð lönd á fyrri hluta 20. aldar.
- e) Í seinni heimsstyrjöldinni hernámu Bretar Ísland og Færeyjar, Þjóðverjar hertóku Danmörku og Noreg, Svíþjóð var hlutlaus en Finnar áttu í útistöðum við Rússa.
- f) Eftir seinni heimsstyrjöld gengu Danmörk, Noregur og Ísland í Atlantshafsbandalagið en ekki Svíþjóð og Finnland.
- g) Danmörk gekk fyrst í Evrópusambandið, síðan Svíþjóð og Finnland en Ísland og Noregur standa utan við.

13. Hvers konar mynd finnst ykkur að þið fáið af stríði, annars vegar úr sjónvarpsfréttum og hins vegar úr bíómyndum?

Þetta er umræðusurning sem fjallar um álitamál en hægt er að gera hana hnitmiðaðri með því t.d. að láta nemendur fylgjast með sjónvarpsfréttum ákveðinn dag og meta ákveðnar bíómyndir (sem ekki eru bannaðar börnum).

Ríki og veldi sem gáfu tóninn

Efnislega hefur þessi kafli þrjú meginþætti:

1. Ísland er ekki þungamiðja kaflans eins og er yfirleitt í kennslubókinni heldur er farið út um víðan heim.
2. Þema kaflans er „ríki og veldi“ og þó ekki hver sem er heldur þau sem „gáfu tóninn“ þ.e. voru mótandi um önnur á einhverju tímabili.
3. Kjarnatímabil bókarinnar er u.þ.b. 1500–1800 en umfjöllun um sum ríkjanna nær frá því um 200 f.Kr. og fram á 20. öld. Áhrifa allra ríkjanna gætti þó á kjarnatímabilinu.

Markmiðið með þessu efni og valið á ríkjum og veldum er ekki tilviljunarkennt eða tóm „fróðleiksmolafræði“. Kveikjan að efni er ástand í nútímanum þar sem ríki og veldi hafa menningarleg og stjórnmálaleg áhrif sem einnig börn verða vör við. Nú um stundir eru þessi áhrif skýrust frá Bandaríkjunum. Sjónvarpsstöðvar eru fullar af bandarísku efni, dægurtónlistin sem hljómar í útvarpsstöðvum er að miklu leyti bandarísk eða að minnsta kosti sungin á ensku og ensk tunga litar mjög samskipti fólks. Áhrif frá öðrum ríkjum og veldum eru þó einnig fyrir hendi, til dæmis norræn, ekki síst vegna þess mikla fjölda Íslendinga sem hafa búið, starfað og numið í norrænum ríkjum. Sameiginleg evrópsk áhrif eru vel merkjanleg í löggjöf og reglum af ýmsu tagi, svo að dæmi séu tekin. Ekki skal heldur augunum lokað fyrir því að áhrif eru ekki aðeins í eina átt, jafnvel litla Ísland hefur sett svólítinn blæ á heiminn með miðaldabókmenntum (Eddukvæðum, Íslendingasögum o.fl.), bókmenningu yfirleitt, fiskveiðum, hafréttarþróun, boltaleikmönnum, tónlistarfólki og eldfjöllum svo að nokkuð sé nefnt. Engu að síður er hægt að segja að ákveðin ríki „gefi tóninn“ í heiminum og svo hefur verið frá því að ríki og veldi urðu til. Þetta hefur gerst með ýmsum hætti, með verslun og viðskiptum, með menntun og uppfinningum, með fordæmi og aðstoð en einnig með ofbeldi og hernaði.

Markmið

Markmið kaflans með kaflanum er að fá svör við nokkrum spurningum, t.d. þessum:

1. Hafa verið til um aldir ríki og veldi sem hafa haft forystu í heiminum eða á einhverjum svæðum?
2. Í hverju var forysta ríkjanna fólgin, hvernig gáfu þau tóninn?
3. Hvenær voru áhrif ríkjanna mest?
4. Hvað var athyglisvert og forvitnilegt við þessi ríki og veldi?
5. Hafa þessi ríki skilið einhver spor eftir sig?

Kennsluaðferð

Efni þessa kafla hentar einkar vel til þess að nemendur geri skemmtileg verkefni í hópvinnu. Hér er átt við kennsluaðferð sem kennd hefur verið við „projekt“ og hefur hlotið ýmis nöfn á íslensku svo sem könnunaraðferð, verkefnamiðuð aðferð, viðfangsaðferð, þemaverkefni, efniskönnun eða efnis- og heimildakönnun. Þetta er gamalkunnug aðferð sem byggist á því að valið er afmarkað viðfangsefni, aflað upplýsinga um það með ýmsum ráðum og niðurstöður birtar. Algengt er að viðfangsefnin taki til fleiri en einnar námsgreinar og að unnið sé að þeim í hópvinnu en hvorugt er þó skilyrði. Einkenni aðferðarinnar, sem mælt er með við efni þessa kafla, eru þessi:

1. Meginviðfangsefnið er ákveðið fyrirfram, þ.e. „ríki og veldi sem gáfu tóninn“. Nánari útlitun þess má sjá hér á eftir en kennarinn getur mótað það meira eftir eigin áhuga og í samvinnu við nemendur ef svo vill.
2. Efnisskipting milli nemenda er gefin með því að fjallað er um ákveðin ríki í kaflanum en milli þeirra er hægt að velja og bæta nýjum við.
3. Verkefnið er fyrst og fremst sögulegt og krefst ekki samþættingar milli námsgreina þó að slík samþætting geti verið góð viðbót.
4. Efnisöflunin getur verið misjafnlega frjáls eftir því sem hentar í kennslu á hverjum stað en hér á eftir fylgir ítarleg heimildaskrá sem auðveldar þennan lið.
5. Framsetningin er í höndum kennara og nemenda en þó er gert ráð fyrir að afraksturinn sé sýnilegur, t.d. sýning á veggjum skólans, upplestur, leikræn tjáning og myndgerð. Verkefnið hentar vel til þess að kynna afraksturinn fyrir aðstandendum nemenda.

Um könnunaraðferðina er mikil umfjöllun til á erlendum málum, t.d. á dönsku en í Danmörku er áratugahefð og mikil reynsla í þessum aðferðum og raunar skylda að nota þær við ákveðin tækifæri í skólum. Um hana er margt til á prenti en einnig Netinu. Auðvelt er að slá inn orðin á leitarvél, t.d. *projektarbejde* eða *projektopgaven* og bæta *folkeskole* eða *undervisning* við til að afmarka leitina. Á vef danska menntamálaráðuneytisins <http://www.uvm.dk> er mikið efni um þessa aðferð. Aðferðin er að sjálfsögðu tíðkuð víða um lönd og á ensku má nota orðin *project approach* og afmarka síðan leitina betur.

Þrjár vefsíður verða tilgreindar hér sem dæmi.

Chard, Sylvia. 2001. *Project Approach*.

<http://www.project-approach.com/>

Grosen, Søren og Birgit Potter, Wang. 1999.

<http://www.projektogaven.dk>

Kristensen, Hans Jørgen. *Nogle overvejelser om projektarbejde i skolen*. <http://www.laer-it.dk/gen/informat/hjkriste.htm>

Vinnuferlið

Þegar könnunaraðferð er beitt við efni þessa kafla getur vinnuferlið verið:

1. Áhugi kveiktur. Hér koma ýmsar leiðir til greina. Hægt er að efna til þanka-hríðar þar sem kennarinn setur fram spurninguna: Hvað dettur ykkur í hug þegar ég segi „ríki og veldi“? Kennarinn getur líka sjálfur fjallað á áhuga-vekjandi hátt um fyrirbærin ríki og veldi, t.d. með því að fjalla um nútímaríki sem nemendur hafa innsýn í. Rétt er að varast að hafa þessa umfjöllun einhliða, t.d. yfirgnæfandi neikvæða með því að fjalla mest um yfirgang og ofbeldi.
2. Frumathugun nemenda. Nemendur lesa textann í kennslubókinni um hin ýmsu ríki og veldi, tímaásinn er athugaður, landakort skoðuð og hugað að nokkrum einkennum.
3. Nemendur, t.d. 2–4 í hóp, velja sér ríki/veldi, þau sem fjallað er um í kaflanum eða önnur sem ekki eru nefnd. Rétt er að benda á að hin einstöku ríki og veldi, sem fjalla skal um, eru misjafnlega erfið viðfangs, m.a. vegna þess að mismikið er til um þau á íslensku. Ef bætt er við listann yfir ríki og veldi reynir enn frekar á nemendur, t.d. um upplýsingaöflun.
4. Meginspurningar verkefnisins og efnisþættir, sem eiga að koma fram til að úr verði ein heild, eru ákveðin. Hér er mikilvægt að nemendur séu með í ráðum. Kennarinn getur haft eftirtalin atriði í bakhöndinni og til viðmiðunar. Kennarinn þarf að vera sveigjanlegur og fá allan hópinn (bekkinn) til að komast að samkomulagi um heildarstefnuna sem jafnframt gefur hverjum undirhóp möguleika á að móta efnið innan þess ramma. Í öllum tilvikum er rétt að hafa þessar spurningar í huga:
 - Hvernig getum við tryggt að hin einstöku verkefni myndi eina heild?
 - Eiga allir að leita sömu efnisþáttanna eins mikið og hægt er?
 - Hvað gerum við ef við finnum ekkert um suma efnisþætti?
 - Hve mikið megum við fjalla um efnisatriði sem svara ekki meginspurningunni – ef okkur þykja þessi efnisatriði áhugaverð?
5. Nemendur kynna sér efnið eftir þeim heimildum sem þeim er bent á og/eða þau finna sjálf, bera saman heimildir, vinna úr, draga saman og setja í form sem hentar.

6. Nemendur kynna efnið með sýnilegum og heyrnlegum hætti. Ýmsar leiðir koma til greina og kennari getur valið milli þess að allir hafi sama grunnformið á kynningunni eða að nemendur fái að velja milli mismunandi leiða. Hér eru nokkrar aðferðir:
- Nemendahópurinn kemur fram og kynnir efnið fyrir bekknum og/eða foreldrahópnum eða öðrum áhorfendum. Sjálfsagt er að kennari hvetji nemendur til að beita fjölbreyttum aðferðum svo sem:
 - a) Að flytja fyrirlestur (skemmtilegast ef hann er fluttur blaðlaust).
 - b) Að sýna leikræn tilþrif.
 - c) Að sýna myndir t.d. hollensk eða spænsk listaverk eða myndir frá rústunum í Pompei eða af Márahöllum á Spáni.
 - d) Lesa upp ljóð og sögur t.d. eftir Cervantes, H.C. Andersen eða Dickens.
 - e) Nota landakort (sögukort).
 - f) Sýna búta úr heimildamyndum t.d. um Pompei og bíómyndum t.d. Skytturarnar þrjár.
 - g) Leika tónlist t.d. tyrkneskan mars.
 - Efnið er kynnt með myndum og texta á veggspjöldum. Tilbrigði við þetta er samfelldur tímaás þar sem hvert ríki/veldi fær sinn stað.
 - Gerðar eru vefsíður um efnið, helst ef hægt er að samþætta þetta kennslu í upplýsingatækni þar sem aðferðin getur orðið tímafrek.
 - Nemendur semja smásögu um „sitt“ ríki og veldi, t.d. frá sjónar horni jafnaldra. Sögunum er safnað saman í kver eða á vefsíður.
7. Framlag nemendanna metið (kennaramat, jafningjamat, skriflegt eða munnlegt próf). Að hluta til gerist þetta í öllu vinnuferlinu.

Efnisatriði sem hafa má í huga þegar nemendur rannsaka ríkið/veldið.

- Yfir hvaða landsvæði náði ríkið.
- Yfir hvaða lönd og svæði náðu áhrif ríkisins (og ná kannski enn).
- Hvernig ríkið náði þessum áhrifum (með verslun, tækni, hernaðarmætti eða öðru).
- Hvenær var blómaskeið ríkisins (ef um slíkt er að ræða).
- Hvaða atburðir og breytingar urðu í ríkinu.
- Hvaða tungumál voru töluð.
- Hvaða trú höfðu þegnarnir.
- Sameiginleg einkenni á menningunni.
- Einstakir þættir í menningunni sem vekja athygli.
- Eitthvað athyglisvert í stjórnámálum, tækni eða verkkunnáttu.
- Hvað stendur eftir af ríkinu (áhrif, byggingar, list eða annað).

Yfirsýn

Kosturinn við könnunaraðferðina er að hún getur, ef vel tekst til, veitt þjálfun í margs konar efnum svo sem greiningu á viðfangsefni, flokkun, upplýsingaöflun, heimildamati, samantekt, framsetningu og samvinnu. Hún eykur því ekki aðeins þekkingu á viðfangsefninu heldur leikni á nokkrum sviðum. Einn helsti vankantur við þessa kennsluáðferð er að nemendur verði sérfræðingar í afmörkuðu efni en viti ekki hvað aðrir eru að gera, fái ekki heildarsýn og sjái ekki samhengi. Þetta er út af fyrir sig ekki ófrávíkjanlegt og kennarinn getur auk þess unnið markvisst gegn þessum annmarka. Til þess eru nokkrar leiðir:

- Nemendur kynna efni sitt fyrir samnemendum.
- Nemendur/kennari búa til spurningar, þrautir eða leiki úr sínu efni sem síðan verður verkefni alls hópsins.
- Próf er haldið úr öllu efninu; hugmyndir að spurningum eru gefnar hér á eftir.
- Beitt er svokallaðri púsulaðferð þar sem nemendur kenna hver öðrum það sem þeir hafa kynnt sér sérstaklega, sjá Ingvar Sigurgeirsson, *Litróf kennsluáðferðanna*, bls. 142–144.

Spurningar og verkefni

Hér eru tillögur um spurningar sem hafa má til hliðsjónar þegar keppt er að yfirsýn yfir allt efnið.

1. Hvaða ríki/veldi stóð lengst?
2. Hvaða ríki hefur skilið mest eftir sig (af minjum eða áhrifum)?
3. Nefnið eitt atriði um hvert ríki sem ykkur finnst athyglisvert.
4. Hvaða ríki tengjast á einhvern hátt og hvernig tengjast þau ef svo er?
5. Hvaða tvö ríki eru líkust eða eiga mest sameiginlegt?
6. Hvaða tvö ríki eru ólíkust?
7. Í hvaða ríki hefðirðu helst viljað búa? Af hverju?
8. Veljið það atriði sem sýnir rétta tímaröð á mesta valdatíma ríkja.
 - a) Breska heimsveldið, Rómaveldi, danska ríkið, Astekaríkið, Holland, Bandaríkin, Máraríkið.
 - b) Rómaveldi, Máraríkið, Astekaríkið, danska ríkið, Holland, breska heimsveldið, Bandaríkin.
 - c) Máraríkið, Holland, Astekaríkið, danska ríkið, Bandaríkin, Rómaveldi, Holland.
 - d) Rómaveldi, Máraríkið, Astekaríkið, Holland, breska heimsveldið, Bandaríkin, danska ríkið.
9. Skáldið stutta sögu sem gerist í að minnsta kosti tveim af ríkjunum sem kynnt hafa verið. Hér koma nokkrar hugmyndir um efni en óteljandi margt annað kemur til greina.
 - a) Sendisveit frá Rómaveldi eða Ítalíu á endurreisnartíma, með opinberum fulltrúum og kaupmönnum, fer silkileiðina til Kína.
 - b) Spænskur landvinningamaður (eins og Cortes) kemur til Tenoktítlan.
 - c) Sjóorustan milli Tyrkja og kristinna herja við Lepanto 1571.
 - d) Hollenskur málari er ráðinn á verkstæði í Danmörku.
 - e) Málarinn Rubens frá spænsku Niðurlöndum reynir að koma á friði milli Spánar og Englands og afhendir í London málverk sitt um blessun friðarins.
 - f) Bretar og Frakkar kanna ókunna stigu í Ameríku og komast í kast við Indíána og hver við aðra.

Námsmat

Mikilvægt er að meta bæði vinnuferlið og afurðina sem af því leiðir.

Mismunandi matsaðferðir koma til greina í þessu efni, svo sem:

1. Athuganir kennarans meðan á öllu ferlinu stendur og mat á afurðunum.
2. Sjálfsmat nemandans með því að hann/hún heldur leiðabók, dagbók eða fyllir út matsblöð.
3. Jafningjamat þar sem bekkjarfélagar meta afrakstur hver annars.
4. Samtal kennarans við nemendahópa að loknu verki (útvíkkað munnlegt próf).
5. Skriflegt próf með fjölbreyttum spurningum og verkefnum (sjá spurningarnar á síðunni „Yfirsýn“).

Atriðin sem kennarinn þarf að gaumgæfa í mati sínu eru meðal annars þessi:

1. Hvernig nemendum gekk að afla upplýsinga (ef um þann þátt er að ræða).
2. Hvernig þeim tókst að afmarka efnið, skipta því í efnisþætti og finna meginatriði (rauðan þráð).
3. Hvernig þeir fóru með heimildir en sýndu jafnframt sjálfstæði gagn vart þeim með því að nota eigið orðalag o.s.frv.
4. Hvort nemendunum tókst að koma efninu á framfæri á áhugaverðan og vandaðan hátt.
5. Hvernig samvinnan og verkaskiptingin tókst í hópnum.

Almennt ítarefni

Kennari getur ákveðið hvort hann ætlast til að nemendur afli sér upplýsinga um ríkin og veldin af eigin rammleik. Það getur hins vegar orðið torsótt því ekki er um margt að velja á íslensku máli og sumt torfengið. Því er hér eytt talsverðu púðri í að tína saman rit og aðrar upplýsingar sem möguleiki er fyrir skóla að hafa á boðstólum. Skráin er að sjálfsögðu ekki tæmandi og auk þess sem hér er talið má nefna aðrar upplýsingalindir:

Kennslubækur í sögu fyrir framhaldsskóla geta komið að notum fyrir hina færari nemendur.

Handbækur og vefir sem ekki eru nefndar við hvert efni, svo sem:

Encyclopaedia Britannica (alfræðisafn) <http://search.eb.com/> Ef merkt er við "Britannica Elementary Encyclopedia" fæst einfaldasti textinn.

Gagnasafn Morgunblaðsins <http://safn.mbl.is/>

Fjölmiðlar, í fjölmiðlum er stundum nýtilegt efni að hafa, t.d. heimildamyndir í sjónvarpi.

Jeremy Black (ritstj.). 2001. *Söguatlas Máls og menningar*. Mál og menning, Reykjavík.

MSN Encarta (alfræðisafn á léttu máli) <http://encarta.msn.com>

Vefbókasafnið. Íslensk almenningsbókasöfn. <http://www.vefbokasafn.is/>

Vísindavefurinn, Háskóla Íslands <http://www.visindavefur.hi.is/>

Hér eru dæmi um önnur ríki og veldi sem vel kemur til greina að fjalla um en ekki eru nefnd í bókinni og eru ekki með í itarefnisskránni:

1. Simbabve (Zimbabwe), Malí, Ghana eða önnur fornríki Afríku.
2. Borgríkin í Norður-Afríku, t.d. Algeirsborg.
3. Mongólaveldið.
4. Japan.
5. Kórea.
6. Angkor-ríkið í Kambódíu.
7. Inkaríkið í Suður-Ameríku.
8. Bandaríkin.
9. Rússland.
10. Austurríki.

Rómaveldi

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 433–434 og 446 (Sesar).

Barker, Felix. 1974. *Frumherjar í landaleit*. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 117–129, kaflinn „Landkönnun Rómverja“. Meðalþungur texti og nokkuð sérhæfður.

Bruun, Patrick. 1989. *Saga mannkyns. Ritroð AB. 3. bindi*. Asía og Evrópa mætast, 200 f.Kr.–500 e.Kr. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 143–264 er efnismikil umfjöllun um Rómaveldi allt fram að falli þess, erfið og of viðamikil fyrir flesta nemendur.

Carter, Ron. 1983. *Þróun siðmenningar*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 81–87 er skýr og skorinorður samfelldur texti og skýringarmyndir auk útskýringa á einstökum atriðum í stafrófsröð.

Caselli, Giovanni. 1991. *Mannlíf í aldanna rás*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 14–19. Stuttir og léttir textabútar, stórar myndir.

D'Aponte, Paola. 2001. *Fornmenning og frægar þjóðir*. Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 44–52 er léttur texti og áhrifaríkar myndir, einkum um daglegt líf og hátíðir.

Durant, Will. 1993 (1. prentun 1963). *Rómaveldi, 1–2*. Mál og menning, Reykjavík (1. prentun: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík). Hátt í 800 blaðsíður um stjórnmal og menningu í veldinu; gamalt og vinsælt rit en tæplega við hæfi margra grunnskólanema.

Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir. 1995. *Rauðkápa* (Lestrarbók II). Námsgagnastofnun, Reykjavík, bls. 62–65.

Hartmann, Nils og Bojesen, Johannes. 1998. *Heimur í mótun. Frá árdaga til Rómaveldis*. (Mannkynssaga barna og unglunga, 1.) Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 56–61 er léttur texti og teiknaðar myndir sem fjalla um Rómaveldi frá upphafi til Krists burðar.

Hartmann, Nils og Clante, Charlotte. 1998. *Heimurinn stækkar*. Miðaldir og heimsveldin miklu. (Mannkynssaga barna og unglunga, 2.) Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 56–61 er léttur texti og teiknaðar myndir sem gefa svipmyndir af Rómaveldi frá eyðingu Pompei til falls veldisins.

Häger, Bengt Åke. 1993. *Samferða um söguna*. Mál og menning og Námsgagnastofnun, Reykjavík. Í þessari kennslubók fyrir unglunga er fjallað um Rómaveldi frá upphafi til enda á bls. 50–69.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 52–53 og 58–69. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og mikið af góðum myndum og kortum.

Helgi Skúli Kjartansson, Latína er list mæt. Um klassískustu námsgreinina í skólasögu Vesturlanda. *Uppeldi og menntun*, 1:1992, bls. 125–135.

Jampel, Barbara o.fl. 1997. *Í skugga Vesúvíusar*. National Geographic Television/WQED/Pittsburg/Bergvík. 60 mín. Heimildamynd um eldfjallið Vesúvíus og einkum um borgina Pompei sem varð undir ösku árið 79 e.Kr.

Jón R. Hjálmarsson. 1982. *Af spjöldum sögunnar. 1*. 16 þættir frá steinöld og fornöld. Suðurlandsútgáfan, Selfossi. Á bls. 127–197 er fjallað um valda þætti í sögu Rómaveldis og nágranna þess.

Kinney, Karin (ritstj.). 1999. *Menning fornþjóða*. Vaka–Helgafell. Á bls. 98–119 er léttur texti og fjöldi mynda sem fjallar einkum um menningu í Rómaveldi.

Kristinn Pétursson. 2004. *Rómarvefurinn* <http://www.romarvefurinn.is> Sagan. Fjölbreyttur vefur á íslensku um Róm og rómverska sögu.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 31–33 er fjallað um útpenslu og landkönnun rómverska heimsveldisins. Textinn er allfyrir.

Ori, Laura. 1995. *Saga mannkyns*. Fornar þjóðir. Skjaldborg, Reykjavík. Bókin er ætluð börnum og á bls. 25–39 er gefin innsýn í mannlífið í Róm með léttum texta og áberandi myndum.

Overbye, Stine. 2004. Svartasti dagur Rómverja. *Lifandi vísindi*, nr. 3, bls. 62–65. Sagt frá gosinu í Vesúvíusi 79 e.Kr., einkum byggt á frásögn rómverska sagnaritarans Plíníusar.

Riha, Thomas o.fl. [Án árs]. *Uppgangur og hnignun Rómaveldis*. Coronet/Námsgagnastofnun. 19 mín. Gömul en brúleg fræðslumynd.

Rómaveldi (leitarorð). *Vísindavefurinn* <http://www.visindavefur.hi.is/>

Røhr, Anders og Áhman, Tor. 1992. *Söguatlas. Mannkynssaga í máli og myndum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, bls. 22–29.

Thomsen, Rudi. 1988. *Saga mannkyns*. Ritröð AB. 2. bindi. Samfélög hámenningar í mótun 1200–200 f.Kr. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 239–264 er ítarlegur texti, lýstur með myndum og kortum, um Róm frá stofnun til 200 f.Kr. Textinn er vandaður en mjög ítarlegur og erfiður fyrir flesta nemendur.

The Romans. 2004. BBC. Vefur hjá breska ríkisútvarpinu, mjög léttur og fjölbreyttur. <http://www.bbc.co.uk/schools/romans/>

The Silk Road Project. <http://www.silkroadproject.org/index.html> Mjög umfangsmikill og margverðlaunaður vefur um „silkileiðina“ milli Asíu og Evrópu.

Tolhurst, Marilyn. 1994. *Ítalía (Lönd og þjóðir)*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, bls. 18–19.

Porsteinn Thorarensen (ritstj.). 1977–1984. *Veraldarsaga Fjölva*. Fjölvaútgáfa, Reykjavík. Í 5.–8. bindi er sagt frá Rómaveldi en textinn er mjög ítarlegur og erfiður. Sumir nemendur geta þó haft gagn af að glugga í hann og myndefnið er oft mjög gagnlegt, t.d. í 6. bindi, kaflanum „Rómaborg: Svipmyndir úr þjóðlífi sigurvegaranna“, bls. 50–80.

Kínaveldi

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 290–291.

Barker, Felix. 1974. *Frumherjar í landaleit*. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 131–143, kaflinn „Silkivegurinn frá Kína“. Meðalþungur texti um viðskipti milli Kína og Rómaveldis.

Bruun, Patrick. 1989. *Saga mannkyns. Rit Röð AB*. 3. bindi. Asía og Evrópa mætast, 200 f.Kr.–500 e.Kr. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 10–65 er framhald af umfjöllun um sögu Kína, erfiður en bitastæður texti.

Carter, Ron. 1983. *Þróun siðmenningar*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 56–60 og 90–93 er skýr og skorinorður samfelldur texti og skýringarmyndir auk útskýringa á einstökum atriðum í stafrófsröð.

Grant, Neil. 1983. *Heimur á krossgötum*. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 33–36. Fremur auðveldur texti um Kína frá 15. öld til þeirrar 18.

Gunnes, Erik. 1989. *Saga mannkyns. Rit Röð AB*. 4. bindi. Trúarbrögð takast á, 500–1000. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 140–195 er fjallað um sögu Kína í 500 ár í erfiðum en bitastæðum texta; á síðustu síðu er yfirlit.

Häger, Bengt Åke. 1993. *Samferða um söguna*. Mál og menning og Námsgagnastofnun, Reykjavík. Í þessari kennslubók fyrir unglinga er fjallað um Kínaveldi frá upphafi til 1989 á bls. 248–263.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 30–31, 54–55, 82–83, 136–137, 164–165, 236–237 og 292–293. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og mikið af góðum myndum og kortum.

Kína (leitarorð). *Vísindavefurinn* <http://www.visindavefur.hi.is/>

Lawrence, Clark (ritstj.). 1983. *Mannlíf á jörðu*. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Saga Kína er afgreidd á tveim blaðsíðum, 138–139, með texta, myndum og kortum.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 58–59 er fjallað um leiðangra Kínverja yfir Indlandshaf og siglingatækni þeirra.

Norborg, Lars–Arne. 1987. *Saga mannkyns. Rit Röð AB*. 11. bindi. Evrópa í hásæti, 1815–1870. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 98–108 er fjallað um vestræn áhrif og ítök.

Røhr, Anders og Áhman, Tor. 1992. *Söguatlas. Mannkynssaga í máli og myndum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Á bls. 30–35 er fjallað um Kínaveldi.

Simensen, Jarle. 1987. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 12. bindi. Vesturlönd vinna heiminn, 1870–1914. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 188–203 er fjallað um miklar hræringar og upplausn keisaraveldisins í allerfiðum texta.

Stensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 9. bindi. Markaður og menningarheimar, 1500–1700. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 148–161 er fjallað um Kína á mesta útpensluskeiði þess.

The Silk Road Project. <http://www.silkroadproject.org/index.html> Mjög umfangsmikill og margverðlaunaður vefur um „silkileiðina“ milli Asíu og Evrópu.

Thomsen, Rudi. 1988. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 2. bindi. Samfélög hámenningar í mótun 1200–200 f.Kr. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 10–41 er ítarlegur og býsna erfiður en vandaður texti um stofnun og fyrstu aldir Kínaveldis.

Astekaríkið

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 29.

Astekar (leitarorð). *Vísindavefurinn* <http://www.visindavefur.hi.is/>

Astekar. [Án árs]. Coronet/Námsgagnastofnun, Reykjavík. 11 mín. Gömul en brúkleg fræðslumynd.

Carter, Ron. 1983. *Próun siðmenningar*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 123–125 er skýr og skorinorður samfelldur texti og skýringarmyndir auk útskýringa á einstökum atriðum í stafrófsröð.

Hartmann, Nils og Clante, Charlotte. 1998. Heimurinn stækkar. *Miðaldir og heimsveldin miklu. (Mannkynssaga barna og unglinga, 2.)* Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 54–55 er léttur texti og teikningar sem fjalla um Astekana.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 132–133. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og góðar myndir og kort.

Lambert, François. 1981. *Kortes og Astekagullið í Mexíkó (Fræknir landkönnuðir)*. Fjölvaútgáfa, Reykjavík, bls. 26–48. Teiknimyndasaga um spænsku landvinn-ingamennina sem unnu ríki Asteka.

Millard, Anne. 1997. *Pýramídar*. Mál og menning, Reykjavík. Á bls. 48–51 er auðlesinn texti og mikið myndmál.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 92–96 er fjallað um „árekstur tveggja menningarheima“, Spánverja og innfæddra íbúa Ameríku og Astekana sérstaklega.

Røhr, Anders og Áhman, Tor. 1992. *Söguatlas. Mannkynssaga í máli og myndum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Á bls. 62–65 er stuttlega fjallað um ríkin í Mið- og Suður-Ameríku og landvinninga Evrópumanna.

Steensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritróð AB. 7. bindi. Hin víða veröld, 1350–1500. Almenna bókafélagið, Reykjavík, bls. 196–209 og 247–255.

The Aztecs. 2004. Nettlesworth Primary School. Léttur texti, fjölbreytt efni. <http://www.nettlesworth.durham.sch.uk/time/aztec.html>

The Aztecs. <http://home.freeuk.net/elloughton13/aztecs.htm>. Snaith Primary School. Vefur sem gerður er fyrir nemendur í ákveðnum grunnskóla í Austur-Jórvíkurskíri í Englandi, fjölþættur og á einföldu máli.

Songhæ

Carter, Ron. 1983. *Próun siðmenningar*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 113–115 er skýr og skorinorður samfelldur texti og skýringarmyndir auk útskýringa á einstökum atriðum í stafrófsröð. Fjallað er um veldi og ríki í Afríku áður en Evrópumenn fóru að láta til sín taka þar.

Davidson, Basil. 1987. *Afríka*. Channel 4/Ríkisútvarpið/Námshagstofnun. 3. og 4. hluti þessarar heimildamyndaraðar fjalla um fjarverslun og ríki á svæðinu sunnan Sahara.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 130–131 og 170. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og góðar myndir og kort.

Røhr, Anders og Áhman, Tor. 1992. *Söguatlas. Mannkynssaga í máli og myndum*. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Á bls. 65 er kort af Afríkuríkjum á 16. öld.

Steensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritröð AB. 7. bindi. Hin víða veröld, 1350–1500. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 183–195 er fjallað um Afríku, þar á meðal Songhæ.

Stensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritröð AB. 9. bindi. Markaður og menningarheimar, 1500–1700. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 110–119 er fjallað um Afríku við upphaf afskipta Evrópumanna.

Tyrkjaveldi

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 535.

Bergsteinn Jónsson. 1963. *Mannkynssaga 1648–1789*, bls. 200–209 og 226–242. Fremur erfiður texti.

Grant, Neil. 1983. *Heimur á krossgötum*. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 25–28. Fremur auðveldur texti um íslömsk ríki og einkum um Tyrkjaveldi á 16. öld.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 162–163. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti með góðum myndum og kortum.

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 196–202. Viðráðanlegur texti og skemmtilega skrifaður.

Stensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 9. bindi. Markaður og menningarheimar, 1500–1700. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 86–101 er fjallað um Ósmanaríkið, einkum á 16. öld.

Tyrkland. 2001. South Carolina ETV/Námshagnastofnun. Þetta er myndband sem fjallar að verulegu leyti um sögu Tyrkja og Tyrkjaveldis, talið hæfa unglingum.

Márar

Bro, Thyge C. 1996. Spaniens arabiske arv. *Islamisk Studiebogssamling*.
<http://aftenbladet.no/magasin/reiseliv/article.jhtml?articleID=21274>

Ferðaheimur. Spánn. Sagan. Vefur fyrir ferðamenn. Hér er stuttur og fremur þurrlegur pistill um Máraskeiðið í sögu Spánar.
http://www.lastminuteiceland.is/borgarferdir/spann_sagan.htm

Gunnes, Erik. 1989. *Saga mannkyns*. 4. Trúarbrögð takast á, 500–1000, bls. 110–114. Nokkrar síður í kafla um útbreiðslu íslams.

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 45–49 og 203–211. Saga konungvalds á Spáni og Mára í því samhengi; allerfiður en skemmtilegur texti.

Maurerne i Spania. 2000. *Aftenbladet*.
<http://aftenbladet.no/magasin/reiseliv/article.jhtml?articleID=21274>

Spánn. Draumalandið. 1992. International Video Network/AX film, Reykjavík. Þetta myndband, sem getur verið erfitt að nálgast, er með íslenskum þul og með góðan kafla um Máratímamann og menjar hans.

Porsteinn Helgason. 2002. *Tyrkjaránið*. 3. þáttur: Morðengill. Seylan/Námshagnastofnun. Í þessari sjónvarpsmynd er sagt frá síðasta brottrekstri Mára frá Spáni á mínútunum 10.40–19.20. Þar er m.a. staldrað við í þorpinu Frigiliana sem heldur skipulagi frá tímum Mára og ósigri þeirra er lýst í máli og myndum. Sjá einnig danska vefsíðu um Frigiliana:
<http://www.dansk-oss.com/malaga/malaga/31byer/frigilia.htm>

Ítalía endurreisnarinnar

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 105–106.

Baldini, Umberto og Aðalsteinn Ingólfsson. 1981. *Leonardo*. Iðunn, Reykjavík.

Caselli, Giovanni. 1991. *Mannlíf í aldanna rás*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 28–31. Stuttir og léttir textabútar, stórar myndir.

Grant, Neil. 1983. *Heimur á krossgötum*. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 11–16. Fremur auðveldur texti um endurreisnina innan og utan Ítalíu.

Hartmann, Nils og Clante, Charlotte. 1998. *Heimurinn stækkar. Miðaldir og heimsveldin miklu. (Mannkynssaga barna og unglunga, 2.)* Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 34–39 er léttur texti og myndir sem fjallar um borgarlíf á miðöldum og um Fenejjar og Marco Polo og á bls. 60–61 er texti um endurreisnina.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 124–125 og 146–148. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og mikið af góðum myndum og kortum.

Jón R. Hjálmarsson. 1983. *Af spjöldum sögunnar. 2.* 16 þættir frá síðari öldum. Suðurlandsútgáfan, Selfossi. Á bls. 83–91 er þáttur um „endurreisnarhreyfinguna og Leonardó da Vinci“

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 22–31.

Leonardo (leitarorð). *Vísindavefurinn* <http://www.visindavefur.hi.is/>

Móna Lía (leitarorð). *Vísindavefurinn* <http://www.visindavefur.hi.is/>

Tolhurst, Marilyn. 1994. *Ítalía* (Lönd og þjóðir). Námsgagnastofnun, Reykjavík, bls. 20–21.

Spánn

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 299 (Kólumbus), 323 (landvinningamenn), 486–487.

Ágren, Kurt. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 8. bindi. Ný ásýnd Evrópu, 1500–1750. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 126–141 er fjallað um stórveldistíma Spánar í allerfiðum en vönduðum texta.

Caselli, Giovanni. 1991. *Mannlíf í aldanna rás*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 34–37. Stuttir og léttir textabútar, stórar myndir.

Castlereach, Duncan. 1975. *Landafundirnir miklu (Lönd og landkönnun)*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Nær 200 bls. bók um heimssiglingar Spánverja og Portúgala.

Eckardt, Götz og Dorette. 1960. *Diego Velazquez*. Mál og menning, Reykjavík. Stærsti hlutinn er myndir með skýringum.

Ferrari, Enrique Lafuente. 1981. *Goya*. Iðunn, Reykjavík. Listaverkabók um hinn þekktu spænska málara.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 154–155. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og góðar myndir og kort.

Humble, Richard og Hook, Richard. 1991. *Kólumbus (Ævintýramenn og landkönnuðir)*. Mál og menning, Reykjavík. Bókin er „ætluð stálpuðum börnum“

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 188–195 og 203–211.

Meier, Günter (ritstj.). 1963. *Francisco Goya*. Mál og menning, Reykjavík. Stærsti hlutinn er myndir með skýringum.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 82–85 er fjallað um siglingar Kólumbusar og Amerigo Vespucci.

Thomas, Hugh og ritstjórar tímaritsins Life. 1964. *Spánn*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Spánn. Draumalandið. 1992. International Video Network/AX film, Reykjavík. Þetta er 50 mínútna myndband fyrir ferðamenn og viku oft að sögu landsins.

Stensgaard, Niels. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 9. bindi. Markaður og menningarheimar, 1500–1700. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 41–55 er texti um spænska veldið í Ameríku.

Holland

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 392.

Ågren, Kurt. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 8. bindi. Ný ásýnd Evrópu, 1500–1750. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 142–153 er fjallað um gullöld Hollands í nokkuð erfiðum en vönduðum texta.

Guðmundur J. Guðmundsson. 1991. *Evrópusaga. Frá þjóðflutningum til borgar-samfélags*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 68–72. Samið fyrir unglíngastig grunnskóla.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 176–177 (um verslunarveldi Hollendinga).

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 162–173 og 326–337. „Fullorðinstexti“ en skýrt skrifaður.

Lionello, Puppi. 1981. *Rembrandt*. Iðunn, Reykjavík. Listaverkabók um hinn þekhta hollenska málara.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 124–129 og víðar er fjallað um landkönnun Hollendinga á 17. öld.

Vogel, Ernst (ritstj.). 1966. *Rembrandt*. Mál og menning, Reykjavík. Stærsti hlutinn er myndir með skýringum.

Wallace, Robert. 1977. *Líf og list Rembrandts 1606–1669*. Fjölvi, Reykjavík. Ítarleg og nokkuð erfið bók um hinn þekhta hollenska málara.

Frakkland

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 145–147, 342 og 386–387.

Ågren, Kurt. 1986. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 8. bindi. Ný ásýnd Evrópu, 1500–1750. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 185–213 er einkum fjallað um valdatíma Loðvíks 14. í ítarlegum og allerfiðum texta.

Bergsteinn Jónsson. 1963. *Mannkynssaga 1648–1789*, bls. 97–104, 165–199 og 270–287. Ekkert léttmeti.

Giovanni, Caselli. 1991. *Mannlíf í aldanna rás*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 44–47. Stuttir og léttir textabútar, stórar myndir.

Hartmann, Nils og Clante, Charlotte. 1998. *Heimurinn stækkar. Miðaldir og heimsveldin miklu*. (Mannkynssaga barna og unglunga, 2.) Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 16–17 er fjallað á léttan hátt um “sólkonunginn í Versöllum” og á bls. 40–45 um frönsku byltinguna og Napóleontímenn.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 174–175, 182–187, 198–203, 228–229 og 288–289. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og mikið af góðum myndum og kortum.

Jón Guðnason. 1960. *Mannkynssaga 1789–1848*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 5–105 og 146–162. Ítarlegur og erfiður texti.

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 174–187 og 296–302. Um trúaráttök á 16. öld og eflingu konungsvalds á 17. öld.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 112–118 er fjallað um landkönnun Frakka í Norður–Ameríku.

Norborg, Lars–Arne. 1987. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 11. bindi. Evrópa í háseti, 1815–1870. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 138–237 er fjallað um þjóðfélagshræringar í Evrópu á 19. öld í allerfiðum texta.

Ori, Laura. 1996. *Saga mannkyns frá miðöldum til okkar tíma*. Skjaldborg, Reykjavík. Á bls. 30–31 er svolítill svipmynd af Loðvíki 14.

Røhr, Anders og Áhman, Tor. 1992. *Söguatlas*. Mannkynssaga í máli og myndum. Námsgagnastofnun, Reykjavík. Á bls. 78–85 er fjallað um frönsku byltinguna og Napóleontímann.

Tønnesson, Kåre. 1987. *Saga mannkyns*. Ritroð AB. 10. bindi. Byltingatímar, 1750–1815. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 209–253 er fjallað um frönsku byltinguna og Napóleontímann.

Breska heimsveldið

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur, Reykjavík, bls. 74–75 og 226–227.

Caselli, Giovanni. 1991. *Mannlíf í aldanna rás*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 42–43, 48–51. Stuttir og léttir textabútar, stórar myndir.

Children in Victorian Britain. BBC. 2004. Skólavefur með texta, hreyfimyndum og tali um börn í Bretlandi á 19. öld. <http://www.bbc.co.uk/schools/victorians/>

Famous People. Florence Nightingale. 2004. BBC.
<http://www.bbc.co.uk/schools/famouspeople/standard/nightingale>
Sáraeinfaldur texti, myndir og spurningar um fræga konu á 19. öld, brautryðjanda í hjúkrun á stríðsvettvangi.

Ganeri, Anita; Williams, Brian; Martell Hazel Mary. 1999. *Saga veraldar við upphaf nýrrar aldar*. Ritstj. íslenskrar þýðingar: Sigríður Harðardóttir. Vaka Helgafell.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996 (2. prentun 2000). Iðunn, Reykjavík, bls. 156–157, 182–183, 190–191, 194–195, 226–227, 238–239 og 282–283. Vandaður en nokkuð strembinn og ítarlegur texti og mikið af góðum myndum og kortum.

Jón R. Hjálmarsson. 1983. *Af spjöldum sögunnar*. 2. 16 þættir frá síðari öldum. Suðurlandsútgáfan, Selfossi. Á bls. 133–164 er kafli um iðnbyltinguna í Englandi og fyrstu járnbrautarlestir.

Newby, Eric. 1982. *Könnunarsaga veraldar í máli, myndum og kortum*. Örn og Örlygur, Reykjavík. Á bls. 90–91, 103–111, 118–121, 134–145, 186–190, 208–213, 218–241 og víðar er fjallað um landkönnun Englendinga. Textinn er víða allerfiður.

Norborg, Lars–Arne. 1987. *Saga mannkyns*. Ritröð AB. 11. bindi. Evrópa í hásæti, 1815–1870. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 138–237 er fjallað um þjóðfélagshræringar í Evrópu á 19. öld í allerfiðum texta.

Poulsen, Henning. 1985. *Saga mannkyns*. Ritröð AB. 13. bindi. Stríð á stríð ofan, 1914–1945. Almenna bókafélagið, Reykjavík. Á bls. 120–134 er fjallað í allerfiðum texta um vanda breska veldisins áður en það liðaðist sundur.

Fagurbókmenntir frá dögum breska heimsveldisins eða fyrirennara þess eru til í íslenskum þýðingum. Nefna má þessa höfunda:

Defoe, Daniel (einkum sögu hans um Róbinson Krúsó).

Dickens, Charles (Oliver Twist, Jólaævintýri o.fl.).

Shakespeare, William.

Danska ríkið

Guðmundur J. Guðmundsson. 1991. Evrópusaga. *Frá þjóðflutningum til borgarsamfélags*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 77–83. Norðurlandasaga í stuttu máli. Samið fyrir unglingastig grunnskóla.

Jón Ólafsson. 1992. *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara samin af honum sjálfum* (1661). Mál og menning, Reykjavík. Jón var í þjónustu danska konungvaldsins á fyrri hluta 17. aldar. Erfitt málfar en skemmtilegir kaflar.

Jón Thor Haraldsson. 1980. *Mannkynssaga 1492–1648*. Mál og menning, Reykjavík, bls. 97–104 og 349–358. Danmerkursaga frá siðaskiptum til dauða Kristjáns 4. „Fullorðinstexti“ en skemmtilega skrifaður.

Kristinn Ármannsson. 1951. Lönd og lýðir – *Danmörk*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, Ísland. Gömul bók en kaflinn um sögu Danmerkur er nýtilegur þótt hann sé nokkuð erfiður.

Saga Norðurlanda 1397–1997. 10 ritgerðir. 1997. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn. Misjafnlega erfiðir kaflar, mikið af myndum.

Saga Norðurlanda. 2004. Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn. http://www.norden.org/web/1-1-fakta/is/1-1-4-nordens_hist.asp
Örstutt yfirlit um tengsl Norðurlanda frá Kalmarsambandinu til síðustu ára.

Tryggvi Gíslason. 1998. *Kaupmannahafnarbókin – Borgin við sundið*. Mál og menning, Reykjavík, Ísland. Bókin er samin fyrir ferðamenn en víða er vikið að sögu Danmerkur.

Kaupmaður kannar heiminn

Í þessum kafla er rakin saga eins manns sem ratar venjulega ekki í kennslubækur enda er hann ekki víðfrægur og ekki talinn örlagavaldur í Íslands- eða mannkynssögunni. En hann hentar hins vegar til frásagnar af því að hann tengir saman á sjaldgæfan hátt ýmsa efnisþætti sem vert þykir að segja frá, tengir saman sögu Íslands og Danmerkur og sýnir kaupmennsku og heimsmynd síns tíma, kemur auk þess við sögu þegar einveldi er stofnað. Persónusaga af þessu tagi vísar því stöðugt út fyrir sig, er ekki fyrst og fremst saga þessa tiltekna manns heldur þess samfélags sem hann lifir í en á nærtækari og skiljanlegri hátt. Persónusaga hefur átt misjöfnu gengi að fagna gegnum tíðina en þykir sjálfsögð um þessar mundir, í bland við aðrar frásanaraðferðir. Hér bætist það við að söguhetjan í kaflanum er danskur einokunarkaupmaður en um þá hefur sjaldan verið fjallað sem persónur á Íslandi.

Markmiðið með kaflanum er að nemendur kynnist samfélögunum sem þar er lýst en söguhetjan Hans Nansen er þó ekkert aukaatriði heldur lærist margt af því að setja sig í spor einstaklings og velta fyrir sér gerðum hans og aðstæðum.

Ítarefni

Ítarefni er varla um að ræða, þ.e. um manninn Hans Nansen, þar sem efni kaflans er einkum sótt í gömul dönsk rit sem ekki liggja á lausu. Hins vegar getur verið gagn að því að lesa sér til um einokunarverslunina, einveldið og fleiri þætti sem fjallað er um í kaflanum.

Spurningar og verkefni

1. Nefnið dæmi sem sýnir að Íslendingar hafi lesið Heimslýsinguna eftir Hans Nansen kaupmann.
2. Hvaða tungumál er líklegt að Hans Nansen hafi talað eða að minnsta kosti skilið?
3. Hans Nansen er ekki heimsfrægur maður. Við getum samt sagt að ævi hans segi okkur ýmislegt um heiminn á hans tíma. Eins og hvað?
4. Í kaflanum er annars vegar sagt frá ævi Hans Nansens og hins vegar frá ýmsum þjóðfélagsmálum. Þetta tengist jafnframt verulega mikið. Hvernig eru þessar tengingar?
5. Í kaflanum er talað um borgara og aðal í Danmörku og fleiri löndum. Hvað er átt við með þessu?
6. Sáu borgararnir í Danmörku sér einhvern hag í því að konungurinn yrði einvaldur?
7. Allir sem ná langt í veröldinni eins og Hans Nansen hafa hæfileika til að bera sem fleyta þeim áfram í tilverunni þó að aðstæður og tilviljanir ráði einnig miklu um hvernig fer. Hvaða hæfileikum bjó Hans Nansen yfir og í hverju kom það fram?
8. Komum í öfundsykisleik! Allir þekkja þá tilfinningu að þykja aðrir hafa það betra en maður sjálfur og öfunda þá fyrir það. Gáum nú hver getur öfundað hvern í sögunni um Hans Nansen.
 - a) Drengurinn Hans gat öfundað jafnaldra sína fyrir ...
 - b) Jafnaldrar Hans gátu öfundað hann fyrir ...
 - c) Borgararnir (kaupmenn o.fl.) gátu öfundað aðalsmenn fyrir ...
 - d) Aðalsmenn gátu öfundað kaupmenn fyrir ...
 - e) Hans Nansen gat öfundað Íslendinga fyrir ...
 - f) Konungurinn gat öfundað Hamborgarkaupmenn fyrir ...
9. Veistu um einhvern, núlifandi eða frá fyrri tíð, sem væri tilvalið að segja frá í kennslubók eins og gert var með Hans Nansen?

Lausnir

1. Nefnið dæmi sem sýnir að Íslendingar hafa lesið Heimslýsinguna eftir Hans Nansen kaupmann.

Jón Ólafsson Indíafari notaði kafla úr henni í ævisögu sinni.

2. Hvaða tungumál er líklegt að Hans Nansen hafi talað eða að minnsta kosti skilið?

Dönsku, þýsku og rússnesku og líklega eitthvað í íslensku.

3. Hans Nansen er ekki heimsfrægur maður. Við getum samt sagt að ævi hans segi okkur ýmislegt um heiminn á hans tíma. Eins og hvað?

Tilvalið er að gera þetta að athugunarefni í litlum hópum þar sem nemendur skrifa hjá sér allt sem þeim dettur í hug, síðan eru niðurstöðurnar kynntar, t.d. er eitt atriði í einu frá hverjum hópi skrifað á töflu, þau rædd og metin, samþykkt, hafnað, sameinuð o.s.frv. Hér eru nokkur atriði til viðmiðunar en fleiri atriði og öðru vísi orðuð koma til greina.

- Hvernig heimurinn "stækkaði" og hvernig upplýsingar um hann komust til skila.
- Yfir hvaða svæði danska ríkið náði.
- Hvaða tungumál voru töluð í danska ríkinu.
- Áhuga danskra stjórnvalda (konungs) á að láta til sín taka í heiminum.
- Verslunarfyrirkomulagið á þessum tíma.
- Hver staða kaupmanna og nokkurra annarra þjóðfélagsstétta var, sömuleiðis afstaða þeirra til konungsvaldsins.
- Innsýn í borgarlíf á 17. öld.

4. Í kaflanum er annars vegar sagt frá ævi Hans Nansens og hins vegar frá ýmsum þjóðfélagsmálum. Þetta tengist jafnframt verulega mikið. Hvernig eru þessar tengingar?

Þessi spurning er skyld þeirri á undan og hægt að velja milli þessara tveggja. Fyrst þarf líklega að útskýra hvað þjóðfélagsmál eru, þ.e. málefni sem snerta marga eða flesta í samfélaginu. Hér er tilraun til að svara spurningunni en fleiri gerðir og tilbrigði koma að sjálfsögðu til greina. Kennarinn getur sett þessa töflu upp og gefið fyrsta dæmið. Þetta er meðal annars æfing í að skipuleggja og flokka þekkingu.

Hans Nansen	Þjóðfélagsmál
... gefur út bókina Cosmographia.	Bókaútgáfa, útbreiðsla þekkingar. Könnun heimsins. Danskt lesmál á Íslandi.
... elst upp í Flensborg.	Þjóðir og tungumál í sama ríki. Fjölskylduaðstæður.
... siglir til Rússlands.	Siglingar, landkönnun, tengsl landa.
... gerist Íslandskaupmaður.	Tengsl Íslands og Danmerkur. Einokunarverslun Dana á Íslandi. Borgarlíf í Kaupmannahöfn.
... gengur að eiga dóttur borgarstjóra.	Stétt og staða, fjölskyldur.
... verður borgarstjóri.	Stjórnsmál, borgarar, konungsvald.

5. Í kaflanum er talað um borgara og aðal í Danmörku og fleiri löndum.

Hvað er átt við með þessu?

Borgarar: þeir sem stunda borgaralega iðju í borgum, einkum kaupmenn og iðnaðarmenn.

Aðall: forréttindastétt, ættir sem báru tignarheiti og nutu sérréttinda, bjuggu oftast á sveitasetrum eða í höllum og báru skyldur við konung sem jafnframt tryggði þeim tignina.

6. Sáu borgararnir í Danmörku sér einhvern hag í því að konungurinn yrði einvaldur?

Þeir töldu að aðallinn missti tökin á konunginum að einhverju leyti og gæti ekki beitt jafn miklum þrýstingi og áður til að aðallinn sæti einn að ýmsum réttindum, konungurinn myndi leita enn meira til borgaranna og að þeir fengju jafnari aðgang að embættum.

7. Allir sem ná langt í veröldinni eins og Hans Nansen hafa hæfileika til að bera, sem fleyta þeim áfram í tilverunni þó að aðstæður og tilviljanir ráði einnig miklu um hvernig fer. Hvaða hæfileikum bjó Hans Nansen yfir og í hverju kom það fram?

- Hæfni til að setja upplýsingar fram á einfaldan hátt, sbr. Kosmógrafiuna.
- Dugnaði og kjarki, sbr. ferðirnar til Rússlands.
- Stjórnunarhæfileikum, orðinn leiðangursstjóri tvítugur, síðan verslunarstjóri, borgarstjóri, leiðtogi borgara 1660.
- Hæfileikum til að miðla málum, eins og hann gerði sem fulltrúi kaupmanna gagnvart konungi.
- Frumkvæði – sem hann sýndi við einveldistökuna.

8. Komum í öfundskýkisleik! Allir þekkja þá tilfinningu að þykja aðrir hafa það betra en maður sjálfur og öfunda þá fyrir það. Gáum nú hver getur öfundað hvern í sögunni um Hans Nansen.

- a) Drengurinn Hans gat öfundað jafnaldra sína fyrir að eiga föður á lífi.
- b) Jafnaldrar Hans gátu öfundað hann fyrir að fá að ferðast til fjarlæggra landa.
- c) Borgararnir (kaupmenn o.fl.) gátu öfundað aðalsmenn fyrir að hafa ýmis forréttindi, t.d. aðgang að embættum og fyrir nafnbætur og álit sem þeir nutu.
- d) Aðalsmenn gátu öfundað kaupmenn fyrir ríkidæmi.
- e) Hans Nansen gat öfundað Íslendinga fyrir laxveiðiár.
- f) Konungurinn gat öfundað Hamborgarkaupmenn fyrir kunnáttu í Íslandsverslun.

9. Veistu um einhvern, núlifandi eða frá fyrri tíð, sem væri tilvalið að segja frá í kennslubók eins og gert var með Hans Nansen?

Þessu má taka mátulega alvarlega; nemandanum gæti jafnvel dottið í hug að segja frá sjálfum/sjálfri sér eða einhverjum nákomnum eða þekktri persónu. Svo mætti nota töfluna í spurningu 4 til að fylla í.

Grannkonur skiljast að

Þessi stutti kafli gegnir nokkrum hlutverkum, einkum þessum:

- Hann gefur upplýsingar um þekktan atburð á Íslandi, Tyrkjaránið, og segir frá þekktri persónu, Guðríði Símonardóttur.
- Hér er gefin innsýn í líf og viðhorf einstaklinga til mótvægis við aðra kafla í bókinni þar sem víðast er fjallað um heilar þjóðir, ríki, verslun o.fl.
- Þetta er einkum frásaga af tveim konum en heimildir um konur eru að jafnaði minni en um karlmenn á fyrri öldum.
- Kaflinn gefur tilefni til innlifunar og meðkenndar.
- Í kaflanum er teft fram siðferðilegri spurningu um afstöðu sem tekin er við ákveðnar aðstæður.
- Fjallað er um heimildirnar fyrir því sem sagt er, hvað hægt er að vita með vissu og hvað má giska á með einhverjum sennileika.

Ítarefni

Söguna um Guðríði og Önnu má líta mismunandi augum, hvernig sem fjallað er um hana koma ákveðin sjónarhorn og túlkun fram. Það gildir um textann í nemendabókinni líka þó að reynt sé að gæta jafnvægis. Hér eru taldar þrens konar heimildir um efnið.

- a) Þær frumheimildir sem til eru.
- b) Heimildaskáldsögur þar sem afstaða þessara tveggja kvenna er túlkuð með mismunandi hætti.
- c) Annað efni um sögu Vestmannaeyja og Tyrkjaránsins.

Frumheimildir

Stafsetning er að mestu færð til nútímahorfs og orðalag einfaldað á stöku stað.

Úr Tyrkjaráns sögu Björns Jónssonar á Skarðsá, skráð 1643. Lýsing á siglingu ránsmanna frá Vestmannaeyjum til Algeirsborgar.

Í þessu mikla stormviðri sleit frá Tyrkjaskipinu það danska kaupskipið [sem ræningjarnir tóku í Vestmannaeyjum] og sáu þeir það ekki aftur í viku fyrr en hart nær undir Hispanía [Spáni]. En á því voru ekki fleiri en fjórtán eða fimmtán Tyrkjar en mikil mannmergð af íslenskum. Þar fyrir kom þeim íslensku til hugar að drepa þá því þeir voru allir lausir á skipinu. Fyrir þeirri ráðagerð var einn danskur maður, Jaspár Kristjánsson, hver búfastur hafði verið í Vestmannaeyjum í margt ár. Hann tók til orða við áðurnefndan Pál, sem til Íslands Tyrkjum vísaði, meinti hann sér og öðrum íslenskum trúan vera, að spyrjandi hann, hvað margar mýs hann meinti vera þyrfti um einn kött. En Páll svaraði honum höstugt og þaggaði hann niður með stórum orðum og gekk til Tyrkja, segjandi þeim hans orð. Voru þá allir þeir íslensku í járnfjötur settir fyrir þessa skálks áeggjan og meðalgöngu, allt þar til önnur skipin aftur fundu. Voru þá allir leystir.

Bréf Jaspars Kristjánssonar til Gísla biskups í Skálholti.

Anno 1635. Jaspas Kristjánssonar bréf um sín efni, 24. október.

Eftir því að sá frámi og högagtigi [=háttvirti] guðs orðs þénari herra Gísl Oddsson superintendent Skálholts stiptis hefur óskað og beðist af mér, Jaspas Kristjánssyni, við [= fyrir milligöngu] þann fráma mann Kláus Eyjólfsson, sannandi undirvísan um hag og efni minnar dóttur Önnu Japarsdóttur sem var hertekin á Vestmannaey með öðrum sínum landsmönnum þá datum skrifaðist anno 1627, þann 17. júlí, og henfört [=herleidd] í Tyrkjans land og deer forselt fyrir gull og eller sölf [=silfur]. Allt fyrir voris synders skyld [vegna synda vorra], hvað guð náði og græde fyrir Jesú Kristí sár og undir. Og eftir því að ég var einn í föolge [=fylgd] með og blef [=var] líka seldur og keyptur af þeim sama manni og Tyrkja sem síra Ólafur og hans kvinna og 2 börn hans var keypt. Hans nafn var og er Jóhann Pikkarikk, að mér var sagt. En sem vér vorum ellegar höfðum verið nokkra stund í staðnum og s. Ólafur fékk orlof að sigla hafði áður skrifuð mín dóttir grátið að hún fékk enga vitneskju af mér, því hafði den patrón [=húsbóndi] sem hana hafði keypt aðspurt henni við einn túlk hvað [að] henni væri en hún svaraði og sagði að hún átti einn föður „sem þangað með mér hafði farið og ég veit ei hvar hann er“. Þegar hennar patrón heyrði það lét hann við áður skrifaðan túlk með sínum þénara leita að mér inn til þess þeir fundu mig og hafði [=flutti] mig þangað er hann var. Og sem hann var þess vís að ég var keyptur af áður skrifuðum Jóhanni Pikkarikk keypti hann mig lausan fyrir 300 áttunga, sem hann sagði, og var ég svo í hans húsi 22 vikur. Þessa manns nafn heitir eða hét Jús Hamet. Síðan gaf hann mig lausan svo að ég mætti fara með Júðans skikki í næsta kaþólska land sem heitir Ligorum [Livorno] sem hans bréf nogsom [=nægilega] útvísar sem mig tillstede [=til staðar hjá mér] er þó enginn hér í landi kunni það að lesa. Doktor Hans Resen Hansen kunni ei að lesa það. Síðan hef ég ekkert af honum heyrð eða spurt utan hvað Þorsteinn Ormsson hefur mér sagt að hann var í lífi og hafði átt við áðurskrifaða móður tvö börn. Þessi áður skrifaður maður hafði áður verið einn spanskur maður og var fanginn af Tyrkjum þá hann enn ungur var og þrengt af sinni pápisku trú. En hvað hann er for einn, það veit guð gott verk gerði hann á mér sem sá maður sagði og skrifað stendur í Jóhann. 9. kap.: „Blindur var ég en nú sé ég, sagði hann.“ Svo segi ég: Fanginn var ég, nú er ég laus frá þeirra höndum, svo lengi sem guð vill líða mig syndara. Þetta er það sannasta sem ég hér af segja kann. Og þetta vitna ég fyrir guði og mönnum að svo hefur farið sem nú hef ég skrifað, með eigin hönd undirskrifað. Actum [gert] Vestmannaey þann 13. júní anno 1635.

Vitnisburður Halls Þorsteinssonar um Önnu Jasparsdóttur.

Það kennumst ég, Hallur Þorsteinsson (nú kominn fyrir guðs stóru náð, líkn og þolinmæði úr minni eymdarreiðu og herleiðingar veru úr Tyrkjaveldinu hingað í mitt elskulega og loflega kristna móðurland), að fyrir grenslun, spurn og eftirleitni Jóns Oddssonar um sína kvinnu, Önnu Jasparsdóttur, hver herleidd var ásamt öðrum vorum meðbræðrum á því herleiðingar árinu 1627, hvað ég framast um hennar hag, efni, veru eður afturkomu segja kunni með sannindum og góðri samvisku, og er ég í þann máta það augljóst gjörandi, að fyrrnefnd Anna Jasparsdóttir, hver eð nefnd var kvinna Jóns Oddssonar, er þar vistföst í Tyrkjaríinu með fullkomnum samfélagsskap við einn tyrkneskan heiðingja og honum samþykkt með sönnu hatri og óvild við þá kristnu, svo hennar er ei í neinn máta aftur von hingað til landsins fyrir mínum skilningi, því hún hefur alið börn við sama manni er hún við heldur, og hér er áður nefndur, og er að merkja og reyna sem hans eiginkona sé. Vissi ég seinast til hennar 1632 og vildi hún þá ei sjá íslenska kristna menn, þess heldur umgengni með þeim að hafa. Var þessi vitnisburður útgefinn í Vestmannaeyjum þann 18. júní 1636. Hér hafa undirskrifað með eigin hendi Erlendur Ásmundsson, Kláus Eyjólfsson, Ámundi Þormóðsson.

Þorsteinn Ormsson ber vitni um að vitnisburður Halls Þorsteinssonar sé réttur.

Með sama hætti ber Þorsteinn Ormsson um veru og háttalag Önnu Jasparsdóttur þar í Tyrkjaríinu (og vissi hann til hennar fjögur ár á meðan hann var þar í sinni útleigðar herleiðingu) að það hafi á þennan hátt verið sem Hallur hefur vitnað hinum megin á blaðinu og er hér til vitnis þeir þingmenn sem sín nöfn hér undirskrifa.

Hér hafa undirskrifað með eigin hendi
Ólafur Egilsson, Erlendur Ásmundsson, Kláus Eyjólfsson

Vitnisburður Erlendar Ásmundssonar

Það meðkennist ég, Erlendur Ásmundsson, með þessari minni undirskrifaðri handskrift eftir hreinni samvisku minna óneyddra geðsmuna (ásamt þeim sem sömu geðlundar eru og einnar meiningar til hvorar þeir og einnig með sinni undirskrifaðri handskrift það leggja er þeim hentast þykir) að ég veit ei betur en Jón Oddsson í Vestmannaeyjum, hver sviptur var sinni kvennu fyrir 9 árum og nú fyrir nokkru sögð þar lifa gift einum tyrkneskum heiðingja, sama ár og hún þar kannski með öllu leyti náðandis, til að byrja sitt hjónaband nú hér við hverja ærlega kvenpersónu sem hann þar um tillaitar, og honum þar í samþykkist fyrir utan allar aðrar hindranir, hafi fyrir mér upp á sagt efni slíkar kringumstæður og aðhnígandi málstyrk, sem er í fyrstu: að sama kvenna sem fyrr var um getið, Anna Jasparsdóttir, keyptist sama árs er hún í Tyrkjaríð kom, sem fyrr er áhrætt, og heldur þar við sama heiðingja og alið börn við honum. Leysti hann hennar föður, Jaspas, þannig og er Jaspas hér kom tók hann hennar heimanfylgju af Jóni til vitnis upp á enga von til hennar afturkomu, hvar upp á hann hefur og útgefið sinn vitnisburð sem hann hér þar um ljósast hermir.

Annað er það hún gengur þar fram í mesta meðlæti, klædd í pelli og gulllegum purpura, ei viljandi sjá íslenska kristna menn, enn síður við þá tala. Hér upp á að uppskrifaðir eru tveggja ærlegra manna vitnisburður sem halda að það sé engin von hennar afturkomu og vissi annar til hennar 4 ár en annar lengur.

Priðja er sá 7 ára frestur er bið sem ordinantían [=kirkjuskipan] segir með öðru sem hér að hnígur. Og upp á öll áður sögð efni hef ég lofað að vera í svari við vort góða yfirvald þó Jón giftast vilji svo hann þar út í óhindraður vera mætti, hverja ég nú þennan 20. júní útgefandi er 1636. Hér hefur undirskrifað Erlendur Ásmundsson með eigin hendi

Heimildaskáldsögur og leikrit

Jakob Jónsson. 1948. *Tyrkja-Gudda. Sex leikrit.* Haukadalsútgáfan, Reykjavík.

Jón Helgason. 1963. *Tyrkjaránið.* Setberg, Reykjavík.

Sigfús Johnsen. 1960. *Herleidda stúlkan. Saga frá Tyrkjaráninu.* Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Steinunn Jóhannesdóttir. 1995. *Heimur Guðríðar. Síðasta heimsókn Guðríðar Símonardóttur í kirkju Hallgríms.* Eintal fyrir þrjá leikara og orgel. Fífan, Reykjavík

Steinunn Jóhannesdóttir. 2001. *Reisubók Guðríðar Símonardóttur. Skáldsaga byggð á heimildum.* Mál og menning, Reykjavík.

Úlfar Þormóðsson. 2003. *Hrapandi jörð. Skáldsaga um Tyrkjaránið.* Almenna bókafélagið.

Yfirlit, annað efni um sögu Vestmannaeyja og Tyrkjaránsins

Sigfús Johnsen. 1989 (2. útg.). *Saga Vestmannaeyja, I.* Fjölsýn, Reykjavík.

Þorsteinn Helgason. 2002. *Tyrkjaránið.* Heimildamynd. Seylan/Námshagstofnun, Reykjavík.

Spurningar og verkefni

Kjarnaspurningin í kaflanum er: Hvor valdi rétt? Aðrar spurningar geta þjónað þessari meginspurningu. Hér eru lagðar fram nokkrar spurningar til að móða úr.

1. Í þessum stutta kafla er sagt talsvert frá fimm persónum. Rifjið það upp og skrifið 1–3 línur um hverja.
 - a) Anna Jasparsdóttir
 - b) Jaspas Kristjánsson
 - c) Jús Hamet
 - d) Guðríður Símonardóttir
 - e) Hallgrímur Pétursson
2. Hvað getur Guðríður Símonardóttir hafa átt við í bréfi sínu þegar hún segir að það hafi bæði orðið til að hryggja sig og gleðja að tyrkneskur maður keypti hana og son hennar á markaðstorgi í Algeirsborg?
3. Segðu með eigin orðum hvað þessi hugtök merkja:
 - a) íslam
 - b) múslímar
 - c) Tyrkir
 - d) Márar
 - e) lausnargjald
 - f) herleiðing
 - g) leysingi
 - h) ambátt
 - i) ánauð
4. Hér koma nokkrar fullyrðingar:
 - ___ Anna Jasparsdóttir vildi ekki tala við Íslendinga eftir að hún giftist múslíma.
 - ___ Jaspas frétti af dóttur sinni frá Íslendingum sem komu úr herleiðingunni árið 1645.
 - ___ Anna Jasparsdóttir sá eftir því að hafa skipt um trú og orðið eftir í Norður-Afríku.
 - ___ Guðríður Símonardóttir varð ástfangin af Hallgrími Péturssyni í Kaupmannahöfn.
 - ___ Jaspas fannst tengdasonur sinn vera góður maður.
 - ___ Anna og Jús Hamet voru áfram kristin í hjarta sínu þó að þau hefðu tekið íslamska trú.

Þessar fullyrðingar byggjast á misjafnlega traustum heimildum. Nú skuluð þið velja eina af umsögnunum hér fyrir neðan fyrir hverja fullyrðingu eftir því sem ykkur finnst fara best við.

- Ö** Öruggt. Það er nokkuð öruggt og staðfest af góðum heimildum.
- V** Vafi. Það stendur í sumum heimildum en það getur verið ósatt.
- Á** Ágiskun. Það getur staðist þó að við höfum ekki beinar heimildir um það.
- H** Hver veit? Um það eru engar upplýsingar.

5. Hvor valdi rétt, Guðríður sem sneri heim eða Anna sem varð eftir í Barbaríinu?
6. Hvað finnst þér að þú þurfir að vita til að svara spurningunni um hvor hafi valið rétt, Guðríður eða Anna?
7. Setjið ykkur í spor Jaspars Kristjánssonar og skrifið bréf fyrir hans hönd til Önnu dóttur sinnar eftir að hann er kominn heim aftur til Vestmannaeyja.
8. Setjið ykkur í spor Önnu Jasparsdóttur og skrifið fyrir hennar hönd bréf heim til föður síns.

Lausnir

1. Í þessum stutta kafla er sagt talsvert frá fimm persónum. Rifjið það upp og skrifið 1–3 línur um hverja.

- a) Anna Jasparsdóttir
- b) Jaspas Kristjánsson
- c) Jús Hamet
- d) Guðríður Símonardóttir
- e) Hallgrímur Pétursson

Textinn í kaflanum á að duga til verksins. Um Guðríði og Hallgrím er hægt að afla meiri upplýsinga ef vill en tæpast um hin.

2. Hvað getur Guðríður Símonardóttir hafa átt við í bréfi sínu þegar hún segir að það hafi bæði orðið til að hryggja sig og gleðja að tyrkneskur maður keypti hana og son hennar á markaðstorgi í Algeirsborg?

Hryggðin var eðlilega yfir þeim örlögum að vera seld á þrælatorgi en gleðin var sú að sonur hennar var með henni. (Þau urðu síðar viðskila og hún fór ein til Íslands.)

3. Segðu með eigin orðum hvað þessi hugtök merkja:

Svörin eru til viðmiðunar og orðalag getur að sjálfsögðu verið öðru vísi enda er rétt að hvetja nemendur til að hafa sitt eigið orðalag á svörunum sem tryggt er að þau skilja sjálf.

- f) *íslam* – eingyðistrú sem hefur Allah að guði og Múhameð að spámanni
- g) *múslímar* – fylgjendur íslamskrar trúar
- h) *Tyrkir* – nú: menn frá Tyrklandi, áður: haft um alla fylgjendur íslams, einkum ef þeir komu frá Miðjarðarhafssvæðinu
- i) *Márar* – oftast haft um menn af norður-afrískum uppruna sem bjuggu á Spáni
- j) *lausnargjald* – greiðsla fyrir að fá mann lausan
- k) *herleiðing* – útleiðing vegna nauðungarflutnings
- l) *leysingi* – fyrrum þræll, nú frjáls
- m) *ambátt* – kona sem er þrælkuð, kvenkyns þræll
- n) *ánauð* – þrældómur, ófrelsi

4. Hér koma nokkrar fullyrðingar:

- V *Anna Jasparsdóttir vildi ekki tala við Íslendinga eftir að hún giftist múslíma.*
- Á *Jaspar frétti af dóttur sinni frá Íslendingum sem komu úr herleiðingunni árið 1645.*
- H *Anna Jasparsdóttir sá eftir því að hafa skipt um trú og orðið eftir í Norður-Afríku.*
- Ö *Guðríður Símonardóttir varð ástfangin af Hallgrími Péturssyni í Kaupmannahöfn.*
- Ö *Jaspari fannst tengdasonur sinn vera góður maður.*
- H *Anna og Jús Hamet voru áfram kristin í hjarta sínu þó að þau hefðu tekið íslamska trú.*

Þessar fullyrðingar byggjast á misjafnlega traustum heimildum. Nú skuluð þið velja eina af umsögnunum hér fyrir neðan fyrir hverja fullyrðingu eftir því sem ykkur finnst fara best við.

- Ö *Öruggt. Það er nokkuð öruggt og staðfest af góðum heimildum.*
- V *Vafi. Það stendur í sumum heimildum en það getur verið ósatt.*
- Á *Ágiskun. Það getur staðist þó að við höfum ekki beinar heimildir um það.*
- H *Hver veit? Um það eru engar upplýsingar.*

5. Hvor valdi rétt, Guðríður sem sneri heim eða Anna sem varð eftir í Barbaríinu?

Þetta er auðvitað spurning sem ekkert rétt svar er við. Hins vegar má ræða spurninguna og draga fram þætti sem skýra málið, t.d.:

- Við vitum of lítið til að geta svarað þessu vel. Við vitum ekki einu sinni hvort þær höfðu eitthvert raunverulegt val.
- Aðstæður þeirra voru ólíkar, t.d. var Anna yngri en Guðríður. Hins vegar átti Anna eiginmann á Íslandi og faðir hennar fór þangað líka svo að margt hefði átt að toga í hana.
- Kannski var trúarsannfæring þeirra mismunandi, Guðríður staðföst í kristni sinni en Önnu hefur ef til vill geðjast svo vel að íslam.
- Kannski var Anna yfir sig ástfangin af Máranum.
- Var Anna bláfátæk á Íslandi en sá fram á miklu betri lífskjör í Algeirsborg fyrir sig og nýja fjölskyldu sína?
- Nemendur eru vísir til að finna ný og óvænt sjónarhorn í þessu máli.

6. Hvað finnst þér að þú þurfir að vita til að svara spurningunni um hvor hafi valið rétt, Guðríður eða Anna?

Hér eiga nemendurnir að koma með eigin hugmyndir en kennarinn getur hjálpað til eftir því sem hann metur rétt. Það gæti t.d verið gott að vita meira um:

- hvers konar manneskjur þær voru, Anna og Guðríður.
- hvernig Jús Hamet var.
- hvort Anna átti börn í Vestmannaeyjum.

7. Setjið ykkur í spor Jaspars Kristjánssonar og skrifið bréf fyrir hans hönd til Önnu dóttur sinnar eftir að hann er kominn heim aftur til Vestmannaeyja.

8. Setjið ykkur í spor Önnu Jasparsdóttur og skrifið fyrir hennar hönd bréf heim til föður síns.

Hér má fara mismunandi leiðir:

- Láta kaflann í kennslubókinni nægja sem bakgrunn.
- Hafa frumheimildirnar (sjá ítarefni) til hliðsjónar líka.
- Sjá hvernig höfundar heimildaskáldsagnanna líta á málið (sjá ítarefni).
- Kynna sér stærra svið, t.d. tímabilið sem um ræðir (sjá ítarefni).

Borgirnar brenna

Brunarnir, sem hér er sagt frá, eru kannski ekki „heimssögulegir“ viðburðir og ekki alltaf nefndir þegar verið er að segja sögu Englands, Danmerkur eða Íslands. Þeir voru engu að síður mikil tíðindi á hverjum stað á sínum tíma og lengi á eftir. Í London og Kaupmannahöfn var talað um tímann „fyrir og eftir brunann mikla“. Ástæðan til þess að sagt er frá þessum brunum í kennslubókinni er aðallega önnur og má telja helst þetta:

- Á vissan hátt myndast tengsl milli þessara borga í þrem grannlöndum með því að lýsa álíka áföllum í þeim öllum. Gleði- og áhyggjuefnin eru lík, mönnunum svipar saman.
- Eldurinn í Kaupmannahöfn hefur bein tengsl við Ísland vegna handritanna sem brunnu eða björguðust naumlega undan brunanum og eru nú flest komin aftur til Íslands. Hann er líka þekktur vegna lýsingar á honum í Íslandsklukku Halldórs Laxness.
- Frásögn af hamförum af þessu tagi segir ýmislegt um lífið og tilveruna, í þessu tilviki um líf í borgum á fyrri tíð.
- Þetta efni gefur tilefni til innlifunar. Auðvelt er fyrir börn að lifa sig inn í eldsvoða. Allir þekkja eldinn sem bæði heillar og hræðir. Eldurinn var eitt fyrsta aflið sem mannkynið virkjaði til að bæta tök sín á tilverunni. Hann er bæði afl til eyðingar og uppbyggingar. Miklir eldsvoðar í borgum heyra nú sögunni til en skógareldar gera oft mikinn usla í sumum löndum.

Auðvelt er að beita ýmiss konar kennsluáðferðum við þetta efni, allt frá spjalli og yfirferð yfir efnið til leikrænnar og myndrænnar tjáningar. Sjá „spurningar og verkefni“

Ítarefni

The Great Fire of London

Einfaldast er að setja fyrirsögnina inn á leitarvél á Netinu og þá kemur áreiðanlega margt forvitnilegt. Sumt er svo myndrænt að nemendur ættu að hafa gagn af þó að þeir skilji ekki nema brot af textanum. Þegar leitað var 2003 birtust m.a. tveir góðir vefir frá stórum breskum útvarps- og sjónvarpsstöðvum og einn frá borgarsafninu í London.

Before and After the Great Fire of London. BBC.

<http://www.bbc.co.uk/history/games/fire/>

Fire. Channel 4.

<http://www.channel4.com/history/microsites/H/history/fire/>

Investigate the Great Fire of London. The Museum of London.

http://www.museumoflondon.org.uk/MOLsite/learning/features_facts/tudor_stuart_london_2.html

Nokkrar bíómyndir hafa verið gerðar sem hafa England og London á síðmiðöldum eða 17. öld að bakgrunni, t.d. um Elísabetu I. drottningu. Kvikmyndin *Riddarasaga* (A Knight's Tale) frá 2001 er með nokkrum atriðum þar sem London miðalda er endurgerð, bæði með líkönum, tölvugrafík og sviðsmynd þó að myndin í heild fari mjög frjállega með menningu ýmissa tíma. Ef DVD-útgáfa myndarinnar er notuð er byrjað á að velja "Scene Selection" í aðalvalinu og þar undir má velja ákveðna kafla. Því næst er kafli númer 22 valinn og spólað dálítið áfram þangað til mínúturnar segja 1:29:50. Kaflinn endar svo á tímanum 1:40:00.

Til að átta sig á London, og að hluta til á brunanum, er til bók fyrir ferðamenn: Dagur Gunnarsson. 2000. *Bókin um London.* Reykjavík. Mál og menning.

Kennari sem vill sökkva sér ofan í brunann í London getur pantað:

Tinniswood, Adrian. 2004. *By Permission of Heaven. The Story of the Great Fire of London.* Riverhead Books.

Hanson, Neil. 2002. *The Dreadful Judgement. The True Story of the Great Fire of London.* Corgi Books. Bókin kom einnig út hjá Doubleday 2001 undir heitinu *The Great Fire of London: In That Apocalyptic Year, 1666* hjá John Wiley & Sons.

Eldur í Kaupinhavn

Þó að Jón Ólafsson frá Grunnavík hafi skrifað eina helstu frásögnina af brunanum hefur hún aldrei verið prentuð – nema í danskri þýðingu. Til er grein á prenti þar sem mjög er stuðst við lýsingu Jóns:

Pórhallur Vilmundarson. 1979. Bruninn mikli í Kaupmannahöfn 1728. Söguslóðir. *Afmælisrit helgað Ólafi Hanssyni sjötugum 18. september 1979*. Reykjavík, Sögufélag, bls. 389–415.

Á dönsku er til skemmtilegt 80 síðna hefti, beinlínis ætlað til kennslu á miðstigi, myndskreytt með áhrifamiklum teikningum:

Overskov Carsten. 2000. *Byen brænder*. Myndir eftir Jesper Ejsing. Aalborg, Alinea.

Enn nýrri er 144 síðna bók sem hentar frekar fyrir kennarann. Merkilegt að hún heitir sama nafni og sú fyrrnefnda!

Lauring Kåre. 2003. *Byen brænder. Den store brand i København 1728*. København, Gyldendal.

Einnig má prófa að leita á leitarvél á Netinu og nota t.d. orðin *brand København 1728*.

Miðbæjarbruninn í Reykjavík

Til er bók sem fjallar eingöngu um brunann í Reykjavík 1915 og heitir Í björtu báli. Hún byggist að miklu leyti á viðtölum við fólk sem hafði lifað atburðinn. Þetta er auðveld bók aflestrar og með áhrifamiklum lýsingum. Í fleiri ritum er sagt frá brunanum.

Guðmundur Karlsson. 1963. *Í björtu báli*. Reykjavík, Ægisútgáfan.

Guðjón Friðriksson. 1991/1992. *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar, 1870–1940*. Fyrri hluti. Frá brunanum og brunamálum í Reykjavík er sagt í 18. kafla, bls. 351–364.

Stærsti bruni á Íslandi. *Morgunblaðið*, 26. apríl 1915. Það er hægt að skoða á vefnum <http://sula.bok.hi.is/mbl/>

Pegar Reykjavík brann. 1983. *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess*. Nr. 1, bls. 123–126. Hér er birt góð ljósmynd sem Magnús Ólafsson tók af brúðkaupsgestunum á Hótel Reykjavík þar sem eldurinn kom upp. Nöfn allra eru tilgreind.

Guðjón Friðriksson. 1999. Einar Benediktsson. *Ævisaga. III*, bls. 330. Þar er birt brúðkaupsmyndin sem nefnd var hér að ofan. Í bókinni er einnig sagt frá tengslum Einars Benediktssonar við brunann.

Spurningar og verkefni

1. Hvaða bruni var mestur af þeim þrem sem hér er lýst?
2. Berið saman upphafið á eldsvoðunum þrem. Er eitthvað sameiginlegt?
3. Við skulum bera frásagnirnar saman af þessum þrem atburðum með því að athuga einstaka þætti í frásögninni og merkja við hvort þeir eru með.

	Er sagt frá þessu í kaflanum?	London 1666	Kaupmannahöfn 1728	Reykjavík 1915
1	Hvernig eldurinn byrjaði			
2	Hvað eldsvoðinn stóð lengi			
3	Hvernig vindáttin var			
4	Hvernig reynt var að slökkva eldinn			
5	Úr hvaða efni húsin voru gerð			
6	Hvað borgarstjórinn gerði			
7	Hvað kóngurinn gerði			
8	Sagt frá Íslendingum			
9	Sögð nöfn á persónum sem voru á staðnum			
10	Hvaða heimildir eru til um brunann			
11	Hve margir fórust og hve mikið skemmdist			
12	Hvað gerðist eftir brunann			
13	Hvernig sagt var frá brunanum þegar hann gerðist			

4. Nú skulum við bæta við síðustu spurningu nokkrum enn erfiðari. Flestar spurningarnar eru þannig að þið verðið að segja hvað ykkur finnst og færa rök fyrir því.
 - a) Hvað er mikilvægast af þeim atriðum sem talin eru í spurningu 3?
 - b) Hvað skiptir minnstu máli?
 - c) Frá hverju er sagt sem ekki er talið upp í töflunni?
 - d) Frá hverju er ekki sagt í kaflanum en hefði verið hægt að segja frá?
 - e) Á að vera að segja frá eldsvoðum í kennslubók í sögu?
5. Skriðið stutta sögu eða búið til leikþátt sem gerist í einum af þessum eldsvoðum.
6. Farið í tímaflakk, verið t.d. sjónvarpsfréttamaður sem fer aftur í tímann og lýsir bruna og tekur viðtöl við fólk.
7. Búið til teiknimyndasögu sem fjallar um einhvern brunann.
8. Hvaða afleiðingar höfðu brunarnir?

9. Berið saman ólíkar frásagnir af brunanum í Kaupmannahöfn og finnið hver munurinn er.
10. Kannið aðra stórbruna í sögunni og segið frá þeim.
11. Af hverju er ólíklegt að það verði stórbrunnar í London, Kaupmannahöfn eða Reykjavík nú á dögum?
12. Í kaflanum um miðbæjarbrunann í Reykjavík er sagt frá mörgu fólki.
 - a) Teljið upp þá sem eru nafngreindir.
 - b) Teljið upp þá sem eru nefndir en ekki nafngreindir.
 - c) Hugsið ykkur að þið væruð kennari að semja próf úr þessum kafla. Finnst ykkur rétt að spyrja um eitthvað af mannanöfnunum sem nefnd eru í kaflanum?
 - d) Ef ykkur finnst ekki rétt að ætlast til að nemendurnir kunni þessi mannanöfn, til hvers eru þau þá í kennslubókinni? Breytti það einhverju að sleppa öllum mannanöfnum?
 - e) Segjum svo að þið viljið hafa nöfn á fólkinu í kaflanum. Er eitthvert nafn sem ykkur finnst vanta?

Lausnir

1. Hvaða bruni var mestur af þeim þrem sem hér er lýst?

Bruninn í London – ef miðað er við hve stór hluti borgar eyddist.

2. Berið saman upphafið á eldsvoðunum þrem. Er eitthvað sameiginlegt?

Sameiginlegt er meðal annars að verið var að fást við opinn eld og að eldsmaturinn var mikill, aðallega þurrt timbur.

3. Við skulum bera frásagnirnar saman af þessum þrem atburðum með því að athuga einstaka þætti í frásögninni og merkja við hvort þeir eru með.

Þetta verkefni er til að ganga úr skugga um að nemendur hafi lesið kaflann og einnig til að æfa þá í að leita hratt í gegnum efni, skima það. Þetta er líka æfing í að greina frásögn í einstaka þætti.

	Er sagt frá þessu í kaflanum?	London 1666	Kaupmannahöfn 1728	Reykjavík 1915
1	Hvernig eldurinn byrjaði	X	X	X
2	Hvað eldsvoðinn stóð lengi	X	X	X
3	Hvernig vindáttin var	X	X	X
4	Hvernig reynt var að slökkva eldinn	X	X	X
5	Úr hvaða efni húsin voru gerð	X	X	X
6	Hvað borgarstjórinn gerði	X		
7	Hvað kóngurinn gerði	X	X	
8	Sagt frá Íslendingum		X	X
9	Sögð nöfn á persónum sem voru á staðnum	X	X	X
10	Hvaða heimildir eru til um brunann		X	
11	Hve margir fórust og hve mikið skemmdist	X		X
12	Hvað gerðist eftir brunann	X	X	
13	Hvernig sagt var frá brunanum þegar hann gerðist	X	X	

4. Nú skulum við bæta við síðustu spurningu nokkrum enn erfiðari.

Flestar spurningarnar eru þannig að þið verðið að segja hvað ykkur finnst og færa rök fyrir því.

a) Hvað er mikilvægast af þeim atriðum sem talin eru í spurningu 3?

Þetta er æfing í rökfærslu, athyglisgáfu og hugmyndaflugi. Verkefnið getur hentað vel til hópvinna þar sem hver hópur gerir grein fyrir sínum niðurstöðum og síðan má efna til rökræðu milli hópanna.

b) Hvað skiptir minnstu máli?

Liðunum a og b má breyta þannig að nemendur gefi atriðunum númer eftir mikilvægi.

c) **Frá hverju er sagt sem ekki er talið upp í töflunni?**

Hér má t.d. nefna:

Hvernig eldurinn var slökktur að lokum.

Hve miklar skemmdir urðu.

d) **Frá hverju er ekki sagt í kaflanum en hefði verið hægt að segja frá?**

Frjálst hugmyndaflug! Í framhaldi má spyrja hvort líklegt sé að

upplýsingar séu til um það sem mann langar að vita um.

Hugsanleg atriði:

- **Notuðu einhverjir tækifærið til að stela þegar allt var í ringulreið í brununum?**

Já, í London og Kaupmannahöfn, þótt reynt væri að

stöðva það. Ekki er vitað með vissu um slíkt í Reykjavík.

- **Fengu íbúarnir einhverjar bætur?**

Óvíst í London.

Í Kaupmannahöfn var nokkuð veitt úr konungssjóði til að styrkja heimilislausa sem þurftu að finna sér athvarf úti á landi.

Í Reykjavík voru sumt tryggt hjá tryggingafélögum og annað ekki.

- **Var einhver áfallahjálp veitt á eftir?**

Ekki formleg, en sjálfsagt er misjafnt hve vinir og vandamenn eða aðrir, t.d. prestar, gátu hjálpað til að þessu leyti.

- **Er hægt að sjá einhver merki um þessa bruna enn í dag?**

Já, t.d. ummerki á stöðunum eða minjar á söfnum. Til þess þarf leiðsögn.

e) **Á að vera að segja frá eldsvoðum í kennslubók í sögu?**

Þetta má gera að þrætu þar sem nemendur fá því verkefni úthlutað að

tína til allt sem mælir með þessu eða á móti því. Þetta er ein elsta

kennsluaðferð í heimi!

5. **Skrifið stutta sögu eða búið til leikpátt sem gerist í einum af þessum eldsvoðum.**6. **Farið í tímaflakk; verið t.d. sjónvarpsfréttamaður sem fer aftur í tímann og lýsir bruna og tekur viðtöl við fólk.**7. **Búið til teiknimyndasögu sem fjallar um einhvern brunann.**

Við verkefni 5–7 er hægt að sækja efni í kaflann og einnig ítarefni. Gleymið ekki myndefninu!

8. Hvaða afleiðingar höfðu brunarnir?

Spurningum um orsakir og afleiðingar í sögunni er alltaf erfitt að svara en þó er spennandi að reyna það. Nokkur atriði má nefna:

- Verðmæti glötuðust, t.d. mikið magn af heimildum um London og handrit og bækur í Kaupmannahöfn.
- Brunavarnir voru auknar og reynt að byggja þannig að minni hættu væri á eldsvoða.
- Borgirnar breyttu um svip, sérstaklega London þar sem bannað var framvegis að byggja úr timbri og nokkrar glæsilegar byggingar risu sem Christopher Wren teiknaði, t.d. Pálskirkjan.
- Sumir segja að eldurinn hafi eytt pestarbælum í London og því hafi bólu sótt ekki komið upp aftur. Þetta er þó umdeilt og orsakirnar geta verið aðrar.
- Borgirnar náðu sér aftur og erfitt er því að segja hvort um veruleg langtímaáhrif hafi verið að ræða.
- Miklir atburðir höfðu gerst og frásagnir þeirra lifa enn og vekja athygli.

9. Berið saman ólíkar frásagnir af brunanum í Kaupmannahöfn og finnið hver munurinn er.

Frásagnir sem koma til greina eru:

- Gunnar Karlsson. 1986. *Sjálfstæði Íslendinga. 2. Námsgagnastofnun*, Reykjavík. Í 9. kafla er sagt frá brunanum.
- Halldór Laxness. 1943–1946 (og seinni útgáfur). *Íslandsklukkan*. Helgafell, Reykjavík. Bókin er í þrem hlutum og heitir síðasti hlutinn Eldur í Kaupinhafn. Þar er brunanum lýst í fimmtánda kafla.
- Jón Helgason (tók saman). 1960. *Öldin átjándi*. Iðunn, Reykjavík.
- Jónas Jónsson (frá Hriflu) 1916 (og seinni útgáfur, allt til 1979). *Íslands saga*. Kaflinn Bókarbruninn mikli.
- Þorsteinn Helgason. 2004. *Ein grjóthrúga í hafinu*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Þórhallur Vilmundarson (sjá ítarefni hér að ofan).

Öll þessi rit byggjast mikið á frásögn Jóns Ólafssonar frá Grunnavík. Halldór Laxness skrifaði skáldsögu og hann gat því farið frjállega með þó að hann héldi sig allvel við heimildir. Í Öldinni átjándi eru frásagnir endurorðaðar í stíl fréttablaða þó að stuðst sé við upprunalegar heimildir.

Hér eru nokkrar spurningar sem hafa má í huga þegar ritin eru borin saman:

- Hvernig er sagt frá því hvernig eldurinn kviknaði?
- Hvað á Árni Magnússon að hafa sagt þegar hann sá bækurnar sem ekki varð bjargað?
- Hvaða frásögn er nákvæmust?
- Hvað er spennandi og létt að lesa?
- Hvar er mest af skrýtnum orðum?
- Hvað er erfiðast að skilja?

- Hvar er mest sagt frá handritunum?
- Hvar er mest sagt frá öðru en handritabrunanum?

10. Kannið aðra stórbruna í sögunni og segið frá þeim.

Nefna má bruna í Moskvu 1570, Kaupmannahöfn 1807 (vegna stórskotahríðar sem breski flotinn hélt uppi), Chicago 1871, San Francisco 1906.

Upplýsingar um sumt af þessu eru á Netinu:

<http://stormp.kk.dk/lokalhistorie/historie/bonbardement.htm>

Síða hjá borgarbókasafninu í Kaupmannahöfn um stórskotahríðina og brunann í borginni 1807.

<http://www.chicagohs.org/fire/index.html>

Vefur um brunann í Chicago 1871, gerður 1996 á vegum Sögufélags Chicago og háskóla í borginni.

11. Af hverju er ólíklegt að það verði stórbrunnar í London, Kaupmannahöfn eða Reykjavík nú á dögum?

Reglur um byggingar eru strangari varðandi brunahættu. Minna er verið með opinn eld en áður. Tæki og búnaður til slökkvistarfs eru betri. (Þetta má sundurliða meira og bæta við).

12. Í kaflanum um miðbæjarbrunann í Reykjavík er sagt frá mörgu fólki.

a) Teljið upp þá sem eru nafngreindir.

Hér reynir á að leita vel í kaflanum.

b) Teljið upp þá sem eru nefndir en ekki nafngreindir.

Hér geta komið upp álitamál, t.d hvort „starfsfólkið“ er í þessum hópi. Skynsamlegt getur verið að komast að samkomulagi um að takmarka sig við einstaklinga sem nefndir eru.

c) Hugsið ykkur að þið væruð kennari að semja próf úr þessum kafla. Finnst ykkur rétt að spyrja um eitthvað af mannanöfnunum sem nefnd eru í kaflanum?

Þetta er kjarnaspurning sem ætti að vekja skemmtilegar umræður: Hvaða nöfn ættu allir að þekkja? Líkleg niðurstaða hjá nemendum er að ekki sé ástæða til að þeir leggi þessi nöfn á minnið þar sem þetta fólk kemur ekki við sögu landsmála að öðru leyti.

d) Ef ykkur finnst ekki rétt að ætlast til að nemendurnir kunni þessi mannanöfn, til hvers eru þau þá í kennslubókinni? Breytti það einhverju að

sleppa öllum mannanöfnum?

Þetta er spurning um gildi nafna, gildi þess að geta nefnt fólk á nafn.

e) Segjum svo að þið viljið hafa nöfn á fólkinu í kaflanum. Er eitthvert nafn sem ykkur finnst vanta?

Frjálst val, en ekki kæmi á óvart að einhverjir nefndu brúðina. Upplýsingar um mörg fleiri nöfn er að hafa í bók Guðmundar Karlssonar *Í björtu báli*.

Grannþjóðir í blíðu og stríðu

Kaflinn er yfirlit yfir samskipti Íslands við nágrannþjóðir landsins frá upphafi vega til okkar daga. Byrjað er að kanna grundvöllinn fyrir þessum samskiptum þar sem nálægð og fjarlægð skipta mestu máli þó að aðrir þættir hafa líka sitt að segja. Kennarinn getur byrjað á því að reifa málið á almennum grunni, t.d. með því að leggja fyrir léttu könnun í spjallformi eða með formlegri hætti til að „hita upp“ með spurningar í þessum dúr í huga:

- Til hvaða landa hafið þið komið?
- Þekkið þið einhverja sem hafa lært í útlöndum; í hvaða löndum þá?
- Þekkið þið einhverja sem hafa unnið í útlöndum; í hvaða löndum þá?
- Til hvaða borga er mest flogið frá Íslandi?
- Hvaða þjóðir eru kallaðar „frændþjóðir“ okkar?
- Til hvaða landa haldið þið að við Íslendingar sækjum mest af fyrirmyndum?
- Í hvaða landi vilduð þið helst búa fyrir utan Ísland?

Í kaflanum er ekki einungis rakin samskiptasaga Íslands, það er líka er fjallað um áhrif erlendra aðila á land og þjóð og um vandamál og úrbætur í þjóðlífinu. Þessu er fléttað saman við samskiptasöguna enda var yfirstjórn landsins í Danmörku og úrlausn margra mála var dansk-íslenskt viðfangsefni. Hér getur kennarinn farið sömu leið og með samskiptasöguna, að taka dæmin úr nútímanum til að átta sig á um hvað málið snýst. Ísland er nú sjálfstætt og fullvalda ríki en fjölmörg vandamál og úrlausn þeirra eru fjölþjóðleg. Mikill hluti íslenskra laga og reglna er samevrópskur og er útbúinn í Evrópusambandinu. Á hinn bóginn réðu Íslendingar flestum málum sínum sjálfir þó að yfirstjórnin væri í Kaupmannahöfn. Munurinn á „sjálfstæði“ nútímans og „ósjálfstæði“ fyrri alda er því minni en margur heldur.

En svigrúmið og frelsið markast ekki einungis af formlegu valdi heldur líka af möguleikum fólks til að nýta sér frelsið. Kennarinn getur m.a. tekið dæmi um ferðafrelsi. Á fyrri öldum voru yfirleitt ekki miklar takmarkanir á frelsi fólks til að ferðast milli landa. Jón Ólafsson Indíafari, sem sagt er frá í kennslubókinni, fór til dæmis sem ungur maður á Vestfjörðum óhindrað á ensku skipi til Englands, síðan til Danmerkur og seinna til Austurlanda. Þetta gerðu fleiri, til dæmis þegar harðnaði í ári, ef marka má samtímaskáld Jóns sem hneykslaðist á fólki sem „læðist héðan í löndin góð/að lifa í sældarblóma“. Þetta gátu samt aldrei margir gert, aðallega vegna þess að það var dýrt og ótryggt. Á seinni hluta 19. aldar opnaðist leið til þess að flytja til Norður-Ameríku og margir Íslendingar tóku sig upp af því að þeim buðust þar betri kjör. Í byrjun 20. aldar lokaðist fyrir þennan möguleika og á seinni árum er vandkvæðum bundið að fá dvalar- og atvinnuleyfi í Norður-Ameríku. Á 20. öld voru almennt ríkjandi miklar hömlur á utanlands-

ferðum. Vegabréfsáritun þurfti til að mega stíga á erlenda grund og erlendur gjaldeyrir, sem hægt var að útvega á Íslandi, var naumt skammtaður. Á 6. áratugnum var vegabréfaskyldan afnumin milli Norðurlanda og um aldamót var Vestur-Evrópubúum frjálst að vinna og búa í hvaða vestur-evrópsku landi sem er. Á sama tíma hefur fólk meira handa á milli og utanlandsferðir hafa lækkað mjög í verði. Önnur hlið á þessu máli er að það eru líka lífsgæði og frelsi að geta búið áfram á heimaslóðum sínum. Nú þegar ferðafrelsi hefur aukist hefur flóttafólki fjölgað, því fólki sem ekki getur búið á heimaslóðum sínum vegna ofsókna, stríðs og hungurs.

Hvert tímaskeið í sögunni hefur sín vandamál og úrlausnarefni og mismunandi hugmyndir eru uppi um lausnir þeirra. Í kaflanum er lýst ýmsum vanda sem skilgreindur var á 18. öld, mismunandi skoðunum á lausnum og framkvæmdum sem gripið var til.

Ítarefni

Í öllum yfirlitsritum um Íslandssögu er fjallað um samskiptin við grannþjóðirnar en á mismunandi hátt enda eru viðhorf og túlkanir höfundanna mismunandi á ólíkum tímum. Þessi má nefna sem dæmi.

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg, Helgi Skúli Kjartansson. 1989/1991. *Íslenskur söguatlas*, 1. bindi: Frá öndverðu til 18. aldar. Almenna bókafélagið/lðunn, Reykjavík.

Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg, Helgi Skúli Kjartansson. 1989/1991. *Íslenskur söguatlas*, 2. bindi: Frá 18. öld til fullveldis. Almenna bókafélagið/lðunn, Reykjavík.

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson. 1991. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag, Reykjavík.

Einar Laxness. 1995/1998. *Íslandssaga a-ö*, I-III. Vaka-Helgafell, Reykjavík

Helgi Þorláksson. 2003. *Saga Íslands*, IV. (Fjallar um tímabilið 1520–1640). Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, Reykjavík.

Um samskipti við Englendinga má nefna sérstaklega stutta en haldgóða grein og eitt viðtal.

Anna Agnarsdóttir. 1993. Ísland á bresku áhrifasvæði fram að síðari heimstyrjöld. Frændafundur. *Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík*. Háskólaútgáfan, Reykjavík, bls. 162–178.

Samskipti Englendinga og Íslendinga á 15. öld. Viðtal við dr. Wendy Childs. *Lesbók Morgunblaðsins*, 14. nóv. 1998, bls. 6.

Enn fremur má vísa í itarefni sem talið er upp við kaflann „Friður í landinu“

Spurningar og verkefni

1. „Nálægðin hefur mest að segja um tengsl milli landa, því nálægari sem löndin eru því meiri tengsl og sambönd.“ Athugið hvað er til í þessari fullyrðingu með sérstöku tilliti til Íslands.
2. Þið sjáið að þýskir kaupmenn höfðu á tímabili talsverðan áhuga á Íslandi og vel mætti hugsa sér að framhald hefði orðið á þýskum áhrifum á Íslandi. Það varð hins vegar ekki enda má segja að aðstaða þeirra hafi verið ólík þeim sem dönsku kaupmennirnir nutu og jafnvel þeir ensku líka. Hver var þessi munur?
3. Dönsk kennslubók í sögu, sem fjallar um tímabilið frá því um 1400 til 19. aldar, heitir Þegar Danmörk varð minni og heimurinn stærri. Hvernig á að skilja þetta heiti?
4. Það getur verið góð æfing að hugsa sér hvað hefði getað gerst í fortíðinni - þó að það gerðist ekki. Það reynir bæði á ímyndunaraflið og þekkinguna því að skáldskapurinn þarf að vera sennilegur. Prófið eitthvað af þessum æfingum.
 - a) Hvað hefði gerst ef einokunarkaupmennirnir hefðu ekki verið skyldaðir til að sigla á svona margar hafnir?
 - b) Hvernig væru Íslendingar núna ef enska konungsstjórnin hefði tekið að sér stjórn Íslands fyrir nokkrum öldum?
 - c) Hvernig hefði verið fyrir landsmenn að hafa frjálsa verslun við útlönd í staðinn fyrir einokunarverslunina?
5. Í kaflanum er lýst vandamálum í íslensku þjóðfélagi á 18. öld, tillögum til úr lausnar, mismunandi viðhorfum til þessara úrlausna og nokkrum aðgerðum til úrbóta.
 - a) Hvaða vandamál hrjáðu íslenskt þjóðfélag á 18. öld?
 - b) Hvaða hugmyndir voru uppi um lausnir á þessum vanda?
 - c) Segið frá gagnrýni á einhverjar af þessum lausnum.
 - d) Til hvaða aðgerða (framkvæmda) var gripið til að leysa vandann?
 - e) Hver var hlutur Dana í lausnum á vandamálunum?
6. Eftir lýsingunum í kaflanum að dæma voru Íslendingar ósköp íhaldssamir, voru á móti flestum breytingum.
 - a) Hvaða breytingum voru þeir á móti?
 - b) Hverju gátu þeir hugsað sér að breyta?
 - c) Er þessi íhaldssemi skiljanleg?
7. Hvenær hefur verið mest samband milli Íslands og Bretlandseyja gegnum tíðina og hvers konar samband hefur verið um að ræða?

8. Hverjir hafa mestan áhuga á Íslandi? Þið sjáið að nokkur lönd hafa haft mest tengsl við landið um árabíl. Ýmislegt kemur þar til og hér skulum við gefa einstökum þáttum stig, 1–5, eftir mikilvægi þeirra. Miðum við Íslandssöguna frá upphafi til þessa dags og takið tillit til þess hve lengi einstakir þættir vara.

	Norðmenn	Írar	Græn- lendingar	Danir	Englend- ingar	Þjóðverjar	Bandaríkja- menn
Fjarlægð							
Tungumál							
Menning							
Trú							
Styrkur ríkis							
Verslunarhagsmunir							
Bein íbúatengsl							

Lausnir

1. „Nálægðin hefur mest að segja um tengsl milli landa, því nálægari sem löndin eru því meiri tengsl og sambönd.“ Athugið hvað er til í þessari fullyrðingu með sérstöku tilliti til Íslands.

Margt er til í þessu en fleiri þættir (menning og ríkisvald) hafa einnig áhrif og geta stundum orðið yfirsterkari. Dæmi:

- Tengslin við Grænland hafa ekki verið mjög sterk þó að landið sé stutt frá Íslandi vegna þess að menningin er ólík.
- Ísland tengdist Noregi á 13. og 14. öld þegar norska ríkið (konungsvaldið) var sterkt og sýndi áhuga á Íslandi.
- Tengslin urðu sterkari við Danmörku seinna þegar danska ríkið varð því norska yfirsterkara.

2. Þið sjáið að þýskir kaupmenn höfðu á tímabili talsverðan áhuga á Íslandi og vel mætti hugsa sér að framhald hefði orðið á þýskum áhrifum á Íslandi. Það varð hins vegar ekki enda má segja að aðstaða þeirra hafi verið ólík þeim sem dönsku kaupmennirnir nutu og jafnvel þeir ensku líka. Hver var þessi munur? Dönsku og þýsku kaupmennirnir höfðu sterkt konungsvald á bak við sig en þeir þýsku voru frá sjálfstæðum borgum en höfðu ekki stuðning frá ríkisvaldi enda varð sterkt ríkisvald á svæði þeirra ekki til fyrr en löngu seinna.

3. Dönsk kennslubók í sögu, sem fjallar um tímabilið frá því um 1400 til 19. aldar, heitir *Pegar Danmörk varð minni og heimurinn stærri*. Hvernig á að skilja þetta heiti?

Danska ríkið missti landsvæði til Svía á 17. öld, Noregur yfirgaf ríkið skömmu eftir 1800 og seinna á 19. öld misstu Danir landsvæði til Þýskalands og Ísland yfirgaf ríkisheildina á 20. öld. Á sama tíma „fundust“ (þ.e. tengdust) heimsálfurnar Evrópa, Ameríka og Ástralía; menn fóru víðar og könnuðu heiminn, flutningar á fólki urðu meiri o.s.frv.

4. Það getur verið góð æfing að hugsa sér hvað hefði getað gerst í fortíðinni – þó að það gerðist ekki. Það reynir bæði á ímyndunaraflíð og þekkinguna því að skáldskapurinn þarf að vera sennilegur. Prófið eitthvað af þessum æfingum.

- a) Hvað hefði gerst ef einokunarkaupmennirnir hefðu ekki verið skyldaðir til að sigla á svona margar hafnir?

Þá hefði byggðin kannski þjappast fyrr saman (eins og seinna varð) en fólki fækkað þar sem engin sigling var.

- b) Hvernig væru Íslendingar núna ef enska konungsstjórnin hefði tekið að sér stjórn Íslands fyrir nokkrum öldum?

Um þetta er auðvitað ómögulegt að segja en það má spyrja ýmissa spurninga:

- Væri enska ríkjandi tungumál á Íslandi?
- Væri herskylda á Íslandi?
- Hefðu Englendingar eftl útgerð og iðnað á Íslandi?

c. Hvernig hefði verið fyrir landsmenn að hafa frjálsa verslun við útlönd í staðinn fyrir einokunarverslunina?

Erfitt að segja en að gamni má setja upp þrjá möguleika:

- Kostur 1: Stundum vildu engir sigla til landsins af því ekkert var á því að græða og landsmenn liðu mikinn skort. Byggðin lagðist af þar sem engir nenntu að versla við landsmenn.
- Kostur 2: Englendingar, Hollendingar, Þjóðverjar, Baskar og Frakkar kepptust um að útvega landsmönnum sem bestan varning til að fá fiskinn og stunda hér veiðar, fleiri og fleiri settust að og bæir risu við ströndina.
- Kostur 3. Englendingar urðu yfirsterkari í samkeppninni um Íslandsverslunina og veiðarnar. Þeir fluttu í stórum stíl til landsins og í Vestmannaeyjum var komið upp sakamannanýlendu. Herskylda var tekin upp og enska varð fljótlega ráðandi tungumál.

5. Eftir lýsingunum í kaflanum að dæma voru Íslendingar ósköp íhaldssamir, voru á móti flestum breytingum.

Rétt er að hafa í huga að hér er um alhæfingar að ræða, aðallega byggðar á ummælum menntamanna/ráðamanna á Íslandi og erfitt að segja hve almennar þessar skoðanir voru. Svörin er að finna í kaflanum í bókinni en hér er kjarni þeirra.

a) Hvaða breytingum voru þeir á móti?

Þeim leist ekki á að fólki yrði almennt leyft að stunda frjálsa vinnu, þ.e. að vera lausamenn eins og kallað var, þar sem hætt væri við að lausamenn þyrftu að leita aðstoðar hjá hreppnum, “færi á sveitina” eins og síðar var kallað. Þeim leist ekki á að fólk settist að í hópum við sjávarsíðuna og að þar mynduðust varanlegar byggðir vegna þess að sjávaraflinn væri svikull og þetta fólk gæti komist á vonarvöl. Þeim leist ekki á að verslun við útlönd yrði alfrjáls og væri ekki bundin þeim reglum sem danskir einokunarkaupmenn þurftu að lúta.

b) Hverju gátu þeir hugsað sér að breyta?

Menn gátu hugsað sér ýmsar endurbætur í landbúnaði, betri kjör fyrir leiguliða, meiri ræktun, kartöfluræktun (treglega þó kynbætur á búfé o.fl. Húsbændur gátu hugsað sér meiri aga á vinnufólki og börnum og t.d. var tilskipunum um aukna lestrarkennslu fylgt eftir.

c) Er þessi íhaldssemi skiljanleg?

Íhaldssemin er skiljanleg þar sem tilraunir og áhætta gátu verið spurning um líf eða dauða því að litla varasjóði var upp á að hlaupa, öðru vísi en nú er.

7. Hvenær hefur verið mest samband milli Íslands og Bretlandseyja gegnum tíðina og hvers konar samband hefur verið um að ræða?

Upplýsingar um þetta er að hafa í kaflanum en samskiptin var flokka þannig:

- Landnámsöld. Frjálsir menn og þrælar, einkum konur, koma frá Bretlandseyjum til Íslands og urðu annar stofninn í íslensku þjóðinni.
15. öld. Mikil samskipti á mörgum sviðum, í fiskveiðum, verslun, stjórnámálum og menningu.
16. og 17. öld. Englendingar fiska við landið og versla við Íslendinga, stundum með leyfi Danakonungs en stundum í óleyfi, og stöku sinn- um koma þeir fram sem sjóræningjar.
18. og 19. öld. Í lok 18. aldar óx áhugi Breta á landinu, þeir komu í könnunarferðir, höfðu afskipti af verslun og stjórn landsins (einkum í Napóleonsstríðunum) og hófu mikla verslun við landsmenn eftir að verslun var gefin frjáls 1855.
- Fyrir hluti 20. aldar. Ísland var á “bresku valdsvæði” og það kom skýrt fram í heimsstyrjöldunum báðum, einnig í umfangsmikilli verslun og fjármálaviðskiptum.
- Um 1950–1975. Þorskastríðin.
- Síðustu áratugir. Íslendingar sækja mjög viðskipti til Bretlands. Þetta sést á einfaldan hátt í því að beint flug frá Íslandi er einkum til tveggja borga, Kaupmannahafnar og London.

8. Hverjir hafa mestan áhuga á Íslandi? Þið sjáið að nokkur lönd hafa haft mest tengsl við landið í gegnum tíðina. Ýmislegt kemur þar til og hér skulum við gefa einstökum þáttum stig, 1–5, eftir mikilvægi þeirra. Miðum við Íslandssöguna frá upphafi til þessa dags og takið tillit til þess hve lengi einstakir þættir vara.

	Norðmenn	Írar	Græn- lendingar	Danir	Englend- ingar	Þjóðverjar	Bandaríkja- menn
Fjarlægð							
Tungumál							
Menning							
Trú							
Styrkur ríkis							
Verslunarhagsmunir							
Bein íbúatengsl							

Kennarinn getur einfaldað málið með því að sleppa einhverjum þjóðum úr töflunni.

Þetta er umræðuverkefni og leikur sem ekki er pottþétt svar við en efniviðinn má sækja í kaflann.

Eyjan og umheimurinn

Í þessum kafla er fyrst fjallað um vítt svið, hið almenna, áður en valið er þröngt svið, hið sértæka. Þemað er tengsl milli landa, eins og víðast í bókinni, en hér er bent á hve tengslin geta verið margvísleg og síðan er fjallað um þrjú afmörkuð efni: sjúkdóma, útbreiðslu tækni (skipagerðir, nánar tiltekið) og loks um hugmyndastefnur og -strauma. Í öllum dæmum er talað um tengsl sem leiða til áhrifa.

Kennarinn getur farið eins að og vakið fyrst máls á hinu almenna sviði, tengslum milli landa. Sumum hentar að varpa opinni spurningu til nemenda áður en þeir lesa kaflann: *Hvaða tengsl er hægt að hugsa sér milli landa?* Nemendur láta síðan móðan mása og skrifa hjá sér allt sem þeim dettur í hug (þankahrið, hugstormun). Þá er hægt að hugsa sér að fram komi orð eins og: verslun, kók, sumarfrí, ferðalög, göng (undir Ermarsund), farfuglar, læra í útlöndum, fréttir, tungumál... og ótal margt annað! Næsta mál á dagskrá er að flokka hugmyndirnar. „Kók“ fellur undir verslun, „læra í útlöndum“, „ferðalög“ og „sumarfrí“ geta heyrt undir flokk sem bæri heitið heimsóknir eða persónuleg sambönd. „Göng“ falla hins vegar undir tæki til að auka samskipti (eins og brýr, skip og sími) og farfuglar lenda utan við viðfangsefnið því að við miðum við samskipti milli manna. Síðan má lesa kaflann og bera niðurstöðurnar saman.

Aðrir kennarar geta kosið að láta nemendur lesa fyrsta (almenna) hluta kaflans og fjalla svo með þeim um efnið. Hér eru nokkur athugunarefni sem geta verið kennaranum til hjálpar. Þau eiga við um dæmin um tengsl sem eru á bls. 84.

- Persónuleg tengsl. Þessi gerð samskipta liggur beinast við – manneskjurnar augliti til auglitis. Hér má vekja máls á gildi þess að þekkja fólk, að hafa fólk í kringum sig, einkum sína nánustu, ræða muninn á því að tala við foreldra sína í síma, senda tölvubréf eða smáskeyti eða að hafa þau nálægt sér. Ræða má samskipti innan fjölskyldu, við nágranna, skólafélaga, í strætó, á ferðalagi í útlöndum o.s.frv. Ræða einelti og önnur ofbeldisfull samskipti svo sem hermennsku. Ræða áhrif sem menn hafa orðið fyrir á framandi slóðum og borið með sér, svo sem um mataræði, hugmyndir og vísindi, jafnvel þar sem samskiptin hafa ekki ávallt verið friðsamleg (krossferðirnar, seinni heimsstyrjöldin).
- Verslunarvörur. Hér er átt við vörur sem bera með sér menningu, áhrif og gildi. Nefna má sem dæmi:
 - a) Kaffi sem félagsbundinn hressingardrykkur, kaffihús sem samskiptamiðstöðvar.
 - b) Kakó, tómatar, kartöflur, maís o.fl. vörur sem bærust frá Ameríku og festu rætur og sköpuðu ákveðna menningu í kringum sig í Evrópu.

- c) Hnífapör sem Spánverjar breiddu út á 16. öld og tengdust ákveðinni siðfágun.
- d) Kínverskt postulín sem þótti bera merki um fínleika og glæsibrag; á 18. öld sóttist heldra fólk í Evrópu eftir þessari vöru og reyndi svo að líkja eftir framleiðslu þess.
- e) kók (coca cola) sem tengt er við ákveðinn hressileika og samskipti og bandaríska menningu.

Í öllum tilvikunum bera vörurnar með sér menningu en mannfólkið, sem tekur við þeim, sveigir samt þessa menningu að sínu háttalagi að einhverju marki. Tengjum við ekki t.d. tómata (upprunna í Ameríku) og pasta (komið frá Kína upphaflega) við ítalska matargerð?

- Fréttir, frásagnir og hugmyndir sem berast með bókum og fjölmiðlum milli landa. Kennarinn getur beðið nemendur að nefna sem flestar gerðir og aðferðir við slíka miðlun og hverju þær miðla. Hann fær þá kannski eitthvað í þessum dúr (fyrir utan ýmislegt annað):
 - a) Kennslubókin sem er á borðum nemenda. Segir frá aðstæðum og sögu í ýmsum löndum.
 - b) Fréttir í sjónvarpi, útvarpi, á neti og í blöðum. Segja tíðindi frá öðrum löndum.
 - c) Bíómyndir í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og á myndbandi. Sýna lífshætti í útlöndum.
 - d) Sjónvarpsþættir og heimildamyndir. Fræða um líf og aðstæður.
 - e) Tónlist. Miðlar töktum og tilfinningum.
 - f) Ljósmyndir, málverk, munir. Sýna útlit hlutanna og fegurðarskyn íbúanna.
 - g) Netíð. Er brunnur sem hægt er að ausa fróðleik úr frá mörgum löndum (ef tungumálið er ekki vandamál).
 - h) Skáldsögur eða aðrar sögur. Gefa innsýn í hugsunarhátt, siði og aðstæður.
 - i) Fræðirit, alfræðibækur. Miðla fróðleik á skipulegan hátt.
- Sjúkdómar sem berast milli landa. Frá fornum dæmum af þessu er sagt í bókinni en þetta er veruleiki enn í dag. Á hverjum vetri er talað um „Asíuínflúensuna“, bólusetningar gegn henni, hvenær hún er komin til landsins o.s.frv. Bannað er flytja óunnin matvæli til landsins vegna sjúkdómahættu. Þegar farið er til fjarlæggra landa þarf að láta bólusetja sig við mismunandi sjúkdómum sem ekki eða lítið þekkjast hér. – Sjúkdómar eru ekki dæmi um mjög „persónuleg“ tengsl milli landa en þó var jafnan reynt að grafast fyrir um hverjir hefðu borið þá. Þetta kemur fram í annálum og skýrslum fyrri tíðar og hér hefur Jón Steffensen safnað saman lýsingum á upphafi og gangi bólusóttar.

- Tæki, áhöld og verklag. Í kaflanum er fjallað um skipagerðir en nýlegt og nærtækt dæmi um þetta er tölvutæknin og Netið sem náði misjafnlega fljótt fótfestu í löndum heimsins. Tækni og tæki henta misjafnlega aðstæðum á hverjum stað og tíma. Dæmi um tækni, sem Íslendingar tóku ekki upp þó að þeir þekktu hana vel og gerðu athuganir á kostum hennar og göllum, voru samgöngur með járnbrautarlestum. Enn má nefna prenttæknina sem Íslendingar tóku upp en héldu samt áfram að nota handritun sem fjölföldunar- aðferð (sjá kaflann „Var Ísland eitthvað einkennilegt?“). Vel má vekja máls á því að ekki er gefið að hin besta tækni (í einhverjum skilningi) hafi alltaf verið valin. Nefna má að kjarnorka þótti góður orkukostur þar til áhyggjur fóru vaxandi af geislun og slyshættu.

Hugmyndir á flakki

Hér getur hentað að ræða fyrst hvað átt er við með hugmyndum í þessum kafla. Allir þekkja orðið og vita hvað átt er við þegar t.d. er sagt: „Ég fékk góða hugmynd.“ Það sem hér er hins vegar um að ræða er heilt kerfi af hugmyndum sem eiga margt sameiginlegt og snúast um ákveðin málefni. Hér koma nokkrar hugmyndir (!) varðandi hugmyndir til að skýra málið.

- Er einhver hugmyndastefna ríkjandi í skólanum ykkar sem orða má með einföldum orðum eins og „einstaklingsmiðað nám“, „skóli án aðgreiningar“ eða „fjölmenningarstefna“?
- Trúarbrögð má kalla hugmyndastefnur þó að þeir sem trúa segi vafalaust að fleira sé fólgið í trúnni en hugmyndir. Innan ákveðinna trúarbragða hafa oft komið upp hugmyndastefnur sem vilja beina þeim í ákveðna átt eða leggja áherslu á vissa þætti þeirra fram yfir aðra. Sem dæmi um þetta er píetisminn (heittrúarstefnan) sem lét til sín taka í Pýskalandi og á Norðurlöndum á 18. öld og lagði m.a. áherslu á mikilvægi almenningsfræðslu, einkum lestrarkennslu (sjá námsefni 8. bekkjar). Innan íslam eru einnig margir hugmyndastefnur, sumar litlar en hávaðasamar, t.d. þær sem boða heilagt stríð.
- Er hægt að kalla tískustrauma hugmyndastefnu? Það er hugsanlegt því stundum ná hugmyndirnar til margra sviða, t.d. byggingastíls, klæðaburðar og umgengnisvenja. Þannig voru t.d. róttækir menn á dögum frönsku byltingarinnar kallaðir „síðbuxar“ af því að þeir klæddu sig ekki eins og aðalsmenn sem voru oftast í hnébuxum.

Ítarefni

Um heilsufar, sjúkdóma og lækningar á fyrri tíð er hægt að finna ítarefni með því að nota leitarvél bókasafnanna, <http://gegnir.is>, og leita undir orðunum lækningasaga og ungbarnadauði, enn fremur undir höfundanöfnunum Jón Steffensen og Jón Ólafur Ísberg. Einnig getur verið gagn að því að skoða safn sem hefur muni sem tengjast heilsufarssögunni, ekki síst læknaminjasafnið í Nesstofu á Seltjarnarnesi, sjá <http://www.natmus.is/syningar/utansafnsins/nesstofusafn/>

Frásagnir af bólusótt í annálum. Jón Steffensen tók saman frásagnir af því hvernig bólusótt barst til landsins og breiddist um landið.

Um skip á fyrri öldum eru tvö rit með miklu efni:

- Lúðvík Kristjánsson. 1982–1987. *Íslenskir sjávarhættir*. 1.–5. bindi. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Jón Þ. Þór. 2002. *Sjósókn og sjávarfang. Arabáta- og skútuöld*. Hólar, Akureyri.

Spurningar og verkefni

Einangrun frá sjúkdómum

1. Var það blessun eða bölvun að Ísland var tiltölulega einangrað frá sjúkdómum?
2. Í annálum er sagt frá farsóttum sem herjuðu á Ísland um aldirnar. Hér getið þið lesið nokkrar slíkar lýsingar á bólusótt.

Ár	Upprunaland	Frásagnir í annálum og skýrslum
1379–80	Noregur	
1616–17	England	Var mjög krankfellt af bólusótt sem gaus upp í Dölum vestra. Hafði sonur Gottskálks í Hundadal siglt til Bretlands og kom aftur sýktur af þessari sótt. En þessi sýki barst þegar úr Vestfirðingafjórðungi í hina fjórðungana þrjá og olli miklum manndaða meðal yngra fólks, en fáum, sem þrítugir voru orðnir, olli hann líf eða heilsutjóni.
1635–37	England	Sýki þessi barst fyrst frá breskum sjómanni í Dýrafjörð vestra, magnaðist smátt og smátt og gekk yfir báðar strandlengjur landsins, sem sé norðanlands og sunnanlands. Hún fór hægt og seint yfir þangað til hún settist að Austurlandi á báða bóga þar sem hún nú, 1637, er ekki enn kulnuð út heldur leikum lausum hala. (Upprunatextinn á latínu.)
1655–58	England	Það sumar kom út bólan á Vestfjörðum með engelskum... Bólan gekk í Grímsey svo hún nálega eyddi eyna og gerði þar 18 hjónaskilnaði.
1707–09	Danmörk	Þetta sumar kom út á Eyrarbyggðum klæðakista sú er átt hafði Gísli Bjarnason frá Vetleifsholti í Rangársýslu. Hafði Gísli siglt um sumarið anno 1706 upp á stúderingar en forðaðist bólusótt sem þá gekk í Kaupenhafn og ætlaði hingað aftur, tók bóluna á skipinu og andaðist á því. Var svo jarðaður í Noreg en kista hans og önnur plögg kom út hingað með skipinu og var heimflutt að Vetleifsholti eður Ási í Holtum. Þar bjó þá Bjarni faðir Gísla. Segja svo menn að dóttir Bjarna hafi fyrst upplokið klæðakistunni og strax þá sjúk orðið og lagst í sæng í bólusótt. Það er víst að strax sem kistan var upplokin kom bólusótt í landið, geysilega sterk, og dreifðist þegar í allar áttir strax um alþing og dó fólk hrönnum niður...
1741–43	Holland	Hin þriðja hollenska duggan forgekk austur lengst í Austfjörðum. Komust allir til lands og náðist mestallt góssið. Einn sjúkur maður var á þeirri duggu sem var bólusótt, hvar af orsakaðist að bólan fór að ganga fyrir austan.
1761–64	Holland	Bólan kom fyrir austan þar í firðina seint um sumarið. Þar var á land fluttur með bólunni hollenskur maður af duggu.
1766	Holland	Bólusótt gekk nú sterk á Vestfjörðum. Hún kom af hollenskri fiskiduggu sem bólufólk á lá...
1785–87	Danmörk	Sú á þessu ári í landið innkomna bólusótt byrjaðist fyrst á Hvaleyri við Hafnarfjörð hverja hér til landsins flutti undirassistent Christian Jacobæus sem um vorið reisti forvitnisferð til Kaupmannahafnar með póstduggunni og dvaldi þar 1 mánuð en á hingaðreisunni aftur kom á land í Helsingjaeyri og varð þar af henni inntekinn og kom hér aftur í land í ágúst-mánuði færandi þá bóluna með í segldúksstykki er haft hafði undir koju sinni um borð en seldi þá til manns á Hvaleyri.
1839–40	Frakkland	Þar svo óheppilega hefur tilviljað að franskur matrós hafði í fyrra komið henni (bólusóttinni) inni Vestmannaeyjar og hún þaðan hefur dreifst víða um Suðurland er ei örvænt hún útbreiðist um allt land hvar ekki er því betur kúabólusett...

- a) Hvaðan og hvernig barst sóttin?
- b) Hefði verið hægt að koma í veg fyrir eitthvað af bólusóttartilvikunum?
- c) Skiptir það máli hver það var hverju sinni sem kom með sjúkdóminn?

3. Berið saman bólusótt og ginklofa.
4. Var Peter Schleisner hetja?

Skip eins og útlendingar eiga

1. Er skiljanlegt að Íslendingar lögðu ekki í að koma sér upp stórum fiskiskipum (þilskipum, skútum) fyrr en á 19. öld?
2. Í kaflanum eru raktar ýmsar ástæður fyrir því að Íslendingar gerðu ekki út þilskip fyrr en leið á 19. öld. Veljið ykkur eina skýringu og haldið henni fram með sem flestum og bestum rökum.
3. Hefði það ekki verið mikil búbót ef Danakonungur hefði gefið eins og tíu þilskip til landsins á 17. eða 18. öld? Hefðu Íslendingar þá hafið fiskveiðar á skútum af krafti eins og útlendingar?

Hugmyndir á flakki

1. Við hvaða hugmyndastefnur er hægt að kenna þessar aldir á Íslandi?
 - a) 16. öld
 - b) 17. öld
 - c) 18. öld
 - d) 19. öld
2. Hvaða ókostir eru við að kenna heilar aldir við ákveðna stefnu?
3. "Galdraofsóknirnar bera vott um fáfræði manna á 17. öld." Er þetta rétt fullyrðing?
4. Út á hvað gekk upplýsingarstefnan?
5. Hverjir voru veikleikar upplýsingarstefnunnar?
6. Lýsir það hjátrú að vilja ekki borða hrossakjöt...
 - a) á 18. öld
 - b) nú á dögum

Lausnir

Einangrun frá sjúkdómum

1. Var það blessun eða bölvun að Ísland var tiltölulega einangrað frá sjúkdómum?

Þetta var tvíbent. Annars vegar sluppu landsmenn við sumar farsóttir, tímabundið eða alveg, en hins vegar gátu þær orðið mjög mannskæðar ef sóttir bárust þegar langt var um liðið frá síðasta faraldri og lítið eða ekkert ónæmi var fyrir þeim.

2. Í annálum er sagt frá farsóttum sem herjuðu á Ísland um aldirnar.

Hér getið þið lesið nokkrar slíkar lýsingar á bólusótt.

a) Hvaðan og hvernig barst sóttin?

Upplýsingarnar koma fram í lýsingunum.

b) Hefði verið hægt að koma í veg fyrir eitthvað af bólusóttartilvikunum?

Það er hugsanlegt en ekki fullkomlega nema með einangrun landsins og það er óraunhæft. Hægt er velta hverju einstöku dæmi fyrir sér.

c) Skiptir það máli hver það var hverju sinni sem kom með sjúkdóminn?

Í annálunum er gert talsvert úr þessu enda leggja menn jafnan mikið upp úr því hver eigi frumorsökina að hverjum hlut eða hver sé sökudólgurinn. Þetta getur átt við í einstaka tilvikum en erfitt er að segja hvort bólusóttin hefði ekki borist á annan hátt í staðinn.

3. Berið saman bólusótt og ginklofa.

Upplýsingar eru nægar í kaflanum til að gera þetta.

4. Var Peter Schleisner hetja?

Hér getur kennarinn efnt til skemmtilegrar umræðu um það hvað felst í því að vera hetja. Er einhver tregða hjá Íslendingum að telja Peter Schleisner vera hetju þar sem hann var danskur embættismaður á tímum sjálfstæðisbaráttunnar?

Skip eins og útlendingar eiga

1. Er skiljanlegt að Íslendingar lögðu ekki í að koma sér upp stórum fiskiskipum (þilskipum, skútum) fyrr en á 19. öld?

Um þetta er hægt að hafa mismunandi skoðanir ef færð eru rök fyrir þeim. Í kaflanum eru tíndar til ástæður til þessa og þau felast einkum í því að í þessu felist of mikil áhætta og að það sé óhagkvæmt.

2. Í kaflanum eru raktar ýmsar ástæður fyrir því að Íslendingar gerðu ekki út þilskip fyrr en leið á 19. öld. Veljið ykkur eina skýringu og haldið henni fram með sem flestum og bestum rökum.

Hér er fyrst og fremst verið að tryggja að nemendur hafi skilið rökin sem færð eru fram í kaflanum, að þeir geti orðað þau á sinn eigin hátt.

3. Hefði það ekki verið mikil búbot ef Danakonungur hefði gefið eins og tíu þilskip til landsins á 17. eða 18. öld? Hefðu Íslendingar þá hafið fiskveiðar á skútum af krafti eins og útlendingar?

Ekki er nóg að fá góða gjöf heldur þarf að kunna að nýta hana og til þess hefði a.m.k. kosti þurft ...

- iðnaðarmenn sem gátu tjargað skipin, saumað og lagað segl, smíðað og bætt o.s.frv.,
- þéttbýli fyrir iðnaðarmennina að búa í og framfleyta sér á öllum tímum árs,
- sjómenn á skipin, sem ekki þurftu að hlaupa í búskap eins og vermenn gerðu ef ætlunin var að lengja vertíðina og róa meiri hluta ársins,
- eignamenn (fjárfesta) með nógu mikla peninga til að geta haldið skipunum úti, þolað tjón og tap á köflum og bætt nýjum skipum við.

Málið er hins vegar að Danakonungur gaf skip til landsins á 18. öld! Þetta var í formi styrkja til Innréttinganna til að stunda þilskipaútgerð, síðan til Almenna verslunarfélagsins sem tók við starfseminni og loks var útgerðin á vegum konungsvaldsins sjálfs. Samtals var um 40–50 skip að ræða en reksturinn gekk illa og tap var á starfseminni nær allan tímann. Danir voru framan af í flestum störfum í þessari útgerð en Íslendingar tóku einnig þátt í þessu og smám saman lærðu þeir betur til verka og aðstæður sköpuðust til að þilskipaútgerð gæti borgað sig.

Hugmyndir á flakki

1. Við hvaða hugmyndastefnur er hægt að kenna þessar aldir á Íslandi?

- a) 16. öld – siðskiptatími, mótmælendatrú, lútherstrú
- b) 17. öld – lærdómsstefna/formenntastefna (húmanismi), galdrahyggja
- c) 18. öld – upplýsingarstefna, píetismi
- d) 19. öld – rómantik, þjóðernisstefna, frjálshyggja, jafnaðarstefna

2. Hvaða ókostir eru við að kenna heilar aldir við ákveðna stefnu?

Mismikill hluti fólksins er undir áhrifum af stefnunum. Stefnurnar fylgja ekki endilega öldum.

3. „Galdraofsóknirnar bera vott um fáfræði manna á 17. öld.“

Er þetta rétt fullyrðing?

Ekki ef átt er við skort á skólalærdómi því að forvígismenn í galdraofsóknum voru oft vel lærðir menn, t.d. Páll Björnsson í Selárdal. Hins vegar getum við haldið fram að þessir lærðu menn hafi haft rangt fyrir sér.

4. Út á hvað gekk upplýsingarstefnan?

Þetta kemur fram í kaflanum.

5. Hverjir voru veikleikar upplýsingarstefnunnar?

Kemur fram í kaflanum.

6. Lýsir það hjátrú að vilja ekki borða hrossakjöt ...

- a) Á 18. öld. – Að áliti sumra upplýsingarmanna, já. En andúðin var gömul og rótgróin og sumir vilja virða siði þó að þeir eigi ekki skynsamlegar skýringar.
- b) Nú á dögum. – Nú er þetta oftast smekksatriði en þó er aldrei að vita nema einhver gömul andúð hafi áhrif á smekkin.

